SNORRI JÓNSSON

*Samflot á gúmmí-tuðrum til Færeyja*

• ferðir • heilsa

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



17. JÚNÍ

*Skrúðgöngur, tónlist og almenn hátíðahöld*

Sérblað um 17. júní

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.



SÉRBLAÐ UM RAFBÍLAVÆÐINGU

2012 – Nýtt upphaf

plögg – Beint í bílinn

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. júní 2009 — 142. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MIÐVIKUDAGUR



**Heimildarmynd um íslam**

Ilmur Kristjánsdóttir undirbýr heimildarmynd um íslam á Íslandi.

FÓLK 34



**Sterkasti maður Íslands**

Keppt í trukkadrætti í Vonarstræti í dag.

FÓLK 34

**Sósíalismi hinna ríku**

„En hin nýja tegund gervikapítalisma þar sem tapið fellur á ríkið en hagnaðurinn er einkavæddur, er dæmd til að mistakast,“ skrifar Joseph Stiglitz.

Í DAG 16



**Skorar á þjóðina**

Guðmundur Guðmundsson vill að landsmenn troðfylli Laugardalshöllina í dag.

ÍÞRÓTTIR 30

**VEÐRIÐ Í DAG**




**VÍÐA BLAUTT** Í dag verða norðaustan 8-13 m/s norðvestan til annars yfirleitt hæg breytileg átt. Víða dálítil rigning en skúrir sunnan til með ágætum uppstyttum. Hiti 8-16 stig, svalast á annesjum norðaustan til.

VEÐUR 4

# Tugir með kannabis-rækt sem aðalstarf

**Um sjötíu manns hafa verið handteknir á árinu vegna kannabisræktunar. Talið er að þeir hafi flestir haft sinn aðalstarfa af ræktuninni. Yfirlæknir á Vogi segir mjög varlega áætlað að Íslendingar neyti rúmlega tonns af kannabis árlega.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla hefur upprætt fjörutíu kannabisræktanir á árinu, lagt þar hald á tæplega 7.000 plöntur og handtekið um sjötíu ræktendur. Talið er að langflestir þeirra hafi haft sinn aðalstarfa af kannabisframleiðslunni.

Ræktendurnir eru flestir ungir karlmenn, ekki óreglumenn heldur fagmenn með fé á milli handanna. Tengsl eru á milli sumra þeirra sem staðið hafa fyrir aðskildum ræktunum, að sögn Karls Steinars Valssonar, yfirmanns fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. „Og við erum auðvitað að skoða hvaða hópar þar búa að baki. Það er hluti af rannsóknumokkar á þessum málum.“

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, segir að erfitt sé að leggja mat á það hversu mikil almenn neysla kannabisefna sé úti í þjóðfélaginu. Þó bendi ýmsar kannanir til þess að á bilinu fjórðungur til þriðjungur íslensku þjóðarinnar neyti kannabisefna árlega eða oftar.

Þórarinn segir neyslumynstur að breytast að því leyti að þeir séu í fyrsta sinn að fá inn til meðferðar fólk allt upp í 35 ára sem þjáist eingöngu af kannabisfíkn. Áður hafi kannabisfíklar yfirleitt verið kornungir, en eldra fólk þá búið að leiðast út í harðari efni.

Þá segir Þórarinn það mjög varlega áætlað að heildarneysla Íslendinga á kannabis á ári sé rúmt tonn, eins og fram kom í nýlegri skýrslu SÁÁ. „Þetta er algjört lágmark,“ segir hann. - sh / sjá síðu 12



**VATNSGJÖRNINGUR** Þessi hópur frá Hinu húsinu flutti gjörning á horni Laugavegs og Vatnsstígs í gær í tilefni af því að 100 ár voru liðin frá því að vatni var fyrst hleypt af brunahana í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Actavis skuldar þremur bönkum hátt í átta hundruð milljarða íslenskra króna:

# Risalán á gjalddaga eftir ár

**VIÐSKIPTI** Skuldir Actavis í tengslum við yfirtöku Novators, félags Björgólfs Thors Björgólfssonar, í júlí fyrir tæpum tveimur árum nema um 750 milljörðum króna. Björgólfur er stjórnarformaður Actavis.

Þetta á einungis við um skuldbindingar félagsins gagnvart Deutsche Bank, Landsbankanum og Kaupþingi.

Deutsche Bank lánaði Novator fyrir nærri allri yfirtökunni á sínum tíma, eða í kringum fjóra milljarða evra. Lánið er til þriggja ára og á gjalddaga á næsta ári.

Allar skuldir Novators vegna kaupanna fluttust yfir á Actavis eftir yfirtökunnar.

Landsbankinn og Kaupþing lánuðu hundrað milljónir evra hvor í tengslum við yfirtökuna.

Landsbankinn lánaði Björgólfi 200 milljónir evra, jafnvirði 35 milljarða króna á núvirði.

Skuldbindingarnar félaga tengdum Björgólfi Thor gagnvart Landsbankanum koma ekki fram í ársreikningum bankans. Þess þarf ekki þar sem Björgólfur Thor sat aldrei í stjórn bankans, samkvæmt upplýsingum frá endurskoðendum bankans.

Björgólfur Thor átti rúman fjörutíu prósenta hlut í Landsbankanum ásamt Björgólfi Guðmundssyni, föður sínum, sem jafnframt var formaður bankaráðs Landsbankans. - jab / Sjá Markaðinn

Þjóðhátíðardagurinn í dag:

## Hátíð í 66. sinn

**SAMFÉLAGSMÁL** Íslendingar halda 17. júní hátíðlegan í sextugasta og sjötta sinn í dag því þjóðin á 65 ára sjálfstæðisafmæli í dag.



**ÞJÓÐHÁTÍÐ** Hátíðarhöld verða um land allt

Venju samkvæmt verður mikið um hátíðarhöld víða um land. Í höfuðborginni munu eflaust margir vakna við samhljóm kirkjuklukkna sem byrjar skömmu fyrir tíu. Hátíðardagskrá hefst á Austurvelli 20 mínútur fyrir ellefu. Þar mun Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, leggja blómsveig frá Íslendingum að minnisvarða um Jón Sigurðsson. Sjálfstæðishetjan okkar hefði orðið 198 ára í dag en hann fæddist á Hrafnseyri í Arnarfirði árið 1811. Skrúðganga hefst síðan frá Hlemmi 20 mínútur í tvö. -jse/ sjá sérblað

K. S. Ravikumar:

## Óvæntur gestur frá Kollywood

**KVIKMYNDIR Tamílski leikstjórinn K.S Ravikumar er á leiðinni til Íslands til að taka upp ástaratriði, hasaratriði og myndskot við lag fyrir sína nýjustu kvikmynd. Svo virðist sem mikill áhugi sé hjá indverskum kvikmyndagerðarmönnum á að koma til Íslands og gera bíómyndir. Tvær tamílskar stórstjörnur koma væntanlega til landsins vegna kvikmyndarinnar þótt flest allt í tengslum við þessa óvæntu heimsókn sé á huldu.** -fgg / sjá síðu 34

Laser-aðgerðir á augum:

## Aðgerðir góð útflutningsvara

**HEILSA** Útlendingar flykkjast til landsins til þess að gangast undir laser-aðgerðir á augum en gríðarleg eftirspurn er eftir aðgerðunum á Íslandi um þessar mundir.



**ÞÓRÐUR SVERRISSON**

„Erlend kona sem hélt upp á gullbrúðkaup sitt hér á landi um daginn kom hingað með börnin sín fimm og sagði: Ég vil að við lögum augun í okkur öllum,“ segir Þórður Sverrisson, augnlæknir hjá Lasersjón, öðru tveggja fyrirtækja á Íslandi sem sérhæfir sig í laser-aðgerðum á augum.

Þórður og Jóhannes Kári Kristinsson, augnlæknir hjá Sjónlagi, segja stærstan hluta útlendinganna koma frá Færeyjum, þar sem ekkert laser-tæki er til.

Eftirspurn útlendinga eftir aðgerðum má rekja til gengisfalls krónunnar. -mmf/sjá allt í miðju blaðsins

SUMARÞJÓNUSTA

2 | FRÉTTIR

Viðbótarsýning Frétta Stöðvar 2 og Íslands í dag kl. 21.00 alla virka daga á Stöð 2 Extra

SUBWAY Opið allan sólarhringinn
N1 Ártúnshöfða • N1 Hringbraut

## SPURNING DAGSINS



*Hrafnkell, meikar ekki „sense“ að spila á gítar lengur?*

„Jú, sveitaböllin eru í blússandi uppsveiflu og því meikar fullkominn sense að spila á gítar.“

Hrafnkell Pálmarsson, gítarleikari hljómsveitarinnar Í svörtum fötum og Eyjólfur Jóhannsson, gítarleikari SSSól, vinna saman í versluninni Sense Center í Kringlunni.

Norðurlöndin beita sér saman fyrir metnaðarfullum samningi í Kaupmannahöfn:

# Rannsóknir í loftlagsmálum í forgang

**STJÓRNMÁL** Norrænu ríkin ætla að leggja meiri áherslu á vistvænar lausnir og vera öðrum til fyrirmyndar við að byggja upp samfélög þar sem lítið er losað af lofttegundum sem skaða andrúmsloftið.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu norrænu forsætisráðherranna um loftlagsmál sem samþykkt var á Egilsstöðum á sunnudag.

Í henni segir að Norðurlöndin ætli að setja rannsóknir í loftlagsmálum í forgang og að draga beri úr koltvísýringslosun frá samgöngum með betri orkunýtingu og nýjum orkulausnum.

Þá lýsa forsætisráðherrarnir yfir að þeir ætli að vinna markvisst að því að ná fram metnaðarfullum samningi á loftlagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í desember.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** Norrænu forsætisráðherrarnir ætla að beita sér sameiginlega fyrir minni mengun á jörðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/BÞS

Stendur vilji þeirra til að eigi síðar en árið 2020 beri að stöðva frekari aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda og að 2050 verði dregið úr losuninni um helming.

Forsætisráðherrarnir vilja að á Kaupmannahafnarráðstefnunni náist sátt um raunhæfar losunaráætlanir og fjármögnun. Auðugri ríkjum beri að fjármagna aðgerðir sem stuðla að því að fátækustu ríkin nái mælanlegum markmiðum um minni losun. Þá beri að koma á alþjóðlegum koltvísýringsmarkaði þar sem koltvísýringur verði verðlagður svo hægt verði að breyta hagkerfum og draga verulega úr losun. **- bþs**

Fyrrverandi þingmaður:

# Sigurður Kári aðstoðarmaður

**STJÓRNMÁL** Sigurður Kári Kristjánsson, fyrrverandi alþingismaður, hefur verið ráðinn sem aðstoðarmaður formanns Sjálfstæðisflokksins, Bjarna Benediktssonar.

Sigurður Kári segist í tilkynningu vera „mjög þakklátur fyrir að fá tækifæri til þess að starfa áfram á vettvangi stjórnmálanna“.

Sigurður Kári lauk embættisprófi frá Háskóla Íslands 1998 og hefur setið í háskólaráði, í stjórn Heimdallar og SUS. Hann settist á Alþingi árið 2003 og sat þar uns hann datt út í síðustu kosningum. **- kóþ**

Nýtt farfuglaheimili:

# Tvöföldun farfuglaheimila

**FERÐIR** Fjöldi farfuglaheimilanna á höfuðborgarsvæðinu tvöfaldaðist á dögunum þegar nýtt farfuglaheimili var opnað í gömlu húsi við Vesturgötuna, þar sem Fornbókabúð Braga Kristjónssonar var áður til húsa.



**SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR**

Sömu eigendur eru að báðum farfuglaheimilunum í höfuðborginni og segir Sigríður Ólafsdóttir, rekstrarstjóri, að vilji hafi verið til að bjóða upp á aðra staðsetningu heldur en Laugardalinn. „Einhverjir leggja upp úr því að vera nær miðbænum, þar sem allt er að gerast en vilja samt hostel-andrúmsloftið og heimilislegheitin.“

**-mmf /** **sjá allt í miðju blaðsins**



**HVERT FÓRU VEGGIRNIR?** Þarna voru útveggirnir fyrir helgi en á mánudag greip Gunnar Ingi í tómt. Þarna eru enn stoðveggir sem látnir eru styðja við útveggina meðan verið er að koma þeim fyrir. Óvíst er nú hvenær það verður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kjallara stolið um helgina við Úlfarsfell

**Fjórum rekkum með útveggjum fyrir heilan kjallara var stolið um helgina. Sérstakan einingavagn þarf til að fjarlægja slíka rekka og fáir eiga slíka vagna.**

**LÖGREGLUMÁL** „Hvað sem allri spillingu líður þá er þetta örugglega stærsti þjófnaður ársins, alla vega í kílóum talið,“ segir Gunnar Ingi Arnarsson en hann komst að því á mánudagskvöld að búið var að stela af honum og félaga hans byggingareiningum sem áttu að verða útveggir á kjallara parhúss sem þeir eru að reisa í Úlfarsárdal.

Veggirnir voru á fjórum rekkum sem hver um sig vegur 25 tonn þannig að þjófarnir höfðu á brott með sér 100 tonn. Alls nemur tjónið um sjö milljónum króna. Hann segir að íbúi í Úlfarsárdal hafi séð rekkana fulla á fimmtudag og telur Gunnar Ingi líklegast að þjófarnir hafi látið greipar sópa á föstudagskvöld eða á laugardag.

„Lögreglan ætlaði ekki að trúa mér þegar ég tilkynnti þetta enda kannski ekki mikið um það að heilli hæð sé stolið af fólki,“ segir hann. „Það sem er líka undarlegt í þessu er að það þarf sérstakir einingavagna til að taka þessa rekka í burtu og það eru ekki margir sem búa yfir slíkum tækjum,“ segir Gunnar Ingi. Hann segir ljóst að þjófarnir hafi þurft að gefa sér góðan tíma til verksins því um hálftíma til þrjú korter taki að fjarlægja hvern rekka. „Þetta tæki því heilan dag ef hver rekki er tekinn, ferjaður og síðan komið eftir þeim næsta,“ segir hann.

Gunnar Ingi og Arinbjörn Marinósson, sem reisir parhúsið á móti honum, hafa steypt sökkla og var ráðgert að gera kjallarann tilbúinn í sumar.

Hann vonast til þess að einhverjir getið gefið upplýsingar um ferðir stórra flutningatækja með rekka í Úlfarsfellinu um síðustu helgi svo lögreglan hafi meiri upplýsingar til að vinna úr. „Ég er búinn að skanna allt höfuðborgarsvæðið sjálfur og fann á einum stað einingar þannig að það er ekki mikið um þetta um þessar mundir,“ segir hann. Hann segist ekki vita hvað menn hyggist fyrir með einingarnar en þær eru sérhannaðar fyrir parhús þeirra félaga sem hafi verið samþykkt af byggingarfulltrúa. „Þannig að það er ekki hlaupið að því að setja þetta upp einhvers staðar annars staðar nema þá með því að svindla eitthvað.“

**jse@frettabladid.is**

Ráðgjafi sérstaks saksóknara:

# Réttarkerfið sé sniðið fyrir ríka

**RÉTTARFAR Réttarkerfi Vesturlanda er sniðið að því að dæma fólk úr lægri stéttum, en erfiðara er að dæma ríkt fólk, segir Eva Joly, ráðgjafi sérstaks saksóknara.**



**EVA JOLY**

**Ríkt og valdamikið fólk sleppi jafnvel við refsingar, eftir að hafa verið dæmt.**

**Eva rifjaði upp í samtali við Stöð 2 að níu ár hafi liðið frá upphafi Elf-rannsóknarinnar í Frakklandi og þar til einstaklingarnir voru leiddir fyrir dóm. Því geti liðið langur tími uns dæmt verði fyrir hugsanleg ólögleg viðskipti hér á landi, í tengslum við bankahrunið.**

**Eitt sem hinir valdamiklu grípi til, þegar þeir telja sér ógnað, sé að ausa þá auri sem rannsaki málin.** **- kóþ**



**FRÁ VERÐLAUNAAFHENDINGU** Forseti Íslands heiðraði Helga Tómasson á Grímuhátíðinni í gær fyrir framúrskarandi ævistarf í þágu dansins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Forseti á Grímuverðlaunum:

# Helgi Tómasson heiðraður í gær

**MENNING Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti Helga Tómassyni, listrænum stjórnanda San Francisco-ballettsins, heiðursverðlaun Leiklistarsambands Íslands á Grímuhátíðinni í gær.**

**Helgi var heiðraður fyrir framúrskarandi ævistarf í þágu danslistarinnar. Hann lærði ungur ballett á Íslandi og fór til Danmerkur að nema frekar þegar hann var fimmtán ára. Þar var honum boðinn styrkur til náms í Bandaríkjunum. Helgi kom síðast fram sem dansari árið 1985 hjá New York City Ballet.**

**Grímuhátíðin hefur verið haldin árlega síðan 2003.** **- kóþ/****sjá síðu 28**

Ímyndarmæling Fortuna:

# Bankar haldi sig á mottunni

**VIÐSKIPTI** Verulegs óþols gætir meðal fólks í garð bankanna og auglýsinga þeirra.

Í árvissri rannsókn markaðsrannsóknafyrirtækisins Fortuna á viðhorfum fólks kemur fram að fjármálafyrirtæki geta lítið gert til að bæta ímynd sína og stöðu. Í besta falli geti þau reynt að vekja ekki frekari neikvæðar tilfinningar í sinn garð.

Vonbrigði, vantraust og reiði eru þær tilfinningar sem fólk ber helst í brjósti í garð bankanna, þótt einnig örli á von um betri tíð. Algengt er hins vegar að fólk tali um að bankarnir eigi að „hafa sig hæga“ eða jafnvel „halda sér á mottunni“. **- óká /** **sjá Markaðinn**

## AKUREYRI

### Bíladagar hefjast í dag

Gestir voru að byrja að streyma til Akureyrar í gærkvöldi að sögn lögreglunar þar en Bíladagar hefjast þar í dg. Búist er við fjölmenni á hátíðinni eins og undanfarin ár.

## VERSLUN

### Iceland-keðjan hagnast

Breska verslunarkeðjan Iceland, sem Landsbankinn eignaðist hlut í þegar Baugur fór í greiðsluþrot, tekur ekki þátt í efnahagssamdrætti heimsins, segir forstjóri hennar. Sala hafi aukist um sextán prósent milli ára og nettóhagnaður fyrir skatta aukist um 84 prósent. Landsbankinn á fjórtán prósent í Iceland.

Fjármálaráðherra vill breyta lögum um kjararáð svo það ákvarði víðar:

# Bankastjórar heyra undir kjararáð

**EFNAHAGSMÁL** Bankastjórar ríkisbankanna, forstjóri Landsvirkjunar og útvarpsstjóri eru meðal fjölmargra forstöðumanna ríkisstofnana sem munu hér eftir þiggja laun samkvæmt ákvörðunum kjararáðs, nái frumvarp fjármálaráðherra í þá veru fram að ganga.

Markmið frumvarpsins er að laga rekstur ríkisins að gjörbreyttum efnahagslegum raunveruleika til að mæta tekjusamdrætti, segir í greinargerð við það.

Því bætist við verkefni kjararáðs að taka ákvörðun um launakjör forstöðumanna hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meirihluta í eigu ríkisins, ásamt ákvörðunum um laun forstöðumanna félaga sem eru í eigu fyrrgreindra félaga. **- kóþ**



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Steingrímur Jóhann Sigfússon hefur samið frumvarp til laga um breytingar á lögum um kjararáð og fleiri lögum. Forstöðumenn Fjármálaeftirlits og Seðlabanka verða nú undir kjararáð settir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## UNDIR KJARARÁÐI:

- Kaupþing, Landsbanki, Íslandsbanki
- Flugstoðir, Íslandspóstur
- Keflavíkurflugvöllur, Matís
- Neyðarlínan, Orkubú Vestfjarða
- Rafmagnsveitur ríkisins, RÚV
- Byggðastofnun, Fjármálaeftirlitið
- Samkeppniseftirlitið, Seðlabankinn
- Íbúðalánasjóður, Nýsköpunarsjóður
- Landsvirkjun



# RAFBÍLAVÆÐING ÍSLANDS HEFST Í DAG!

## SPÖRUM 50 MILLJARÐA Á ÁRI
## NÝTUM INNLENDA ORKU

**2012** – *Nýtt upphaf* boðar Nýtt upphaf í notkun bíla á Íslandi.

Á 65 ára afmæli lýðveldisins Íslands er við hæfi að kynna eitt stærsta skref sem þjóðin getur tekið til sjálfbærni í samgöngum.

**Plögg** – *Beint í bílinn* er áskriftarkerfi fyrir rafbílaeigendur sem 2012 Nýtt upphaf setur upp. Kerfið veitir aðgang að neti rafhleðslupósta og hraðhleðslustöðva um land allt.

Kerfið verður að fullu uppsett fyrir árslok 2012

Með uppsetningu kerfisins verður rutt úr vegi hindrunum fyrir því að fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar geti nýtt sér rafbíla.

**2012** – *Nýtt upphaf* hefur m.a. fengið til liðs við sig eftirfarandi stuðnings- og samstarfsaðila:

### ÁVINNINGUR ÞJÓÐARINNAR ER ÓTVÍRÆÐUR:

- **Þjóðarímynd**
  - Hreint land fagurt land
- **Þjóðaröryggi**
  - Óháð takmörkuðum olíubirgðum (einungis 3 mánaða birgðir til af olíu í landinu)
- **Stöðugleiki**
  - Þjóðin er ekki bundin af sveiflum á olíuverði á erlendum mörkuðum
- **Hagkvæmni**
  - Sjálfbærni og nýting innlendrar orku
- **Betri nýting**
  - Fjárfestingar í virkjunum og raforkukerfum nýttar betur
- **Mannauður**
  - Ný störf og nýting innlendrar tækniþekkingar
- **Mengun**
  - Enginn $CO_2$ mengandi útblástur bifreiða
  - Minni hljóðmengun
- **Sparnaður**
  - Dýrmætur gjaldeyrir ekki notaður til olíukaupa
  - Viðhaldskostnaður minnkar um allt að tvo þriðju hluta
  - Orkukostnaður lækkar um allt að 75%
- **Stefna og markmið Ríkisstjórnar Íslands**
  - 2012 fellur fullkomlega að því markmiði Ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum, að Ísland standi við loftssagsskuldbindingar sínar
  - 2012 fellur að stefnu Ríkisstjórnarinnar um að mótuð verði heildstæð orkustefna sem miði að því að endurnýjanlegir orkugjafar leysi innflutta orku af hólmi

**Sýnið stuðning í verki**
Skráið ykkur sem stuðningsaðila á www.2012.is

Plögg – Beint í bílinn
2012 – Nýtt upphaf

## GENGIÐ 16.06.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,93 | 127,53 |
| Sterlingspund | 208,73 | 209,75 |
| Evra | 176,23 | 177,21 |
| Dönsk króna | 23,666 | 23,804 |
| Norsk króna | 19,754 | 19,87 |
| Sænsk króna | 16,235 | 16,331 |
| Japanskt jen | 1,3111 | 1,3187 |
| SDR | 195,37 | 196,53 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

215,8944

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stóraukin eftirspurn er eftir geymslurými eftir hrun fjármálakerfisins:

# Aukin vanskil eru mesti vandinn

**GEYMSLUPLÁSS** „Eftirspurn hefur aukist eftir hruninu,“ segir Hallgrímur Ragnarsson, framkvæmdastjóri Geymslur.com. Hann segir að fyrirtækið hafi nýlega opnað nýtt húsnæði sem smám saman er að fyllast.

Hann segir að fólk sé umtalsvert að hugsa sér til hreyfings og kanni möguleika á að flytja af landi brott um tíma og geyma persónulega muni hérlendis á meðan. Margir af hans viðskiptavinum selji stærri hluti sem dýrt er að geyma en haldi í smærri persónulega muni.

Hallgrímur segir að mál málanna sé þó ekki aukin eftirspurn heldur aukin vanskil. Hann segir að þrátt fyrir aukna eftirspurn eftir geymslum hafi þó aðallega verið aukning í vanskilum. Hallgrímur nefnir að margir af hans viðskiptavinum hafi lent illa í því í vetur þegar úttektarheimildir kreditkortanna voru lækkaðar.

Hallgrímur áætlar að um fimmta hvert kort sem er í viðskiptum við fyrirtækið hafi verið lokað eða yfir heimild. Það sé mikil breyting frá því sem áður var.

Geymslur.com eru á tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu, í Miðhrauni í Garðabæ og Fiskislóð á Granda. **- bþa**




**GEYMSLUPLÁSS** Geymslur.com opnuðu nýlega nýtt húsnæði við Fiskislóð á Granda. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Danmörk:

## Ógeðfelld slátrun á stolinni kú

**DANMÖRK Tæplega sjötugur maður hefur verið handtekinn fyrir að stela kú nágranna síns, skjóta hana og hluta sundur með vélsög. Maðurinn virðist hafa stolið kvígu frá nágranna sínum í grennd við bæinn Jyderup á Sjálandi, sagað hana niður í smástykki úti í skógi í grenndinni að því er fram kemur á vef danska dagblaðsins Berlingske tidende.**

**Hinn grunaði verður einnig sóttur til saka fyrir ólöglega vopnaeign en heima hjá honum fundust mörg vopn og skotfæri. Maðurinn sætir nú yfirheyrslu hjá lögreglu. - sbt**

Samnorræn lögregluaðgerð:

## 81 handtekinn fyrir vörslu á barnaklámi

**LÖGREGLUMÁL** Alls var 81 handtekinn fyrir vörslu og dreifingu á barnaklámi í sameiginlegri aðgerð Finna, Svía, Dana og Norðmanna. Lögreglan í þessum fjórum löndum lét til skarar skríða í bítið í gærmorgun og gerði tölvur upptækar auk þess sem menn voru handteknir. Aðgerðin hefur verið í undirbúningi í tvo mánuði. Lögreglan leitar einnig að börnum frá þessum löndum sem hafa verið misnotuð í tengslum við upptöku á klámefni en talið er að flestar myndirnar séu af börnum frá Suðaustur-Asíu og Austur-Evrópu. **- sbt**

Kosningabarátta hafin:

## Forsetinn með langmest fylgi

**AFGANISTAN, AP Tveggja mánaða kosningabarátta til forsetakosninga er hafin í Afganistan.**

**Samkvæmt nýrri könnun stendur forsetinn Hamid Karzai best að vígi, en 31 prósent aðspurðra sögðust myndu kjósa hann. Helsti andstæðingur hans, fyrrverandi utanríkisráðherrann Abdullah Abdullah, mælist aðeins með sjö prósenta fylgi. Næstur þar á eftir er fjármálaráðherrann fyrrverandi, Ashraf Ghani, sem mælist með aðeins fjögurra prósenta fylgi.**

**Alls býður 41 sig fram til forseta, þar á meðal eru tveir konur. Kosið verður 20. ágúst. - þeb**

### LEIÐRÉTTING

Utanaðkomandi lögfræðingar komust að þeirri niðurstöðu að stjórn Nýja Kaupþings gæti ekki afskrifað lán til hlutabréfakaupa starfsmanna bankans en ekki lögfræðisvið bankans eins og fram kom í blaðinu í gær.

# Fjölmennustu mótmæli síðustu þrjátíu ára í Teheran

**Tugþúsundir manna streymdu á götur Teheran, höfuðborgar Írans, í gær líkt og síðustu daga. Mótmælin eru vegna úrslita í forsetakosningum á föstudag. Að minnsta kosti sjö hafa látist.**

**ÍRAN, AP** Tugþúsundir Írana streymdu út á götur Teheran höfuðborgar Írans í gær, bæði til að mótmæla og fagna niðurstöðu forsetakosninganna sem fram fóru á föstudag. Mótmælin brutust út á laugardag eftir að úrslitin voru kunngjörð og hafa farið stigvaxandi síðan þá. Þó nokkrir létust í mótmælunum í fyrradag.

Mousavi forsetaframbjóðandi hafði hvatt stuðningsmenn sína til að láta af mótmælunum í gær til að koma í veg fyrir frekara ofbeldi. Þeir hlýddu þó ekki og streymdu út á götur. Stuðningsmenn Ahmadinejads forseta gerðu slíkt hið sama.

Hundrað þúsunda mótmæltu á götum Teheran á mánudag og hafa þau ekki verið fleiri frá írönsku byltingunni árið 1979. Íranskar útvarpsstöðvar sögðu að sjö mótmælendur hið minnsta hefðu verið skotnir eftir að þeir réðust á varðstöð hersins. Í gær hafði fjölmiðlum verið meinaður aðgangur að mótmælasvæðum og því var ekki hægt að greina frá hversu fjölmenn mótmælin voru, þó vitni hafi sagt þau enn stærri en á mánudag.

Niðurstaða kosninganna varð sú að Mahmoud Ahmadinejad var endurkjörinn forseti með 64 prósent atkvæða en Hossein Mousavi varð annar með 36 prósent. Mousavi og aðrir forsetaframbjóðendur, hafa farið fram á að kosningarnar verði úrskurðaðar ógildar. Íranska byltingaráðið, sem er æðsta löggjafarvaldið í Íran, tilkynnti í gær að það hygðist endurtelja atkvæði á þeim svæðum þar sem naumt var á milli frambjóðenda. Það ætlar hins vegar ekki að ógilda kosningarnar eins og Mousawi og aðrir forsetaframbjóðendur hafa farið fram á. Stjórnarandstæðingar segja að meira en milljón atkvæði hafi farið forgörðum í kosningunum.

Æðsti klerkurinn Ayatollah Ali Khamenei hefur kallað eftir þjóðarsátt og því að Íranir sameinist í stuðningi við byltingarráðið. Hann fundaði með öllum fjórum frambjóðendunum í gær.

**kristjan@frettabladid.is**
**thorunn@frettabladid.is**



**TIL STUÐNINGS FORSETANUM** Stjórnvöld í Íran gáfu út þessa mynd í gær, af útifundi til stuðnings forsetanum. Stjórnvöld skipulögðu fundinn sjálf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FRELSISTORGIÐ** Hundruð þúsunda Írana komu saman til að mótmæla við Frelsistorgið í Teheran á mánudag til stuðnings Mir-Hossein Mousavi. Fjölmiðlum var í gær bannaður aðgangur að mótmælunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**ÚRSLITUNUM MÓTMÆLT** Einkennislitur í kosningabaráttu Mirs Hosseins Mousavi var grænn og var liturinn áberandi á mótmælum síðustu daga. Þessi kona vildi vita hvað hefði orðið af atkvæði hennar, en stjórnarandstæðingar hafa sagt að meira en milljón atkvæða hafi farið forgörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**17. JÚNÍ Í VÆTU**
Þennan þjóðhátíðardag eru horfur á vætu víðast hvar á landinu. Sýnu þurrast verður reyndar á Vestfjörðum en það er þó bót í máli að vindur er víðast hægur og því hægt að hafa regnhlíf án þess að hún fjúki mikið til. Reyndar mun blása norðvestanlands og á Vestfjörðum en þar er, eins og ég segi að sjá að verði einna þurrast.



**Á MORGUN**
5-13 m/s , hvassast með ströndum NA-til og SV til

**FÖSTUDAGUR**
10-15 m/s á annnesjum A- til annars hægviðri

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Amsterdam | 20° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 17° |
| Eindhoven | 20° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 23° |
| New York | 19° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 18° |
| París | 23° |
| Róm | 30° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Sumarleikur

## Atlantsolíu

**Fáðu þér dælulykil á www.atlantsolia.is.**



## Einn viðskiptavinur á dag fær áfyllinguna endurgreidda!

Með því að nota dælulykilinn tekur þú sjálfkrafa þátt í **sumarleik Atlantsolíu.**
Dælulykillinn - lykill að **Sumarleik Atlantsolíu.**

Sumarleikurinn stendur til 3. ágúst.

PIPAR • SÍA • 91017

**ATLANTSOLIA**

Atlantsolía / Lónsbraut 2 / 220 Hafnarfjörður / Sími 591 3100 / www.atlantsolia.is

**Hér færðu dælulykil >>** kemi akron Aðalskoðun MÁLNINGARVÖRUR EHF. AB VARAHLUTIR - ALLTAF BETRI

## KJÖRKASSINN



*Telur þú að leyfa ætti staðgöngumæðrun á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 74,9 |
| Nei | 25,1 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Sérðu eftir Gunnari Birgissyni sem bæjarstjóra í Kópavogi?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is vísir

Framsóknarmenn og forseti Alþingis túlka þingskaparlögin með ólíkum hætti:

# Tek hart á misnotkun dagskrárliðarins

**ALÞINGI** Ágreiningur um túlkun þingskaparlaganna kom upp á þingfundi í gær.

Tveir þingmenn Framsóknarflokksins, Eygló Harðardóttir og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður, tóku til máls undir liðnum fundarstjórn forseta og báru fram óskir; annars vegar um að forseti beitti sér fyrir því að fundur yrði haldinn í menntamálanefnd og hins vegar að forsætisráðherra kæmi fyrir þingið á næstunni.

Ásta R. Jóhannesdóttir þingforseti flokkaði málflutninginn ekki til athugasemda um fundarstjórn og stöðvaði þingmennina í ræðum sínum með bjölluslætti.



HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON



ÁSTA R. JÓHANNESDÓTTIR

Tók þá Höskuldur Þórhallsson til máls og sagði Ástu túlka þingskaparlögin með allt öðrum og þrengri hætti en tíðkast hefði í ár og áratugi. „Hún túlkar lögin þannig að ekki eigi að ræða fundarstjórn forseta nema verið sé að setja út á sjálfa fundarstjórnina. Við teljum að undir þeim lið eigi líka að ræða ýmsar ákvarðanir forseta, hvort halda beri fundi í nefndum og fleira,“ sagði Höskuldur í samtali við Fréttablaðið. „Og ég held að það sé raunar til skammar hvernig hún hagar sér á bjöllunni.“

Ásta kveðst hafa ákveðið að vera umburðarlynd gagnvart þessum dagskrárlið fyrstu vikur þingsins enda nýir þingmenn enn að læra þingsköpin. Hún hafi svo rætt málið nýverið við formenn þingflokka. „Ég sagði þeim að upp frá því tæki ég hart á misnotkun dagskrárliðarins,“ segir Ásta. - bþs

Fangelsi og ævilöng svipting:

# Margoft tekinn fullur á bílnum

**DÓMSMÁL** Rétt rúmlega tvítugur maður hefur verið dæmdur í níutíu daga fangelsi og ævilöng svipting ökuréttar áréttuð.

Í mars var hann tekinn fullur undir stýri, og ökuréttindalaus að auki. Í júní var hann aftur tekinn og þá var eins ástatt um hann.

Hann játaði brot sín.

Maðurinn á langan sakaferil að baki þrátt fyrir ungan aldur. Þar má nefna þjófnaðarbrot og ölvunarakstur. Á síðasta ári var hann dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir gripdeild, sviptingar- og lyfjaakstur og hraðakstur og jafnframt sviptur ökurétti ævilangt. Hann rauf skilorð nú. - jss

Norður-kóreska útvarpið:

# Segja blaðakonur hafa játað

**NORÐUR-KÓREA, AP** Bandarísku blaðakonurnar, sem handteknar voru í Norður-Kóreu fyrir að hafa farið ólöglega inn í landið, hafa játað sök, að sögn norður-kóreska ríkisútvarpsins. Konurnar tvær, Laura Ling og Euna Lee, voru dæmdar í tólf ára þrælkunarvinnu eftir að þær voru fundnar sekar um að hafa farið á ólöglegan hátt inn í Norður-Kóreu.

Að sögn útvarpsstöðvarinnar viðurkenndu konurnar einnig að hafa tekið upp myndefni sem átti að nota til að sýna meint mannréttindabrot í Norður-Kóreu.

Fjölskyldur Ling og Lee segja að þær hafi ekki ætlað að fara yfir landamærin. Þær óttast að konurnar verði notaðar sem peð í samningaviðræðum stjónvalda í Washington og Pyongyang, en hitnað hefur undir samskiptum þjóðanna. - kh

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ökumenn stöðvaðir

Rúmlega fjögur hundruð ökumenn voru stöðvaðir undir Ingólfsfjalli á laugardags- og sunnudagsmorgun í þriggja tíma umferðarátaki hvorn morgun. Nokkrum ökumönnum var gert að hætta akstri vegna ölvunar.

## HAFNARFJÖRÐUR

### Ánægja með lánið á Prius

Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar segir Prius-tvinnbíla sem bærinn fékk að láni hjá Toyota hafa vakið ánægju og áhuga starfsmanna bæjarins á umhverfisvænum farartækjum.

## SPÁNN

### Tvær herþotur hröpuðu

Tvær F-18 herþotur frá spænska flughernum hröpuðu á æfingu í gær. Vélarnar rákust á í 29 þúsund feta hæð og hröpuðu báðar í sjóinn. Flugmennirnir í báðum vélum komust út úr vélum sínum og var bjargað úr sjónum.



**ODDVITARNIR Á KOSNINGAKVÖLDI** Þarna sjást oddvitarnir á kosningakvöldi árið 2006. Guðríður og Gunnar ásamt mökum og síðan Ómar lengst til hægri. Nú er spennan mikil í Kópavogi rétt eins og þetta sumarkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Íhuga að fara fram á opinbera rannsókn

**Samfylkingin í Kópavogi íhugar að fara fram á opinbera rannsókn á viðskiptum bæjarins við Frjálsa miðlun. Samkomulag Gunnars og framsóknarmanna tók einhverjum breytingum en Gunnar mun víkja.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar í Kópavogi íhuga að fara fram á að opinbera rannsókn á viðskiptum Kópavogsbæjar við fyrirtækið Frjálsa miðlun. Gunnar I. Birgisson mun víkja úr bæjarstjórastólnum vegna þessa máls en dóttir hans er eigandi umrædds fyrirtækis.

„Það sem við getum gert í Samfylkingunni er að við getum vísað málinu í opinbera rannsókn og við getum vísað ákveðnum þáttum til ríkissaksóknara og óskað eftir því að hann gefi út ákæru í málinu,“ segir Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar. „Ég útloka ekki að við förum þá leið; við erum að skoða þetta.“

Þau atriði sem sérstaklega verða könnuð í þessu sambandi er afmælisritið sem aldrei kom út þó bærinn hafi greitt fyrir það. Eins leikur grunur á því að þá hafi verið greitt tvisvar ef ekki þrisvar fyrir sömu ljósmyndirnar, segir Guðríður. „Þetta er það sem kemur líklegast til greina við fyrstu skoðun en við erum bara að fara gaumgæfilega yfir þætti þessa máls.“ Hún segir það liggja fyrir á næstu dögum hver niðurstaða þessarar könnunar bæjarfulltrúana verði.

Gunnar greindi frá því í gær að hann muni víkja sem bæjarstjóri en gefur ekki upp hvenær né hver tekur við. Í samtali við Fréttablaðið segist hann ætlað að vera áfram oddviti flokksins og starfa í bæjarstjórn. Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokks og formaður bæjarráðs, segir það vissulega vonbrigði að sjálfstæðismenn skyldu ekki hafa útkljáð þetta mál að fullu á fulltrúaráðsfundi sínum í fyrrakvöld. Þar kynnti Gunnar samkomulag sem hann hafði gert við framsóknarmenn. Í gær sættist Ómar á einhverja breytingu á því samkomulagi. „Þetta er bitamunur en ekki fjár en ég skal viðurkenna það að ég hefði kosið að málið hefði verið útkljáð á fulltrúaráðsfundi sjálfstæðismanna eins og ég átti von á.“

Gunnar segist vera sáttur við víkja svo að meirihlutinn geti starfað áfram og en segist afar ósáttu við þann áróður sem hann hafi mátt þola. Guðríður segir að málið hafi þegar skaðað starf bæjarstjórnar, til dæmis hafi endurskoðun ársreikninga átt að vera lokið í apríl en enn sú vinna sé enn ekki hafinn. jse@frettabladid.is

### ATBURÐIR SÍÐUSTU DAGA

**9. júní** Skýrsla Deloitte birt.
**11. júní** Gunnar ræðir við framsóknarmenn, sátt um að Gunnar víki.
**15. júní** Fulltrúarráðsfundur sjálfstæðismanna. Fram kemur mikill stuðningur við Gunnar. Samkomulag að semja aftur við framsóknarmenn. Lagaálit LEX sem Gunnar bað um kemst að annarri niðurstöðu en viðruð er í skýrslu Deloitte.
**16. júní** Gunnar og Ómar komast að öðru „lítt breyttu“ samkomulagi. Enn sátt um að Gunnar víki.
Næstu skref
**22. júní** Ómar mun kynna þetta nýja samkomulag fyrir framsóknarmönnum. Það verður þá gert opinbert.

Nær allir þingmenn búnir að skrá fjárhagslega hagsmuni sína:

# Árni og Bjarni hunsa reglur

**STJÓRNMÁL** Þingmennirnir Árni Johnsen og Bjarni Benediktsson úr Sjálfstæðisflokki höfðu í gærkvöldi ekki skráð fjárhagslega hagsmuni sína hjá skrifstofu forseta Alþingis, né útskýrt þar hvers vegna þeir gera það ekki.

Frestur til skráningar rann út í fyrradag, en núverandi þingmenn hafa haft rúman mánuð til að skila upplýsingunum.

Reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum alþingismanna og trúnaðarstörfum þeirra utan þings voru samþykktar 16.



BJARNI BENEDIKTSSON



ÁRNI JOHNSEN

mars á fundi forsætisnefndar.

Þingmenn eru ekki skyldugir til að fara eftir reglunum, en á skrifstofu forseta Alþingis er litið á það sem pólitíska og siðferðilega skyldu þeirra að gera svo.

Þess skal getið að einn þingmaður Vinstri grænna, Atli Gíslason, er í leyfi og hefur heldur ekki lokið við skráningu. Atli hafði hins vegar látið skrifstofu forseta Alþingis vita af þessu og að hann myndi skrá hagsmuni sína síðar. Hann telst því löglega afsakaður.

Upplýsingar um hagsmuni þingmanna má lesa á vef Alþingis, á síðu hvers þingmanns. - kóþ

Borgarferðir



Heimsborgin kallar

Verslunarmannahelgin í London
30. júlí-3. ágúst
Verð á mann í tvíbýli
79.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 4 nætur með morgunverði á 4* hóteli.

Haustferð til London
10.-13. september
Verð á mann í tvíbýli
69.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 3 nætur með morgunverði á vel staðsettu 3* hóteli.

Fleiri dagsetningar og nánari upplýsingar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Gefðu tóninn fyrir góða framtíð
Njóttu dagsins og skemmtu þér vel. Veittu vinum þínum og ættingjum þá ánægju að heyra í þér í dag, þú veist að viðskiptavinir Nova hringja fyrir 0 kr. sín á milli. Dagurinn er líka tilvalinn til þess að hringja myndsímtal og sýna þannig sínar bestu hliðar!
NOKIA
Menu
Options
Exit
0 kr. Nova í Nova
1000 mín. símtöl/myndsímtöl og 500 SMS/MMS á mánuði.
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvaða lektor við Háskóla Reykjavíkur talaði um andvaraleysi alþingismanna í Icesave-deilunni?*

2 *Hvaða útvarpsstöð hélt upp á tuttugu ára afmæli sitt síðastliðinn laugardag?*

3 *Í hvaða hljómsveitum spila gítarhetjurnar tvær sem starfa í versluninni Sense Center?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Leiðtogar Indlands og Pakistans funduðu í borginni Yekaterinburg í gær:

# Stuðlar að bættum samskiptum

**AP, RÚSSLAND** Manmohan Singh, forsætisráðherra Indlands, tjáði Asif Ali Zardari, forseta Pakistans, að hann væri ósáttur við að hryðjuverkamenn fengju að dvelj-ast í Pakistan, á fyrsta fundi leiðtoganna frá því í nóvember þegar hryðjuverkaárásin í Mumbai var gerð. Leiðtogarnir hittust í rússnesku borginni Yekaterinburg í gær.

Stirt hefur verið í samskiptum þjóðanna frá því að vopnaðir menn gerðu árás á hótel og aðrar byggingar í borginni Mumbai, áður Bombay, í nóvember á síðasta ári. Yfir 170 manns féllu í árásinni. Stjórnvöld í Delí, höfuðborg Indlands, sögðu að byssumennirnir hefðu verið frá Pakistan. Því neituðu pakistönsk stjórnvöld í fyrstu en viðurkenndu þó seinna að árásin hefði að hluta til verið skipulögð þar í landi.



**LEIÐTOGARNIR** Manmohan Singh, forsætisráðherra Indlands, og Asif Ali Zardari, forseti Pakistans, hittust í gær.

Utanríkisráðherra Pakistans lýsti fundinum í gær sem „jákvæðri þróun“ í samskiptum þjóðanna og vísaði því á bug að orð forsætisráðherra Indlands hefðu verið slæm byrjun á fundinum.

Fréttaskýrendur segja að ekki hafi verið búist við stórkostlegum tíðindum af fundinum en hann marki hins vegar bætt samskipti þjóðanna.

Leiðtogarnir munu hittast fljótlega á ný til að fara frekar yfir málin. **- kh**

Þingsályktun í smíðum:

# Þjóðaratkvæði um Icesave

**STJÓRNMÁL Væntanleg er á Alþingi þingsályktunartillaga um að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um ríkisábyrgð á Icesave-samningum stjórnvalda við Breta og Hollendinga.**

**Höskuldur Þór Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur tillöguna í smíðum og hyggst bjóða hverjum sem vill að vera að meðflytjandi**

**„Þetta er stærsti samningur sem íslenska ríkið hefur gert, í mínum huga er hann jafnstór og EES-samningurinn og því eðlilegt að þjóðin fái að greiða um hann atkvæði,“ segir Höskuldur. - bþs**

Gylfi Magnússon:

# Mjög undrandi á láni Sigurjóns

**VIÐSKIPTI „Ég er mjög undrandi á þessu og finnst þetta mjög skrýtin lánveiting,“ segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra um lánveitingu til Sigurjóns Þ. Árnasonar í gegnum Nýja Landsbankann.**



**GYLFI MAGNÚSSON**

**Fréttablaðið greindi frá því í fyrradag að Sigurjón hefði fengið tvö lán í gegnum einkalífeyrissjóð upp á 70 milljónir. Málinu verði vísað til Fjármálaeftirlitsins og yfirmanni sjóðsins hafi verið vikið tímabundið frá störfum. Gylfi segist ekki vilja leggja neitt mat á hvort Landsbankinn hefði átt að bregðast öðruvísi við. - vsp**

**DÓMSMÁL**

### Orkuveitan áfrýjar

Orkuveita Reykjavíkur hefur áfrýjað dómi Héraðsdóms Reykjavíkur um að kaup fyrirtækisins á hluta Hafnarfjarðarbæjar í Hitaveitu Suðurnesja eigi að ganga eftir. Bæjarráð Hafnarfjarðar segist árétta niðurstöðu héraðsdóms og felur lögmanni sínum í málinu að annast vörn þess í Hæstarétti.

### Barði mann á Prikinu

Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur til að greiða 75 þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs. Hann réðst á annan mann á skemmtistaðnum Prikinu í Reykjavík og sló hann í höfuðið, þannig að skurður hlaust af.

**ÁLFTANES**

### Sundlaugin aftur opin

Álftaneslaug hefur verið opnuð aftur eftir stutt hlé vegna endurbóta á vatnsrennibraut laugarinnar.

# Rétt forsmekkurinn

**Sparnaður í rekstri, lækkaðar tilfærslur og minni framkvæmdir eiga að spara ríkissjóði tæpa tíu milljarða króna það sem eftir lifir árs. Rúmlega tíu milljarða verður aflað með hækkun skatta. Skattheimtan verður endurskoðuð um áramót.**

**STJÓRNMÁL** „Þetta er rétt forsmekkurinn að því sem menn mega búa sig undir á næsta ári,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra um ráðstafanir stjórnvalda í ríkisfjármálum.

Sparnaður í rekstri, lækkaðar tilfærslur og minni framkvæmdir eiga að spara ríkissjóði tæpa tíu milljarða króna það sem eftir er af árinu. Steingrímur segir þunganN af samdrætti í framkvæmdum lenda á samgönguframkvæmdum; hann muni nema einhverjum milljörðum króna. Endanleg fjárhæð sé ekki ljós né þær framkvæmdir sem skornar verða niður.

Ríkisstjórnin áformar að afla samtals rúmlega tíu milljarða króna með því að hækka tiltekna skatta.

Tryggingargjald verður hækkað en það leggst á atvinnurekendur og stendur undir greiðslum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Um leið eru boðaðar aðgerðir til að sporna við svindli í atvinnuleysisbótakerfinu.

Átta prósenta aukaskattur verður lagður á laun umfram 700 þúsund krónur á mánuði. Mun skattaviðbótin færa ríkissjóði um tvo milljarða króna á seinni sex mánuðum ársins. Fimmtán prósenta viðbótarskattur leggst svo á fjármagnstekjur en hefðbundinn fjármagnstekjuskattur er tíu prósent. Á viðbótarskatturinn að leggjast á fjármagnstekjur sem fara umfram tiltekin mörk en ekki hefur verið upplýst hver þau eru.

Steingrímur segir að ætlunin sé að lög um þessa sérstöku skattheimtu gildi til áramóta og að heildarskattheimtan verði tekin til endurskoðunar. Stefnt er að því að frumvarp verði lagt fram á þingi fyrir helgi og að samþykkt þess fáist fyrir mánaðamót. Er ætlunin að skattahækkanirnar taki gildi 1. júlí.

Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, segir mörgum spurningum um aukna skattheimtu ósvarað. Til dæmis hafi ekki fengist útskýrt hvernig standa eigi að innheimtu tekjuskattsaukans. Þá leggist hækkun tryggingargjalds þungt á sveitarfélögin sem séu stórir launagreiðendur. „Þau hafa enga burði til að bregðast við því nema með því að draga úr þjónustu við íbúa,“ segir Kristján sem jafnframt er bæjarfulltrúi á Akureyri. „Heilt yfir finnast mér þetta heldur dapr-ar aðgerðir því meginviðfangsefnið ætti að vera að leita leiða til að lækka rekstrarkostnað.“

Höskuldur Þór Þórhallsson, Framsóknarflokki, segist reiðubúinn að skoða skattahækkanirnar með jákvæðum hætti. Niðurskurður sé jafnframt óumflýjanlegur.

Þór Saari, Borgarahreyfingunni, segir þessa leið til aukinnar tekjuöflunar heldur skárri en almenna hækkun tekjuskatts. Hann og flokksmenn allir séu þó á móti því að skorið sé niður í ríkisfjármálum og skattar hækkaðir til að borga skuldir óreiðumanna.

**bjorn@frettabladid.is**



**GLUGGAÐ Í BLAÐIÐ** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra kynnti ráðstafanir í ríkisfjármálum á ríkisstjórnarfundi og á fundi fjárlaganefndar Alþingis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### TILFÆRSLUR NEMA 216 MILLJÖRÐUM

Hugtakið tilfærslur er notað yfir greiðslur frá hinu opinbera án þess að á móti komi vinnuframlag eða önnur gæði.

Það tekur til bóta af ýmsu tagi, til dæmis lífeyristrygginga, atvinnuleysistrygginga, sjúkratrygginga, fæðingarorlofs, barnabóta og vaxtabóta.

Í fjárlögum 2009 er kveðið á um að tilfærslurnar nemi 216 milljörðum króna. Heildarútgjöld ríkissjóðs eru 555 milljarðar á árinu.

### LEGGST ÞUNGT Á SVEITARFÉLÖGIN

„Vissulega mun þetta hafa töluverð áhrif og leggjast þungt á sveitarfélögin,“ segir Halldór Halldórsson, formaður Sambands sveitarfélaga um fyrirhugaða tryggingargjaldshækkun.

Laun eru helstu útgjöld sveitarfélaga. Þau nema að jafnaði um helmingi allra útgjalda en eru sums staðar allt upp í 80 prósent.

„Við vitum ekki hvað þetta verður mikil hækkun og vitum heldur ekki hvernig við tökumst á við hana,“ segir Halldór. Ljóst megi þó vera að útgjaldaaukningunni verði ekki mætt öðruvísi en með frekari hagræðingu. **- bþs**



**HALLDÓR HALLDÓRSSON**




Óánægja með framkvæmd verðkannana ASÍ:

# Framkvæmdinni ábótavant

**VERÐKÖNNUN** „Framkvæmdinni á verðkönnunum ASÍ er verulega ábótavant,“ segir Þórður Backman, framkvæmdastjóri innkaupasviðs hjá Kaupási, sem rekur meðal annars verslanir Krónunnar. Hann segir það ekki einungis Bónus sem hefur ítrekað óskað eftir leiðréttingum og ábendingar án þess að nokkuð sé viðhaft af ASÍ.

„Við teljum að kannanir ASÍ gefi ekki rétta mynd af þeim valkostum sem eru í boði,“ segir Þórður. Hann telur vinnubrögð ekki nægilega vandvirk við framkvæmd kannananna.



**MATARKARFAN** Hagfræðingur ASÍ segir misskilning liggja að baki gagnrýni Bónus á verðkannanir samtakanna. Fréttablaðið FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

ASÍ gaf út fréttatilkynningu í gær þar sem gagnrýni framkvæmdastjóra Bónuss á kannanirnar er svarað. „Athugasemdir Haga byggjast á misskilningi,“ segir Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, um gagnrýni Haga sem meðal annars reka verslanir Bónuss.

Ólafur Darri segir að í þessu tilfelli hafi verið um að ræða ódýrasta fáanlega hreina appelsínusafann í þeirri verslun sem verðkönnun ASÍ fór fram. Hann bætir við að ekki sé um samanburð á vörumerkjum að ræða heldur sé um að ræða samanburð á ódýrasta fáanlega lítraverði af hreinum appelsínusafa í hverri verslun líkt og kemur fram í fréttatilkynningu ASÍ. **- bþa**



FRÁ ÞINGVÖLLUM

# S L Á T U R F É L A G   S U Ð U R L A N D S

FRÁ Reykjavík NR. 575.6000 58/8 ORÐ 317 20 09 KL. 09.36

Kæri vinur!

Manstu þegar þessi mynd var tekin af okkur á Þingvöllum 1944?

Veðrið var indælt. Við sátum í grasinu með SS pylsur og nutum lífsins.

Nú langar mig til að rifja upp góðar stundir og slá upp annarri veislu og bjóða þér.

Er ekki kominn tími á okkur?

Framtíðin er nefnilega björt, þrátt fyrir allt.

Lifum glöð.

SS

Íslendingar borða SS pylsur

Fremstir fyrir bragðið nr. 1 Sláturfélag Suðurlands, Hvolsvelli, www.ss.is 1·76 50.ooo



**ÓSVIKIN GLEÐI** Heilagur sadhu-meinlætamaður baðar fílinn sinn og bregður á leik í ánni Ganges í Indlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kjalvegur opnaði óvenju snemma í ár en leiðin um Sprengisand er enn lokuð:

# Fjölmennt á Hveravöllum

**FERÐALÖG** Ferðamenn eru þegar farnir að streyma á Hveravelli að sögn Guðmundar Ögmundssonar landvarðar þar. Allur Kjalvegur var opnaður á miðvikudag í síðustu viku en hann var ekki opnaður fyrr en 22. júní í fyrra svo landvörðurinn er ánægður með þennan viðauka sem hann fær á ferðamannatímabilið.

Menn verða þó að sýna biðlund eftir því að komast Sprengisand segir Valdís Eiríksdóttir, þjónustufulltrúi hjá Vegagerðinni. „En ef björtustu vonir rætast þá gæti hugsanlega verið opnað fyrir helgi," segir hún. Það yrði einnig snemmt miðað við síðasta ár þegar leiðin varð ekki fær fyrr en 3. júlí.

Hann segir að samkvæmt könnun sem gerð hafi verið á vegum Háskóla Íslands fari um 700 manns um svæðið þegar mest er. „Það er ekkert í líkingu við það enn þá en ég gæti trúað að það væru svona um hundrað manns búnir að fara hér um dag [í fyrradag]," segir hann. - jse

**HVAÐA FJALLVEGIR ERU OPNIR?**

- Kjalvegur
- Fjallabaksleið nyrðri til Landmannalauga
- Leiðin í Laka
- Kaldidalur



**FRÁ HVERAVÖLLUM** Kjalvegur opnaði snemma í ár og eru ferðamenn þegar farnir að streyma á Hveravelli. Hér sést Gamli skáli á Hveravöllum.

Árásarmaður dæmdur:

# Skallaði og hrækti á löggur

**DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður hefur verið dæmdur í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að veitast að tveimur lögreglumönnum á götu á Akureyri.**

**Maðurinn byrjaði á því að skalla annan lögreglumanninn á vinstri vanga og nef. Lögreglumaðurinn hlaut áverka í andliti. Þá hrækti maðurinn tvisvar ofan í hálsmál hins lögreglumannsins og skallaði hann svo í andlitið. Sá lögreglumaður hlaut mar og bólgu í andliti.**

**Maðurinn hefur fjórum sinnum hlotið refsidóma, fyrir þjófnað og brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf.** - jss








FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**GLAÐHEIMASVÆÐIÐ** Kópavogsbæ og lóðarhafa greinir á um hvor beri ábyrgð á því að Glaðheimasvæðið er enn ekki byggingarhæft, tveimur og hálfu ári eftir sölu þess. Hestamannafélagið Gustur hefur haft þar aðstöðu í meira en 40 ár en átti að víkja.

# Glaðheimasölu verði rift vegna vanefnda

**Kaupangur segist ætla að krefjast bóta og riftunar á milljarðasamningi við Kópavogsbæ um kaup á Glaðheimalandinu því það sé ekki byggingarhæft eins og samið hafi verið um. Bærinn hafnar bótaskyldu en vill taka lóðirnar aftur.**

**SVEITARSTJÓRNIR** „Bærinn hefur hvorki fengist til þess að gefa út yfirlýsingu um hvenær hann hyggist afhenda hið selda né gert ráðstafanir sem eru forsenda afhendingarinnar," segir í bréfi lögmanns Kaupangs eignarhaldsfélags til Kópavogsbæjar.

Í bréfi lögmannsins, Gests Jónssonar, er boðuð riftun á kaupum Kaupangs á byggingarrétti og lóðaréttindum við Glaðheimaveg. Gengið var frá samningnum milli jóla og nýárs árið 2006. Í bréfi Gests segir að bærinn hafi átt að afhenda fyrstu lóðirnar byggingarhæfar í september 2007 og þær síðustu í desember 2008. Kaupangur keypti tvo þriðju hluta svæðisins og Smáratorg ehf. þriðjung. Samtals var söluverðið um 6,5 milljarðar króna.

„Skyldi seljandi á sinn kostnað sjá um að fjarlægja þau mannvirki sem voru á lóðunum við gerð kaupsamningsins. Við afhendingu skyldu vera fyrir hendi götur, stígar og veitukerfi þannig að hægt væri að hefja byggingarframkvæmdir," segir í bréfi Gests sem kveður ekkert af þessu hafa verið gert heldur sé landið enn notað undir hesthúsabyggð. Tilraunir til að finna lausn með fulltrúum bæjarins hafi verið árangurslausar.

Þá segir Gestur að Kaupangur hafi þegar greitt 500 milljónir króna vegna samningsins. Því hafi fylgt fjármögnunarkostnaður auk annarra gjalda auk þess sem lagt hafi verið í vinnu við undirbúning og hönnun. Samningum verði rift og bóta krafist leiði viðræður ekki til niðurstöðu.

Bæjarráð Kópavogs segir hins vegar að Kaupangur beri ábyrgð á þeim töfum sem orðið hafi. „Kópavogsbær hefur gert það sem í hans valdi stendur til þess að klára skipulagsvinnuna," segir í svarbréfi sem Sigurjón Ingvason lögmaður skrifar Gesti Jónssyni fyrir hönd bæjarins.

Sigurjón segir Kópavogsbæ enn aðeins hafa fengið greidda vel innan við tíu prósent af þeirri upphæð sem bænum beri að gatnagerðargjöldum meðtöldum. Kaupangur hafi þannig vanefnt samninginn. „Kópavogsbær mótmælir því að umbjóðandi yðar [Kaupangur] geti velt kostnaði sínum yfir á bæinn og sér í lagi er því mótmælt að bærinn beri nokkurn kostnað af þeirri áhættu sem umbjóðandi yðar tók við val á fjármögnunarleið," skrifar Stefán sem kveður bæinn þó til í viðræður um skil á lóðunum þannig að Kaupangur fái innborgun sína endurgreidda.

gar@frettabladid.is











Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

**FRÉTTASKÝRING:** Kannabis á Íslandi

# Tugir fagmanna á fullu í grasinu

**Svo virðist sem tugir Íslendinga hafi haft sína aðalatvinnu af því síðustu misseri að rækta kannabisplöntur. Sprenging hefur orðið í ræktun kannabisefna á Íslandi upp á síðkastið. Talið er að þriðjungur þjóðarinnar neyti kannabisefna árlega eða oftar. Yfirlæknir á Vogi segir ríflega eins tonns heildarneyslu Íslendinga á ári vera mjög varlega áætlað magn.**

Lögregla lagði hald á tífalt fleiri kannabisplöntur í ræktun á fyrstu fimm mánuðum þessa árs en allt árið í fyrra. Sjötíu manns hafa verið handteknir vegna málanna, sem eru alls fjörutíu talsins.

### Hálft tonn á innan við hálfu ári

Fjörutíu kannabisræktanir hafa verið upprættar það sem af er þessu ári (miðað við maílok). Allt árið í fyrra voru ræktanirnar tuttugu. Þessar tölur segja þó ekki alla söguna, enda hafa ræktanirnar sem upprættar hafa verið í ár margar hverjar verið mun umfangsmeiri en áður hefur þekkst hérlendis.

Þannig fundust um 700 plöntur í fyrra í þessum tuttugu ræktunum, en í ár hafa fundist nær 7.000 plöntur á ólíkum stigum ræktunar, mest 700-800 plöntur í einni og sömu verksmiðjunni. Heildarþungi þessara tæpu 7.000 plantna er um hálft tonn, en auk þess hefur lögreglan lagt hald á ellefu kíló af fullunnu marijúana, fjórtán kíló af kannabislaufum og þrjú kíló af hassi.

### Aðallega ungir karlmenn

Ungir karlmenn virðast vera þeir sem helst leiðast út í fíkniefnaframleiðsluna. Um sjötíu manns hafa verið handteknir á þessu ári vegna málanna fjörutíu, samanborið við þrjátíu allt árið 2008. Karlar eru þar í yfirgnæfandi meirihluta; ein kona var handtekin í fyrra og tvær það sem af er þessu ári.

Frá ársbyrjun 2008 hafa fjórir einstaklingar verið handteknir tvisvar vegna fíkniefnaframleiðslu og einungis einn hefur verið handtekinn þrívegis.

Af þeim sem teknir hafa verið í ár eru flestir ræktendurnir á aldrinum 21 til 40 ára, eða 57 af 70. Sex eru tvítugir eða yngri og sjö eru 36 til 55 ára.

### Fagmenn í fullu starfi

Samkvæmt upplýsingum frá Karli Steinari Valssyni, yfirmanni fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, virðist sem fíkniefnaframleiðslan sé aðalstarfi flestra þeirra sem hafa veg og vanda af ræktunum sem þessum.

Menn verði varir við mikla fagmennsku í ræktuninni, og það sjáist bæði á tækjabúnaðinum og aðferðunum sem notaðar eru. Þannig séu menn til dæmis farnir að kynbæta plönturnar til að gera þær stórar og stæðilegar og auka magn virka efnisins tetrahýdrókannabínólsýru í þeim.

Ekki sé um óreglumenn að ræða heldur skipulagða glæpamenn. Þannig eru, að sögn Karls, tengsl á milli sumra þeirra sem standa að ólíkum ræktunum. „Og við erum auðvitað að skoða hvaða hópar þar búa að baki. Það er hluti af rannsóknum okkar á þessum málum.“

Karl vill aðspurður ekki leggja mat á hversu mikils gróða menn



**MÖRG HUNDRUÐ PLÖNTUR** Afar fullkomin kannabisverksmiðja var upprætt á Kjalarnesi í mars. Þar fundust um 700 plöntur og mörg kíló af fullunnu efni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**KARL STEINAR VALSSON**

sem stunda þessa iðju geta vænst, enda kunni það að vera hvatning fyrir aðra að feta sömu braut.

### Milljónatæki í sérútbúnum húsum

Það er þó ljóst að það er ekki ókeypis að koma upp verksmiðjum eins og sumum þeirra sem upprættar hafa verið frá áramótum. Á Kjalarnesi var til dæmis stöðvuð ræktun í mars þar sem finna mátti tækjabúnað fyrir margar milljónir króna.

Í fullkomnustu verksmiðjunum var til dæmis þannig búið um hnúta að tölvukerfi stýra súrefnisgjöf til plantnanna, þar mátti finna sérstök rafmagnskerfi til ræktunarinnar, fjölda hitalampa og sjálfvirk áveitukerfi í vel ljós-, hljóð- og lyktareinangruðu húsnæði, og jafnvel eru dæmi þess, eins og af Kjalarnesi, að það hafi verið byggt inni í öðru húsnæði, ýmist iðnaðarhúsnæði eða jafnvel íbúðum í blokk.

### Heimaræktunin leysir smyglið af

En hvað þýðir þessi sprenging í heimaframleiðslu á kannabisefnum? Hefur eftirspurnin aukist svona gríðarlega? Karl Steinar segir að svo virðist sem Íslendingar hafi síðustu misseri fært sig úr innflutningi á kannabisefnum yfir í eigin framleiðslu. Þannig megi greinilega sjá í tölum lögreglunnar að þegar ræktanirnar tóku að spretta upp um allt hafi innflutningur á marijúana dregist verulega saman.

„Það kemur greinilega fram að undanfarin ár hefur dregið verulega úr því að marijúana sé haldlagt vegna innflutnings á fíkniefnum. Það skýrist með því að vöxtur hefur verið í innlendri framleiðslu,“ segir Karl Steinar.

### Dóma að vænta með haustinu

Málin eru sem áður segir orðin býsna mörg á þessu ári. Þegar ræktun uppgötvast þarf að yfirheyra grunaða og rannsaka málið til fulls, sem getur verið tímafrekt. Síðan er málinu vísað til ákærumeðferðar hjá viðeigandi yfirvaldi – ýmist ákærusviði lögreglunnar eða ríkissaksóknara.

Karl Steinar segir að þegar hafi verið gefnar út nokkrar ákærur vegna málanna og að fjölmörg mál séu nú á lokastigi rannsóknar. Búast má við að dómar vegna málanna taki að falla með haustinu.

**FJÖLDI KANNABISPLANTNA**





*TALA MIÐUÐ VIÐ MAÍ 2009

**Handteknir eftir aldri**

| Aldur | 2009 (út maí) |
|---|---|
| 15-20 | 6 |
| 21-25 | 14 |
| 26-30 | 21 |
| 31-35 | 14 |
| 36-40 | 8 |
| 41-45 | 3 |
| 46-50 | 2 |
| 51-55 | 2 |






Hálft fæði eða "allt innifalið" - ótrúlegt verð!

Heimsferðir bjóða frábært sértilboð til sumarleyfisperlunnar Bodrum í Tyrklandi 19. og 26. júní. Í boði er frábær sértilboð á gistingu með hálfu fæði á Hotel Turihan ***, einstaklega góðu og notalegu hóteli sem býður góðan aðbúnað og mjög góða staðsetningu og jafnframt sértilboð á gistingu á Hotel Mandalinci **** með "öllu inniföldu" sem er mjög fallegt og gott hótel sem býður frábæran aðbúnað og hreint einstaka staðsetningu í miðbæ hins skemmtilega bæjar Turgitreis.

Bodrum býður þín með einstakan menningararf, stórbrotna náttúrufegurð, töfra Eyjahafsins, frábæran mat og ótrúlega hagstætt verðlag! Sumarleyfisstaðurinn Bodrum í Tyrklandi er einn eftirsóttasta áfangastaður Tyrklands. Bodrum er fallegur hafnarbær sem stendur á samnefndum skaga á Eyjahafsströnd Tyrklands. Bærinn skartar fallegum hvítum húsum sem eru víða skrýdd blómum og þröngum heillandi götum sem bera fortíðinni vitni. Hér er endalaust úrval veitingastaða, bara, kaffihúsa, verslana og mikið nætur- og skemmtanalíf í boði.





Kr. 69.900
- Hotel Turihan * * * með hálfu fæði
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með hálfu fæði í 7 nætur á Hotel Turihan ***. Sértilboð 19. júní. Aukavika kr. 25.000. Brottför 26. júní kr. 10.000 aukalega.

Kr. 89.900
- Hotel Mandalinci * * * * með "öllu inniföldu"
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með "öllu inniföldu" í 7 nætur á Hotel Mandalinci ****. Sértilboð 19. júní. Aukavika kr. 40.000. Brottför 26. júní kr. 10.000 aukalega.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ferðaskrifstofa
Mundu MasterCard ferðaávísunina!
Veldu traustan ferðafélaga í sumar!
Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is




**ÞÓRARINN TYRFINGSSSON**

## FJÓRÐI HVER NEYTIR KANNABISS REGLULEGA

Erfitt er að leggja mat á það hversu mikil almenn neysla kannabisefna er í þjóðfélaginu, að sögn Þórarins Tyrfingssonar, yfirlæknis hjá SÁÁ. Engar viðamiklar kannanir séu til um neysluna, en reglulegar smærri kannanir sem gerðar hafa verið undanfarin ár virðist hins vegar sýna að um 25 prósent landsmanna neyti þess árlega eða oftar.

Þórarinn tekur fram að óvíst sé hversu áreiðanlegar kannanirnar eru, en telur tölurnar sem þær sýna þó heldur varlegar ef eitthvað er, sérstaklega ef litið sé til ungs fólks. Þetta hlutfall, 25 til 30 prósent, hafi hins vegar haldist stöðugt í könnunum sem þessum í áraraðir.

Þórarinn bendir á að nýleg rannsókn meðal ungmenna fæddra árið 1982 leiði í ljós að rúm sex prósent pilta úr þeim árgangi hafi komið í meðferð á Vog vegna kannabisfíknar. Erlend viðmið geri ráð fyrir því að einn af hverjum níu eða tíu sem prófar kannabisefni verði fíkinn í þau, og augljóst sé að ekki hafi allir kannabisfíklar úr árganginum komið í meðferð. „Það þýðir væntanlega að á milli 60 og 70 prósent þeirra hafa neytt kannabisefna – sem passar ekki við hinar tölurnar,“ segir Þórarinn. Enn fremur sé engin ástæða til að ætla að 1982-árgangurinn sé frábrugðinn öðrum nálægum aldurshópum og enn yngra fólki að þessu leyti. „Þetta er mjög svipað þar, það er alveg klárt mál,“ segir hann.

„Þannig að annaðhvort er neysluathugunin vitlaus, eða að ályktunin um að þetta sé svona lítið ánetjandi vímuefni er vitlaus,“ bætir Þórarinn við.

Þórarinn segir að fram til þessa hafi það helst verið yngri neytendur, í kringum tvítugt og flestir undir tvítugu, sem hafa komið inn á Vog vegna kannabisfíknar. Eldra fólk hafi yfirleitt verið búið að leiðast út í harðari efni. Nú sjáist hins vegar merki þess að þetta sé að breytast og til þeirra komi fólk allt upp í 35 ára sem þjáist eingöngu af kannabisfíkn.

Fram kom í nýlegri skýrslu SÁÁ að áætluð heildarkannabisneysla Íslendinga sé 1.100 kíló á ári. Þetta er reiknað út frá fjöldanum sem kemur til meðferðar í samræmi við hlutfallstölur erlendis frá. Þórarinn segir þessa tölu, rúmt tonn á ári, hins vegar vera mjög varlega áætlaða. „Þetta er algjört lágmark,“ segir hann.

Þórarinn segir að kannabisneysla hafi náð hámarki á Íslandi undanfarin sex ár. Hún sé meiri nú en hún var á hippatímanum, ólíkt því sem gerist til dæmis í Bandaríkjunum.

Spurður hvort aðgerðir lögreglu gegn kannabisræktendum hafi haft áhrif á kannabismarkaðinn hérlendis segist Þórarinn ekki sjá þess stað enn. Hugsanlegt sé þó að áhrifanna fari að gæta nú í sumar. „Ef það er rétt að það verði minna framboð á kannabisefnum í sumar þá er mögulegt að það sé minni hætta á að krakkarnir sem eru að skríða úr grunnskólum ánetjist þessu í sumar,“ segir Þórarinn.



FRÉTTASKÝRING
STÍGUR HELGASON
stigur@frettabladid.is



Kökuhlaðborð
í Skútuvogi
kl. 13 - 16
í dag
Aðeins
290kr
kökuhlaðborð
Kaffi eða Svali fylgir frítt
með kökuhlaðborðinu
Rjómaterta
Skúffukaka
Rúlluterta
Eplakaka með rjóma
Marmarakaka
Jólakaka
Muffins
Ítölsk brauð
Flatkökur
Hangikjötssalat og túnfisksalat
Frítt fyrir börn yngri
en 6 ára og Svali fylgir með
ÍS OG FÁNI
99kr
Í Skútuvogi
Opið í Skútuvogi
í dag kl. 11 - 19
ÞJÓÐHÁTÍÐ
Í SKÚTUVOGI
10
STJÚPUR
599
aðeins
í dag
weber
15%
AFSLÁTTUR
ÖLL
GRILL FRÁ
weber
KYNNING
Á WEBER GRILLUM
Í DAG
20%
AFSLÁTTUR
ÖLL
GRILLÁHÖLD
TAX FREE
TAX FREE
AF ÖLLUM
TRJÁKLIPPUM
HÚSASMIÐJAN
x
blómaval
Frábær saman
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

## „ORÐRÉTT“

### Úr hásætinu

**„Í sjálfu sér væri áhugaverð tilraun að lyfta lögunum og gera alvöru list úr þessari músík.“**

ATLI BOLLASON TÓNLISTARGAGNRÝNANDI UM PLÖTU PAPANNA MEÐ LÖGUM GYLFA ÆGISSONAR

**Morgunblaðið 16. júní**

### Það er hollt að hugsa

**„Ég hugsaði með mér: Hvað er þessi maður að gera hér?“**

ÓNEFNDUR STARFSMAÐUR FYRIRTÆKIS Á KÖLLUNARKLETTSVEGI SEM SÁ HALLDÓR J. KRISTJÁNSSON

**DV 16. júní**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** RAGNHEIÐUR BJÖRNSDÓTTIR, FORMAÐUR FÉLAGS LEIÐSÖGUMANNA

## Ferðaþjónustan til bjargar



„Ég er bara að reyna að komast í sumarfrí og leiðsögn,“ segir Ragnheiður Björnsdóttir, formaður Félags leiðsögumanna. Ragnheiður sinnir leiðsögn í fríum en er annars í fullri vinnu við starfsmannahald og bókhald hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.

Ragnheiður segir að hún muni aðallega sinna leiðsögn á Gullhringnum í sumar þar sem hún hefur verið undanfarin átta ár. Aðspurð segist Ragnheiður vera vongóð um að ferðaþjónustan verði lífleg í sumar og eflist í kreppunni. „Ég vonast til þess að ferðaþjónustan komi að einhverju leyti til bjargar þessari þjóð,“ segir hún.

Um leiðsagnarstarfið segir hún það krefjandi og skemmtilegt og nauðsynlegt sé að vera vel vakandi, sérstaklega þegar um stærri hópa er að ræða.

Annars hyggst hún sinna margs konar ræktun í sumar. „Ég er meðlimur í blómaklúbbnum Dalíu og Trjáræktarklúbbnum.“ Ragnheiður segir að hún muni verja hluta af sumri við Mógilsá þar sem Trjáklúbburinn hefur aðstöðu. Hún segir að klúbburinn fái fræ sem dreift er til félagsmanna þar sem gerðar eru ýmiss konar tilraunir í ræktun. „Ég þarf að sinna plöntunum í sumar,“ segir Ragnheiður að lokum og bætir við að bútasaumur taki við í haust þegar leiðsagnartímabilinu ljúki.



## ANNAPURNA I
### HÆTTULEGASTA FJALLIÐ

Hlutfallslega er Annapurna I, í samnefndum fjallgarði á landamærum Tíbets og Nepals, mannskæðasta fjall heims. Það er 10. stærsta fjall í heimi, alls 8.091 metra hátt. Alls hafa 130 manns klifið fjallið, þar af hafa 53 farist og dánarhlutfall fjallgöngumanna því 41 prósent, sem gerir það að hlutfallslega hættulegasta fjalli veraldar. Fleiri hafa þó farist við að klífa Mont Blanc, hæsta fjall Evrópu.

## SJÓNARHÓLL
### LÁN SIGURJÓNS Þ. ÁRNASONAR

## Forfeður landsins sneru sér við í gröfinni



**GYLFI ÆGISSON** Tónlistarmaður

„Ég hef alltaf sagt frá því að ég var ungur að hvítflibbarnir sleppa alltaf,“ segir Gylfi Ægisson tónlistarmaður um tvö lán Sigurjóns Þ. Árnasonar, fyrrverandi bankastjóra, upp á samtals 70 milljónir króna.

„Mér finnst þetta hrikalegt. Það er bara þannig að þegar græðgin kemst í spilið þá vill fólk alltaf meira og meira. Maður vonar að það komist botn í þetta,“ segir Gylfi. Hann segist aldrei hafa trúað því að útrásarvíkingarnir væru snillingar.

Alltaf hafi honum fundist skrýtið að borga sjálfum sér 300 milljónir bara fyrir að labba inn í bankann. Allt hafi þetta verið mjög óraunverulegt.

„Ég hef alltaf haft mikla trú á sjómönnum og vinnandi fólki þessa lands miklu frekar,“ segir Gylfi.

„Forfeður landsins sneru sér örugglega við í gröfinni þegar þessi græðgi varð svona mikil. Nú hefur þetta allt verið eyðilagt,“ segir Gylfi.



**VIÐSKIPTAFRÆÐIDÚX Í FIMLEIKASALNUM** Agnar er á leið í framhaldsnám í útlöndum en í sumar starfar hann sem leiðbeinandi á leikjanámskeiði fyrir börn hjá fimleikafélaginu Gerplu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Viðskipti á daginn og fimleikar á kvöldin

**Agnar Burgess er 26 ára viðskiptafræðinemi og fimleikagarpur. Hann er með hæstu einkunn í grunnnámi við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og byrjaði að æfa fimleika fyrir tveimur og hálfu ári.**

„Þetta kom mér skemmtilega á óvart og ég sprangaði um stofuna mjög glaður þegar ég frétti þetta,“ segir Agnar. Meðaleinkunn hans var 8,70 og var sú hæsta út úr viðskiptafræðideild HÍ. Fyrir þann námsárangur hlýtur hann peningaverðlaun frá viðskiptafræðideild og Hollvinafélagi deildarinnar. Lokaritgerð Agnars fjallaði um væringar á íslenskum fjármálamarkaði á árunum 2007 og 2008.

Samhliða námi stundaði Agnar vinnu við greiningardeild Landsbanka Íslands þar til eftir bankahrun. Í sumar starfar hann sem leiðbeinandi á leikjanámskeiði fyrir 5-12 ára börn hjá fimleikafélaginu Gerplu í Kópavogi.

„Ég byrjaði að æfa fyrir tveimur og hálfu ári, í fyrstu prófatörninni minni við HÍ. Ég og kærastan fundum okkur bara námskeið fyrir eldri nema,“ segir Agnar. Nú nýlega keppti hann á Íslandsmóti í hópfimleikum og hefur fengið verðlaun fyrir fimleika innanhúss. Agnar segist eindregið mæla með því að fólk skelli sér í fimleika.

Hann segir að mjög gaman hafi verið að vinna hjá greiningardeildinni og þótt talað sé niður til þeirra deilda eftir bankahrun þá lærði hann jafnmikið, ef ekki meira, á einu ári þar en í viðskiptafræðináminu við HÍ.

„Þessi vinna gerði mér mjög gott og hjálpaði mér að finna áhugasviðið betur, hvar innan viðskiptafræðinnar ég ætti heima,“ segir Agnar. Áhugi Agnars liggur nú helst í fjármálum og segist hann mikinn áhuga hafa á skuldabréfum og langar að fara meira í þá átt og fara jafnvel í eignastýringu. Leiðin liggur út í framhaldsnám á næstunni.

„Nú bíð ég spenntur eftir svörum frá skólum í Englandi og Frakklandi. Ég hafði alltaf stefnt að því strax frá upphafi náms að fara út en þegar allt fór hér á aðra hliðina dró aðeins úr manni. Ég ákvað hins vegar að keyra á þetta og trúi að það sé alltaf pláss fyrir gott fólk,“ segir Agnar að lokum.

**vidirp@frettabladid.is**







## Áhrif háskóla og menntunar á byggðaþróun

Grand Hótel, Reykjavík
24. júní 2009 kl. 9:30 - 16:30

**Iðnaðarráðuneytið, Nordregio (Norræna fræðastofnunin í skipulags- og byggðamálum) og Byggðastofnun í samstarfi við Norrænu embættisnefndina efna til ráðstefnu um áhrif háskóla og menntunar á byggðaþróun á Norðurlöndum.**

Á ráðstefnunni verður greint frá nýrri rannsókn Nordregio um hlutverk og áhrif svæðisháskóla á nærumhverfið og þróun byggðar.
**Lykilspurningar ráðstefnunnar eru:**
Hvaða aðstæður þurfa vera til staðar í nærsamfélaginu til þess að svæðisháskóli sé aflvaki efnahags- og félagslegra framfara? Hvert er framtíðarhlutverk og skipulag svæðisháskóla?

**Ráðstefnan hefst með ávarpi Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra**

**Fyrirlesarar**
**Sigrid Hedin**, doktor hjá Nordregio
**Eija-Riita Niiniski**, framkvæmdastjóri, Oulu Southern Institute Regional Unit við Háskólann Oulu í Finnlandi
**Peter Arbo**, prófessor við Norwegian College of Fisheries Science við Háskólann í Tromsö í Noregi
**Stefanía Steinsdóttir**, verkefnisstjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar
**Steingerður Hreinsdóttir**, formaður stjórnar Háskólafélagsins á Suðurlandi
**Peter Weiss**, forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða
**Rögnvaldur Ólafsson,** forstöðumaður Stofnunar Fræðasetra Háskóla Íslands

**Stjórnandi pallborðs: Ole Damsgaard,** forstjóri Nordregio

**Ráðstefnustjóri: Sveinn Þorgrímsson,** skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu.

**Tungumál ráðstefnunnar er enska.**
**Ítarlegri dagskrá og skráning er á heimasíðu Byggðastofnunar**
**www.byggdastofnun.is**

Byggðastofnun
NORDREGIO
IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ


Tveir gamlir atgeirar bárust Antíkbúðinni í Hafnarfirði í fyrradag:

# Hluti af stórmerkilegu vopnasafni

**VIÐSKIPTI** Tveir hundrað ára gamlir 2,5 metra atgeirar bárust Antíkbúðinni í Strandgötu í Hafnarfirði í fyrradag og eru nú til sölu þar. Er um að ræða hluta af dánarbúi sem gefið var Hjálparstarfi kirkjunnar. Ekki er komið verð á atgeirana en leitað verður eftir tilboði og því hæsta tekið, að sögn Jónasar Halldórssonar, eiganda Antíkbúðarinnar.

„Þessi skrautvopn eru þau fyrstu úr stórmerkilegu vopnasafni sem Antíkbúðin fær væntanlega heiðurinn af að sjá um uppboð á í haust,“ segir Jónas. Hann segir skemmtilega tilviljun að búðin skuli fá þessi vopn í sömu viku og víkingahátíðin er í Hafnarfirði, sem hefst í dag.

Engin þóknun verður tekin af hálfu Antíkbúðarinnar fyrir uppboðið, heldur mun allur ágóðinn renna til vatnsverkefnis Hjálparstarfs kirkjunnar til styrktar málefnum Eþíópíu.

„Það er fyrst og fremst hugsjón hjá mér að vernda þessa hluti og halda þeim í landinu,“ segir Jónas.

Telur Jónas að eigandinn hafi verið vopnasafnari sem búið hafi erlendis og átt stórt vopnasafn sem, sem betur fer, hafi ekki farið úr landi. Elsti gripurinn sé hartnær 500 ára rýtingur. - vsp




**JÓNAS OG ATGEIRINN** Hér sést eigandi Antíkbúðarinnar bregða á leik með atgeir sem er til sölu í Antíkbúðinni. MYNDIR/BJÖRGVIN

# Til hamingju með daginn!














**Kæru þátttakendur í Toppaðu með 66°Norður.**
**Innilega til hamingju með árangurinn!**

**Gleðilegan þjóðhátíðardag!**

66° NORDUR

ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN

Nánari upplýsingar á www.66nordur.is og www.fjallaleidsogumenn.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stjórnmálamaður á röngum stað:

## Misskilningurinn um Evu Joly

JÓN KALDAL SKRIFAR

Meinlegur misskilningur virðist vera útbreiddur um hlutverk Evu Joly hér á landi. Svo virðist sem margir haldi að Joly hafi beina aðkomu að rannsókn bankahrunsins, sé jafnvel í því starfi með sérstökum saksóknara, Ólafi Þór Haukssyni. Gildir þetta bæði um aðdáendur Joly, og ýmsa af hinum sem eru minna hrifnir af henni. Hið rétta er að sú norsk-franska er „sérstakur ráðgjafi ríkisstjórnarinnar vegna rannsókna á efnahagsbrotum sem tengjast hruni fjármálakerfisins“, eins og stóð í fréttatilkynningu forsætisráðuneytisins þegar hún var ráðin.

Eva Joly hefur sem sagt ekkert vald um hverja skal rannsaka og síðar mögulega ákæra ef efni gefa til. Hún er ráðgjafi, og eins og gildir um slíka, hefur sá sem ræður þá í vinnu, frjálst val um hvaða ráð þeirra hann kýs að nýta sér; öll, engin, eða aðeins þau sem eru talin skynsamleg.

Í gær upplýsti Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra að frumvarp væri í smíðum sem kæmi til móts við hluta af ráðgjöf Joly, eða „kröfum“ eins og dómsmálaráðherra kaus að orða það í viðtali við fréttastofu Ríkisútvarpsins.

Frumvarp ráðherrans gerir meðal annars ráð fyrir að þrír sjálfstæðir og óháðir saksóknarar verði ráðnir til starfa hjá hinum sérstaka saksóknara, einn fyrir hvern stóru bankanna. Er það í samræmi við ráðgjöf Joly.

Dómsmálaráðherra kýs hins vegar að hafa að engu ráðgjöf Joly um að víkja beri Valtý Sigurðssyni ríkissaksóknara frá, enda opinberaði sú ráðgjöf mikið þekkingarleysi ráðgjafans á íslensku réttarfari. Og það er auðvitað hið vandræðalegasta mál sem ekki er hægt að láta eins og hafi ekki átt sér stað.

Eva Joly er ráðin sem sérfræðingur í rannsókn efnahagsbrota. Á því sviði vann hún magnaða sigra fyrir nokkrum árum. Að hún skuli vera útlendingur er auðvitað líka lykilatriði í stöðu hennar hér á landi. Traustið á íslensku embættismannakerfi er laskað eftir hrunið. Utanaðkomandi sérfræðingi í ráðgjafahlutverki hlýtur ekki síst að vera ætlað það hlutverk að auka tiltrú og slá á þá tortryggni sem teygir sig út í flest horn.

Í því hlutverki hefur Joly því miður brugðist. Með ummælum sínum um ríkissaksóknara hefur hún sáð skaðlegum og ómaklegum efasemdum. Þegar orð hennar féllu lá þegar fyrir að Valtýr var búinn að segja sig frá öllum málum tengdum rannsóknum saksóknara bankahrunsins.

Aðalstarf Evu Joly er að vera þingmaður á Evrópuþinginu. Orð hennar og æði bera þess fyrst og fremst merki að þar er stjórnmálamaður á ferðinni. Sem slíkur hefur hún margt merkilegt fram að færa. Í gærkvöldi sagði hún til dæmis í fréttatíma Stöðvar 2 að réttarkerfi Vesturlanda væri sniðið að því að dæma fólk í lægri lögum samfélagsins en þeir ríku og valdamiklu slyppu gjarnan. Þetta er athyglisverður boðskapur sem er þarft að taka til umræðu.

Hugleiðingar stjórnmálamannsins og þjóðfélagsrýnisins Joly trufla hins vegar verulega stöðu hennar sem sérfræðiráðgjafa ríkisstjórnarinnar í rannsóknum á efnahagsbrotum. Ríkisstjórn ætti að hugleiða að fá annan erlendan sérfræðing í það hlutverk. Það er þörf á að minnka tortryggni í samfélaginu. Ekki auka hana eins og helsta framlag Joly hefur verið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hverjum bjallan glymur

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, sló hugsanlega met í gær þegar hún sló 40 sinnum í bjölluna undir ræðum Eyglóar Harðardóttur og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, þingmanna Framsóknarflokksins; þar af glumdi bjallan 24 sinnum formanninum til heiðurs. Sigmundi Davíð varð svo um að hann kvaddi sér hljóðs aftur til þess eins að biðja forsetann að hætta að „spila á bjölluna“ meðan hann væri í ræðustól. Ásta Ragnheiður brást við þessu með því að slá þrisvar sinnum í bjölluna til viðbótar. Þetta myndi líklega flokkast undir það sem kallast óásættanlegur ágreiningur.



### Þeir sterku brauðfætur

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, tilkynnti í gær að hann myndi hætta sem bæjarstjóri. Eftirmaður hans verður valinn á næstu dögum. Í samtali við Vísi í gær sagði Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins, að meirihlutasamstarfið stæði „á traustum fótum eins og alltaf“. Sjálfsagt var Ómar að vísa til þess þegar hann hótaði að slíta samstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn fyrir helgi nema Gunnar segði af sér.

### Dóni um dóna

Mörður Árnason bloggar um kynni sín af Gunnari og fær bæjarstjórinn fráfarandi ekki góða einkunn. „Skelfilegur maður að vinna með. Rusti. Dóni. Valdakall,“ skrifar Mörður en bætir þó við að Gunnari hafi ekki verið alls varnað. „Og eftir allt saman var erfitt að láta sér líka verulega illa við karlinn – hann hefur þennan undarlega hlýja sjarma gegnum líkamsskapnað sinn og hyldjúpan bassann: […] Að minnsta kosti þurfi að vera til einhvers konar verndar- og varðveislusvæði fyrir þvílíkt exemplar af mannskepnunni – kannski í nánd við skógarbjörninn og nashyrninginn.“ Miðað við þennan munnsöfnuð þarf Gunnar að hafa sagt eitthvað verulega ljótt til að uppskera einkunnina dóni frá Merði Árnasyni.



**bergsteinn@frettabladid.is**

# Sósíalismi hinna ríku



JOSEPH STIGLITZ

**Í DAG** | Fjármálakreppann

Með tali um „græna sprota endurreisnarinnar“ reyna bandarískir bankar að stemma stigu við tilraunum til að koma þeim undir eftirlit. Stjórnmálamenn tala um skuldbindingu í þá veru að herða eftirlitskerfið til að koma í veg fyrir að hrunið endurtaki sig, en þar skipta smáatriðin öllu máli – bankarnir munu berjast með kjafti og klóm til að reyna að tryggja sér nægilegt svigrúm til að geta starfað áfram eins og þeir gerðu áður.

Gamla kerfið virkaði vel fyrir bankamenn. Hví ættu þeir að vilja breytingar? Þegar ríkið kom þeim til bjargar var reyndar svo lítil hugsun lögð í hvers konar bankakerfi við vildum að risi eftir fjármálakreppuna, að við eigum eftir að enda með enn ósamkeppnishæfara bankakerfi, þar sem stóru bankarnir verða orðnir enn stærri.

Komið hefur í ljós að bandarísku bankarnir, sem eru of stórir til að falla, eru líka of stórir til að vera stjórnað. Lélegur árangur þessara banka skýrist meðal annars af þessu. Þar sem ríkið tryggir innstæður í bönkum gegnir það stóru hlutverki í enduruppbyggingunni (ólíkt öðrum geirum). Þegar banki fer á hausinn skipuleggur ríkið yfirleitt fjárhagslega enduruppbyggingu; ef það lætur fé af hendi rakna, fær það auðvitað hlutdeild í bankanum í framtíðinni. Embættismenn vita að ef þeir bíða of lengi, munu „uppvakningabankar“ – bankar sem eru lítils virði en samt látið sem þeir séu traustar stofnanir – líklega „veðja á endurlífgun“. Ef þeir leggja mikið undir og vinna, hirða þeir ágóðann; ef þeir tapa borgar ríkið reikninginn.

### Látið undan þrýstingi

Þetta er ekki bara kenning; þetta var okkur dýrkeypt lexía á 9. áratugnum þegar Savings & Loans fór á hausinn. Þegar hraðbankinn segir „ekki næg innstæða“, vill ríkið ekki að það þýði að bankinn, eða reikningurinn þinn sé tómur, svo það blandar sér í leikinn áður en kassinn tæmist. Við fjárhagslega uppbyggingu tapa hluthafar yfirleitt öllu sínu og eigendur skuldabréfa verða nýir hluthafar. Stundum verður ríkið að punga út viðbótarfé; stundum leitar það að nýjum fjárfesti til að taka yfir banka sem hefur komist í þrot.

Stjórn Obama Bandaríkjaforseta hefur aftur á móti kynnt til sögunnar nýtt hugtak: of stór til að vera enduruppbyggður fjárhagslega. Stjórnin fullyrðir að það færi allt til fjandans ef reynt yrði að fara eftir hefðbundnum leikreglum í sambandi við stóru bankana. Það kæmi fát á markaði. Það eru því ekki aðeins eigendur skuldabréfa sem eru ósnertanlegir, heldur eru hluthafar það líka – jafnvel þótt núvirði hlutabréfanna endurspegli fyrst og fremst að menn veðja á að ríkið komi til bjargar.

Ég held að þetta sé röng ályktun hjá Obama. Ég held að stjórnin hafi látið undan pólitískum þrýstingi og hræðsluáróðri stóru bankanna. Fyrir vikið hefur stjórnin ruglað björgunaraðgerðum fyrir bankamenn og hluthafa saman við björgunaraðgerðir fyrir bankanna.

### Ónýtur samfélagssáttmáli

Endurbygging gefur bönkunum færi á að byrja upp á nýtt: nýir mögulegir fjárfestar (hvort sem er á markaði eða í skuldabréfum) fá aukna trú á bönkunum, aðrir bankar verða viljugri til að lána þeim, og sjálfir verða þeir viljugri til að lána öðrum.

*En hin nýja tegund gervikapítalisma, þar sem tapið fellur á ríkið en hagnaðurinn er einkavæddur, er dæmd til að mistakast. Hvatar og frumkvæði bjagast. Það er enginn agi á markaðnum. Risabankarnir vita að þeir geta haldið áfram að stunda glæfraleiki meðan þeir njóta friðhelgi...*

Eigendur skuldabréfa munu hagnast á skipulegri enduruppbyggingu, og ef virði eignanna reynist verða meira en markaðurinn og utanaðkomandi sérfræðingar gefa til kynna, verður uppskeran rækileg.

Það liggur hins vegar fyrir að aðferð Obama er og verður dýrkeypt – og hefur ekki, enn sem komið er, náð því markmiði að koma lánastarfsemi aftur á réttan kjöl. Skattgreiðendur hafa þurft að borga marga milljarða, auk þess að gangast í ábyrgð fyrir marga milljarða í viðbót á víxlum sem munu að líkindum falla í framtíðinni.

Að endurskrifa reglur markaðsbúskapar – í þágu þeirra sem hafa stefnt hagkerfi heimsins í voða – er verra en bara dýrt. Flestum Bandaríkjamönnum finnst það óréttlátt, sérstaklega eftir að hafa orðið vitni að því þegar bankarnir tóku milljarðana, sem þeir fengu frá ríkinu til að hefja lánastarfsemi aftur, og notuðu það til að greiða mönnum kaupauka og arð. Menn ættu að fara varlega í að eyðileggja samfélagssáttmálann.

En hin nýja tegund gervikapítalisma, þar sem tapið fellur á ríkið en hagnaðurinn er einkavæddur, er dæmd til að mistakast. Hvatar og frumkvæði bjagast. Það er enginn agi á markaðnum. Risabankarnir vita að þeir geta haldið áfram að stunda glæfraleiki – og meðan seðlabanki Bandaríkjanna sér bönkum fyrir lánsfé á nær vaxtalausum kjörum verða til digrir sjóðir til að leika sér með.

### Bandarískur sósíalismi?

Sumir hafa kallað þessa nýju efnahagsstjórn „sósíalisma með bandarískum einkennum“. En sósíalismi lætur sig venjulegt fólk varða. Bandaríkin hafa þvert á móti gert afar lítið til að koma til móts við þær milljónir Bandaríkjamanna sem eru að missa heimili sín. Þeir sem missa vinnuna fá aðeins takmarkaðar atvinnuleysisbætur í 39 vikur, en þurfa eftir það að standa á eigin fótum. Og með vinnunni tapa þeir líka heilbrigðistryggingunni.

Bandaríkin hafa lagt öryggisnet fyrirtækja út fyrir öll mörk, fyrst undir viðskiptabanka og fjárfestingarbanka, síðan tryggingafyrirtæki og svo bílaiðnaðinn. Hvar endar þetta? Þetta á ekkert skylt við sósíalisma, þetta er framlenging af hinu langvarandi velferðarkerfi fyrir fyrirtæki. Hinir ríku og valdamiklu leita til ríkisins eftir aðstoð hvenær sem þeir geta, meðan einstaklingar í nauð njóta lítils félagslegs öryggis.

### Bútum bankana niður

Það þarf að búta risabankana niður; það er ekkert sem bendir til að félagslegur ágóði þessara stofnana sé í nokkru samræmi við byrðarnar sem þær hafa lagt á aðra. Og ef þeir verða ekki bútaðir niður, verður að takmarka svigrúm þeirra verulega. Þeir mega ekki komast upp með það sama og áður – að taka áhættu á kostnað annarra.

Þetta vekur athygli á öðru vandamáli í sambandi við risabankana, sem eru of stórir til að falla og of stórir til að verða enduruppbyggðir: þeir hafa of mikil pólitísk völd. Það bar árangur fyrir þá að þrýsta á afnám regluverks, sem og að láta skattgreiðendur borga brúsann fyrir hrunið. Von þeirra er að enn og aftur fái þeir frelsi til að starfa eins og þeim sýnist, burtséð frá áhættunni fyrir skattgreiðendur og hagkerfið. Við höfum ekki efni á að láta það gerast.

*Höfundur er Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði og prófessor við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum. ©Project Syndicate. Millifyrirsagnir eru Fréttablaðsins.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



plögg
–Beint í bílinn





● **KOSTIR RAFBÍLA** Rafbílar hafa ótvírætt marga kosti fram yfir hefðbundna bíla sem brenna jarðefnaeldsneyti.

Yfir 80 framleiðendur eru búnir að tilkynna að þeir séu að koma með rafbíla á komandi árum. Flestir þeir rafbílar eru með hefðbundnu sniði og líkjast að flestu leyti þeim bílum sem við þekkjum í útliti en það skilur að í uppbyggingu og tækni. Sem dæmi er hefðbundinn dísilmótor með um 1.000 hreyfanlega hluti meðan sambærilegur rafmótor er með 4. Það segir sig sjálft að munur á viðhaldi er gífurlegur.

**Nokkrir þættir varðandi rafbíla:**

- Sparnaður – gera má ráð fyrir að lágmarki 75 prósent sparnaði í orkukostnaði
- Viðhald – Kostnaður við viðhald minnkar um allt að tvo þriðju hluta
- Mengun – enginn $CO_2$-mengandi útblástur
- Hljóðlátur – rafbílar eru mjög hljóðlátir
- Einfaldir – Einn gír áfram og einn gír afturábak
- Auðvelt að hlaða – bara stinga í samband





Rafknúnir sendibílar eru þekktir víða erlendis. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Rafknúnir sendiferðabílar á leiðinni til landsins

Senn hefst innflutningur á rafknúnum sendibílum frá breska fyrirtækinu Smith Electric, en það fyrirtæki hefur smíðað rafbíla í yfir 80 ár. Sem dæmi má nefna að Smith smíðaði árið 1920 tveggja hæða strætisvagnasem knúnir voru rafmagni og notaðir voru í London. Einnig smíðaði fyrirtækið og seldi í mörg ár rafknúna sendibíla sem notaðir voru til að keyra mjólk heim að dyrum fólks að næturlagi. Bretar þekkja þessa mjólkurbíla sem Smith-bílana.

Fyrirtækið hefur nú breikkað út vörulínu sína og nú er fjöldi gerða í boði en meðal viðskiptavina fyrirtækisins í Bretlandi má nefna TNT, Sainsbury´s, Royal Mail og SKY.

Þytur rafbílaumboð býður nú til sölu bíla frá Smith Electric og verða fyrstu bílarnir afhentir í haust.



Rafgeymir eins og hann lítur út í dæmigerðum rafbíl.

**Útgefandi:** Northern Ligths Energy | **Heimilisfang:** Bankastræti 5, 101 Reykjavík
| **Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Sighvatur Lárusson | **Netfang:** nle@nle.is
| **Vefsíða:** www.nle.is og www.2012.is | **Sími:** 587-2012 |
| **Forsíða:** Northern Ligths Energy



Félagið 2012 Nýtt upphaf stefnir að því að fjölga rafbílum hérlendis á næstu árum. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Fyrirmynd annarra þjóða

**Nýtt kerfi kemur til með að gera rafbílinn að raunhæfum kosti hérlendis, þegar rafhleðslupóstar og hraðhleðslustöðvar fyrir rafbíla verða settar upp um land allt.**

Félagið 2012 Nýtt upphaf boðar tímamót í notkun rafbíla á Íslandi með uppsetningu á kerfi sem fengið hefur nafnið Plögg. Félagið hefur sett sér það markmið að 50.000 rafbílar verði komnir á götuna hérlendis fyrir árslok 2012. Um leið hrindir félagið því í verk sem fjölmargir hafa rætt um að gera síðustu ár.

„Rafbílar hafa þurft að láta í minni pokann fyrir bensínbílum sökum þess að rafhlöðurnar hafa ekki verið nægjanlega góðar. Ýmis atriði voru þannig að rafhlöðurnar stóðust ekki samanburðinn; þær þóttu ekki umhverfisvænar, entust illa, voru þungar og svo framvegis. Nú eru breyttir tímar og gríðarleg samkeppni er í dag um þróun rafhlaðna. Sem dæmi um alvöru málsins lagði ríkisstjórn Obama nýverið til milljarða dollara til þróunar á rafhlöðum og tengdri tækni en sú ákvörðun mun hafa afgerandi áhrif á þróun bílaiðnaðarins um allan heim á næstu árum," segir Sturla Sighvatsson, framkvæmdastjóri 2012 Nýtt upphaf, og bætir við: „Plögg-kerfið gefur eigendum rafbíla kost á að tengjast og hlaða á



**Sturla Sighvatsson, framkvæmdastjóri félagsins 2012 Nýtt upphaf, telur rafbílinn vera framtíðina.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

öruggan hátt um land allt." Að sögn Sturlu er kerfinu ætlað að vera einfalt og auðvelt í notkun, einungis þarf að „plögga" bílnum í Plöggpóst til að hlaða. Tíu þúsund slíkum Plögg-póstum og um 150 hraðhleðslustöðvum verður dreift um allt land.

„Hægt verður að hlaða bílinn meðan keypt er í matinn eða skroppið í bíó. Fullri hleðslu á meðalbíl en náð á þremur til fjórum klukkustundum en á hraðhleðslustöð getur það tekið tíu til fimmtán mínútur."

Kerfið er hannað í samvinnu við erlenda framleiðendur en einnig koma íslensk fyrirtæki að þróun þess. Stór hluti kerfisins er íslenskur hugbúnaður frá SAGA SYSTEM og sérlausnir frá sprotafyrirtækinu HBT. Verkfræðistofan EFLA kemur einnig að verkefninu með ráðgjöf og mun aðstoða við uppbyggingu kerfisins.

„Aðgangur að Plögg-kerfinu verður með áskriftarfyrirkomulagi en stefnt er að því að áskrift fylgi með öllum nýjum rafbílum. Ekki liggur fyrir á þessu stigi hvert áskriftargjaldið verður en það mun að líkindum verða á bilinu 5-10 þúsund á mánuði, miðað við meðalkeyrslu, en svo er greitt aukalega fyrir orkunotkun umfram það. Kosturinn er hins vegar sá að ef þú kýst að hlaða heima, nýtir kerfið lítið, eða keyrir ekki mikið, þá færðu endurgreitt í lok hvers tímabils inn á orkureikninginn þinn," segir Sturla. Fyrirtækið mun einnig hjálpa til við innflutning á rafbílum en væntanlegar eru margar nýjar tegundir af rafbílum á næstu tveimur til þremur árum.

„Íslenska þjóðin hefur möguleika á því að verða fyrsta þjóðin í heiminum sem ekur eingöngu á rafmagni og með því verða fyrirmynd annarra þjóða. Sjálfbærni í orku í samgöngum er eitthvað sem þjóðir um allan heim eru að vinna að en við getum verið fyrst," segir hann.

*- hds*

# Fyrsti rafmagnskrossarinn

Fyrsti rafmagnskrossarinn kom til landsins núna í maímánuði á vegum 2012 verkefnisins. Þetta er alvöru torfæruhjól frá bandaríska fyrirtækinu Zeromotorcycles í Kaliforníu. Hjólið vegur aðeins 68 kíló og þar af er rafhlaðan um 20 kíló.

Hægt er að aka hátt í 70 kílómetra á einni hleðslu og aldrei þarf að skipta um gír, bara gefa í og þjóta af stað. Á myndinni er Einar Sigurðarson, margfaldur Íslandsmeistari í mótorkrossi að prófa hjólið fyrir framan Alþingishúsið.



**Einar er margfaldur Íslandsmeistari í mótorkrossi. Hér er hann á hjólinu.** MYND/ÚR EINKASAFNI


ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...



Græna prentsmiðjan
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Miðvikudagur 17. júní 2009 – 24. tölublað – 5. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir



Franek Rozwadowski
Stór skref stigin hér í haust





2

Ímyndarvísitala banka og sparisjóða
Auglýsingarnar pirra fólk





4-5

Valdimar Ármann
Óverðtryggð húsnæðislán





6


## Samdráttur í kortaveltu

„Það er mikill samdráttur í kortaveltu erlendis,“ segir Viktor Ólason, framkvæmdastjóri Kreditkorta hf. Hann bendir á að hver einstaklingur eyði svipaðri upphæð í hverri ferð en færslurnar séu mun færri vegna óhagstæðs gengis.

Samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands hefur kreditkortavelta dregist saman um sextán prósent á þessu ári. Viktor segir að velta á hvert Mastercardkort hafi minnkað um 23 prósent frá áramótum. „Þó vinni það á móti að mikil aukning hafi verið í American Express-kortum,“ segir hann.

Viktor segir að heildarvanskil hafi verið að aukast í krónum talið síðastliðið ár. Umtalsverð aukning korta skýrir þó aukninguna að hluta. Hann bendir jafnframt á að vanskil hafi tekið að aukast fyrir hrunið og hafi ekki mikið aukist frá þeim tíma.

- bþa

## Einelti í garð Íslands

„Bretar og Hollendingar eru að leggja Ísland í einelti,“ segir Ársæll Valfells, lektor við Háskóla Íslands, í grein á vefsíðu Forbes. Hann segir að í mætti stærðar sinnar hafi Bretar og Hollendingar verið í afgerandi samningsstöðu sem komið hafi niður á Íslandi.

Hann telur jafnframt að léleg fjármálastjórn og hæfni í samningaviðræðum verði dýrkeypt fyrir komandi kynslóðir. Ársæll segir að réttast væri að Alþingi hafni Icesave-samkomulaginu til að koma í veg fyrir mögulega málsókn á hendur íslenska ríkinu.

- bþa

## HELST Í ÚTLÖNDUM

**Markaðir falla |** Helstu hlutabréfavísitölur í Bandaríkjunum féllu um rúm tvö prósent á mánudag. Slíkt hefur ekki sést vestanhafs í mánuð. Fjármálaskýrendur segja að auk þess sem hlutabréfamarkaðurinn sé almennt viðkvæmur sé vart á bætandi þegar Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, boðar breytingar á lögum og reglum fjármálafyrirtækja.



**Leiðtogar funda |** Fulltrúar BRIC-landanna, fjögurra stærstu nýmarkaðslanda heims, funduðu í Jekaterínborg í Rússlandi í gær. Þetta er fyrsti fundur þeirra. Eftirlit með fjármálastarfsemi vó þungt í viðræðunum auk gjaldeyrismála og höfðu fulltrúarnir áhyggjur af vægi Bandaríkjadals í myntkörfum heimsins.

**Meira afskrifað |** Evrópski seðlabankinn telur ólíklegt að bankar og fjármálafyrirtæki á evrusvæðinu séu komnir fyrir horn í afskriftum. Áætlaðar heildarafskriftir vegna verðfalls á hlutabréfaverði og lélegra lána geta numið allt að 649 milljörðum dala frá upphafi fjármálakreppunnar fram til loka næsta árs, samkvæmt áætlun bankans.

**Bjartsýni í Japan |** Japanski seðlabankinn ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum í 0,1 prósenti. Bankastjórnin segir jákvæð merki í loftinu sem bendi til að hægt hafi á efnahagssamdrættinum. Aðstæður séu hins vegar mjög erfiðar og sé fjarri því að hagkerfið sé komið fyrir horn í kreppunni.

# Styttist í gjalddaga á risaláni til Actavis

### Actavis skuldar hátt í 800 milljarða króna vegna yfirtöku Novators. Landsbankinn og Íslandsbanki lánuðu tugmilljarða.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Gjalddagi á lánasafni Deutsche Bank til Novators vegna yfirtöku félagsins á Actavis í júlí í hittifyrra rennur upp á næsta ári. Lánið hljóðar upp á um fjóra milljarða evra, jafnvirði um sjö hundruð milljarða króna að núvirði. Það, ásamt öðrum lánum sem Novator tók í tengslum við yfirtökuna, liggur nú í bókum Actavis. Eftir því sem næst verður komist er félagið í skilum með öll lán sem tekin voru í tengslum við yfirtökuna fyrir tæpum tveimur árum.

Lítið hefur verið gefið upp um lánveitingar til Novators í tengslum við yfirtökuna, sem kostaði sex milljarða evra, jafnvirði rúmra eitt þúsund milljarða króna, og voru stærstu fyrirtækjakaup Íslandssögunnar.

Eftir því sem næst verður komist var lán Deutsche Bank kúlulán með um sex prósenta vöxtum með veði í bréfunum sjálfum. Slíkt er reyndar ekki óalgengt í skuldsettum yfirtökum. Þetta er mesta skuldabyrði Actavis í dag og umfangsmesta lánveiting Deutsche Bank til eins lántakanda.

Landsbankinn og Kaupþing lánuðu hundrað milljónir evra hvort í tengslum við yfirtökuna. Líkt og fram kom í umfjöllun fjölmiðla í síðustu viku um stöðu Novator Pharma, félagsins sem skrifað er fyrir eignarhlut Björgólfs Thors Björgólfssonar, stjórnarformanns Actavis, nema skuldbindingar gagnvart Landsbankanum í Lundúnum 206 milljónum evra, jafnvirði 35 milljarða króna hið minnsta.

Skuldbindingar félagsins gagnvart bönkunum tveimur nema þessu samkvæmt nálægt 53 milljörðum íslenskra króna. Ekki liggur fyrir hvort bankarnir komu að hlutafjáraukningu félagsins í september í fyrra en þá þurfti Novator að bæta við tuttugu milljörðum króna í sjóði Actavis.

Eftir því sem næst verður komist eru lán íslensku bankanna með breytirétti og ellefu prósenta vöxtum. Þau eru aftast í kröfuhafaröðinni en þó á undan hlutafjáreign, sem iðulega er aftast.

Skuldbindingar félaga sem tengjast Björgólfi Thor gagnvart Landsbankanum koma ekki fram í ársreikningum bankans. Í reikningunum eru tilteknar skuldbindingar Björgólfs Guðmundssonar, föður hans, gagnvart bankanum. Einungis skuldbindingar stjórnarmanna gagnvart félögum á borð við gamla Landsbankann eru tilteknar í ársreikningum, samkvæmt upplýsingum endurskoðenda bankans á sínum tíma. Ekki skiptir máli þótt Björgólfur Thor hafi átti rúman fjórðutíu prósenta hlut í Landsbankanum ásamt föður sínum í gegnum eignarhaldsfélagið Samson.

Ásgeir Friðgeirsson, upplýsingafulltrúi Björgólfs, segir eðlilegt að íslensku bankarnir hafi komið að fyrri fjárfestingarverkefnum Björgólfs Thors, svo sem í búlgarska fjarskiptafyrirtækinu BTC, og hagnast vel.

Viðmælendur Markaðarins segja stöðu Actavis sterka þrátt fyrir alþjóðlegar efnahagsþrengingar. Ljóst þykir að framtíð Actavis liggur í höndum Deutsche Bank, sem hafi frá upphafi stefnt á að selja samheitalyfjafyrirtækið áður en gjalddaginn rynni upp á næsta ári.

Bandaríski fjárfestingarbankinn Merrill Lynch hefur veitt ráðgjöf um framtíð Actavis síðan í október í fyrra. Ásgeir segir allt í skoðun: „Menn hafa ekkert útilokað. Það er vindasamt á mörkuðum og menn stöðugt að skoða stöðuna. Hlutirnir geta breyst mikið á sex mánuðum.“ Hann segir að þar á meðal hafi komið til greina að skrá Actavis aftur á markað. Ekki komi þó til greina að skrá það hér.

Orðrómur fór á kreik í síðustu viku að þýska samheitalyfjafyrirtækið Stada væri að íhuga kaup á hlut Actavis. Það hefur ekki fengist staðfest enda félagið ekki upplýsingaskylt eftir að það var tekið af markaði.

Nokkrir möguleikar munu þó vera í stöðunni til að greiða upp lánið. Einn þeirra er að selja Actavis til evrópskra lyfjafyrirtækja. Þau munu þó fremur hafa áhuga á að kaupa hluta Actavis en félagið allt. Bandarísk lyfjafyrirtæki munu þó áhugasamari um félagið allt enda líti þau á Actavis sem dyr inn á evrópskan lyfjamarkað. Takist ekki að selja félagið má gera ráð fyrir að semja verði um lengri frest á gjalddaganum eða endurfjármagna það eftir öðrum leiðum, samkvæmt heimildum Markaðarins.


OPTICAL STUDIO LEIFSSTÖÐ – EINSTÖK SÉRVERSLUN Á FRÍHAFNARSVÆÐI




Ray-Ban
CHANEL
BVLGARI
LINDBERG
DOLCE & GABBANA
PRADA
OAKLEY
TOM FORD

Optical Studio
FRÍHÖFN LEIFSSTÖÐ

ÁBYRGÐAR- OG ÞJÓNUSTUAÐILAR: OPTICAL STUDIO SMÁRALIND, OPTICAL STUDIO KEFLAVÍK

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | 0,0% | 0,0% |
| Bakkavör | -7,1% | -57,8% |
| Eimskipafélagið | -30,0% | -44,0% |
| Föroya Bank | 0,4% | 1,7% |
| Icelandair | 0,0% | -65,4% |
| Marel | -2,0% | -31,4% |
| Össur | 3,3% | 11,3% |

*Úrvalsvísitalan OMXI15 264*
*Úrvalsvísitalan OMXI6 734*
**Miðað við gengi í Kauphöll í gær.*

# Traust verður að byggja upp

## Aðild að ESB og upptaka evru lykilatriði í uppbyggingu atvinnulífsins.

„Aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru er lykilatriði í uppbyggingu atvinnulífsins," segir Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital.

Kristín hélt erindi á fundi Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga um það sem fram undan er í íslensku atvinnulífi ásamt þeim Franek Rozwadowski, sendifulltrúa AGS hér, og Vilhjálmi Þorsteinssyni, stjórnarformanni CCP.

Kristín segir mikilvægt að landsmenn horfist í augu við það að Ísland sé rúið trausti á alþjóðlegum vettvangi og verði að ráða bót á því. „Aðild að ESB mun auka trúverðugleika okkar og flýta fyrir batanum," sagði hún og bætti við mikilvægi þess að breyta bankaganginum hér og skipta væntingum um skyndigróða og skeytingarleysi út fyrir fjölbreytni í atvinnulífi og sjálfbæran fyrirtækjarekstur. Í því felist framtíðin, að hennar mati. - jab



**KRISTÍN PÉTURSDÓTTIR** Forstjóri Auðar Capital segir aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru lyfta trúverðugleika landsins upp úr öskustónni. MARKAÐURINN/STEFÁN

# FME frestar uppgjörinu

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur veitt frest á birtingu endanlegs uppgjörs á milli gömlu og nýju bankanna fram til 17. júlí næstkomandi. Þetta er í þriðja sinn sem uppgjörinu hefur verið frestað.

FME segir það hafa verið nauðsynlegt að fresta endanlegu uppgjöri. Viðræður standi enn yfir milli eiganda nýju bankanna og skilanefnda gömlu bankanna um endanlegt uppgjör þeirra á milli. Tíma þurfi til að ganga frá endanlegum skilmálum fjármálagjörninga. - jab

# Jöklabréfum snarfækkar

Heildarvirði jöklabréfa mun nema áttatíu milljörðum króna í vikulokin. Bréf upp á tæpa 170 milljarða króna hefur fallið á gjalddaga frá áramótum.

Þetta kemur fram í Hagsjá Landsbankans í gær. Þar segir að vegna takmarkana á fjármagnsflutninga sé ljóst að stærstur hluti þeirra höfuðstólsgreiðslna sem fallið hafi frá í haust hafi ekki verið fluttur úr landi. Þá hafi Seðlabankinn ekki heimilað að skipta vaxtagreiðslum, sem gefin eru út af erlendum aðilum í krónum, yfir í erlendan gjaldeyri. Féð hafi því leitað í aðra innlenda ávöxtun. - jab

# Vafri Opera Software verður vefþjónn

Norska hugbúnaðarfyrirtækið Opera Software kynnti í gær fyrstu prufuútgáfu af nýrri tækni sem gerir netverjum kleift að breyta einkatölvum sínum og farsímum í netþjóna í gegnum vafrann.

Með búnaðinum, sem kallast Opera Unite, er mögulegt að tengja saman fleiri en eina tölvu og annan búnað sem keyrir á Opera-vafranum og deila skrám, svo sem tónlist, líkast því sem um hefðbundinn vefþjón sé að ræða. Þriðji aðili, sem venjulega myndi vista efnið, kemur hvergi við sögu.

Fram kom á blaðamannafundi fyrirtækisins í gærmorgun, þar sem Jón S. von Tetzchner, forstjóri Opera Software, kynnti tæknina, að í fyrstu verði hún aðeins fyrir einkatölvur. Stefnt er að því að innleiða hana í farsíma síðar meir. - jab



**JÓN S. VON TETZCHNER** MARKAÐURINN/ANTON



**FRANEK ROZWADOWSKI** Sendifulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins segir stjórn peningamála hér líkasta því að sigla skipi í þoku. MARKAÐURINN/ARNÞÓR

# Stór skref í haust

## Stöðugt gengi krónunnar skiptir öllu, segir sendifulltrúi AGS. Töf á áætlun sé óheppileg.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

„Með lækkun stýrivaxta getur skapast hætta á gengisfalli sem gæti reynst mjög erfitt að snúa til baka," segir Franek Rozwadowski, sendifulltrúi Alþjóðagjaldeyrirssjóðsins (AGS) á Íslandi.

Franek hélt erindi um framgang efnahagsáætlunar AGS hér á hádegisfundi Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga í gær.

Hann benti á að aðgerðaáætlun Seðlabankans og AGS í peningamálum væri sem skip í þoku. Mjög erfitt sé að stýra málum. Á sama tíma og stærstur hluti lána heimila landsins sé verðtryggður í krónum séu skuldir fyrirtækja landsins í erlendri mynt. Erfitt sé að feta stigið því gengi krónunnar skipti öllu máli í báðum tilvikum. Megintilgangurinn felist í því að halda genginu stöðugu.

Franek sagði framfylgni aðgerðaáætlunar AGS og íslenskra stjórnvalda hafa tafist umfram áætlanir. Stjórnarskipti og tæknileg vandamál, svo sem tafir á mati á efnahagsreikningi bankanna, hafi dregist lengur en gert var ráð fyrir. „Það var óheppilegt því mjög liggur á að ljúka málinu," segir hann.

Franek telur mikilvæg skref í átt til bata efnahagslífsins verða stigin á næstu tveimur mánuðum. Bæði sé útlit fyrir að endurskoðun bankanna ljúki fljótlega auk þess sem stefnt sé að því að kynna yfirstjórn AGS endurskoðaða áætlun seint í júlí eða í ágúst. Í kjölfarið kunni gjaldeyrishöftum að verða aflétt í áföngum. Seðlabankinn verði að vera búinn undir skell enda megi reikna með að verulega gangi á gjaldeyrisforðann þegar höftin verða afnumin. - jab

# Leiðbeiningar um stjórnunarhætti uppfærðar

Viðskiptaráð Íslands, Kauphöllin og Samtök atvinnulífsins kynna á fimmtudag uppfærðar leiðbeiningar um stjórnunarhætti fyrirtækja. Heldur hefur verið hert að reglunum og til stendur að auka eftirfylgni með því að fyrirtæki fari að þeim.

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, segir að valdið hafi hálfgerðum vonbrigðum hversu dræmar viðtökur reglurnar hafi fengið á sínum tíma þegar þær voru gefnar út fyrir um fimm árum. Telur hann að ákveðið vanmat á því hversu auðvelt væri að innleiða svona reglur hafi átt sér stað og um leið á mikilvægi reynslu stjórnenda af því að hafa rekið sig á. „Núna er augljóslega góður tími til að uppfæra og fara yfir þessar reglur á ný," segir Finnur og bætir við að reynslan sýni að félögum sem leggi sig eftir því að starfa eftir góðum stjórnunarháttum farnist betur þegar að þrengi, líkt og nú gerist.

Í framhaldinu segir Finnur svo standa til að framkvæma á því efnislegar úttektir hvernig völdum fyrirtækjum gangi að halda sig við reglurnar um góða stjórnunarhætti, en um það verði birtar skýrslur sem bæði fjölmiðlar og fjárfestar hafi aðgang að. Þetta verði hluti af því að byggja hér upp traust á markaði á ný. - óká



**FINNUR ODDSON**




Viltu selja í erlendum gjaldmiðli?



*Við bjóðum veflausnir og posa í erlendum gjaldmiðlum!*

Þú getur selt erlendum ferðamönnum vörur og þjónustu í erlendum gjaldmiðlum* og færð þá gert upp í sama gjaldmiðli.

***EUR, GBP, USD og DKK**

Hafðu samband í síma
**525 2080**
og kynntu þér málið

VISA VISA ELECTRON MasterCard Maestro

VALITOR
–Virk miðlun verðmæta

**FYRIRTÆKJALAUSNIR VALITOR • Laugavegi 77 • 101 Reykjavík • Sími: 525 2080**
**fyrirt@valitor.is • www.valitor.is**

# GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ






Við hjá Hótel Eddu fyllumst ætíð miklu stolti og tilhlökkun á 17. júní. Líkt og aðrir landsmenn höldum við upp á þjóðhátíðardaginn. En fyrir okkur markar hann jafnframt sumarkomuna því þá hafa öll hótelin okkar opnað upp á gátt.

## SUMARSÆLA Í 48 ÁR

Fyrsta Edduhótelið var opnað árið 1961 og byggði á þeirri hugmynd að nýta húsnæði og heimavistir héraðsskólanna til að bjóða ferðalöngum þar upp á gistingu yfir sumartímann. Nú mynda 13 Edduhótel víðs vegar um Ísland eina elstu og virtustu hótelkeðju landsins. Sum þeirra eru sérhönnuð sem hótel, en öll starfa þau á þeim upprunalega grunni að bjóða hagkvæma og notalega gistingu og góða þjónustu.

## ATVINNUSKAPANDI FERÐAMENNING

Við erum stolt af hlutverki okkar í ferðamenningu Íslendinga og ekki síður af þætti Edduhótelanna í atvinnusköpun á landsbyggðinni. Nú sem fyrr eru hundruð sumarstarfa á Edduhótelum í heimabyggð gríðarlega eftirsótt, jafnt meðal íslenskra ungmenna og þeirra sem eldri eru. Reynsla starfsfólksins og þekking á náttúru og nágrenni hótelanna eru dýrmætur sjóður fyrir okkur og gesti okkar að sækja í.

VIÐ ÓSKUM ÞÉR GLEÐILEGRAR ÞJÓÐHÁTÍÐAR
OG HLÖKKUM TIL AÐ TAKA Á MÓTI ÞÉR Í SUMAR.

Starfsfólk Edduhótelanna

---

**13 HÓTEL ALLAN HRINGINN**

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjar • 6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir
8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri • 11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000

# Auglýsingar bankanna *fara í taugarnar á fólki*

**Mörgum finnst að bankarnir eigi að „halda sér á mottunni“ og láta vera að eyða peningum í fánýta samkeppni sín á milli þegar verðugri verkefni við endurreisn þjóðfélagsins bíði. *Óli Kristján Ármannsson* kynnti sér nýja rannsókn Fortuna á markaðsstarfi bankanna eftir hrun og árvissa mælingu fyrirtækisins á viðhorfi fólks til banka og sparisjóða.**

Svik, ósannsögli og óstöðugleiki, eru þau hugtök sem fólk tengdi helst við fjármálafyrirtæki landsins strax í kjölfar bankahrunsins í október, samkvæmt mælingu markaðsrannsókna- og ráðgjafarfyrirtækisins Fortuna. Fyrirtækið hefur lokið við gerð árvissrar rannsóknar á viðhorfum fólks til banka og sparisjóða. „Öll hefðbundin gildi sem fólk tók sem fyrirfram gefnum brustu við hrun bankanna,“ segir í samantekt fyrirtækisins. Allir mælikvarðar um traust, jákvæða ímynd, þjónustuánægju og trúverðugleika hrundu, en þó ekki alveg niður í „núll“ líkt og margir kynnu að halda. „Nær lagi væri að segja að þessir mælikvarðar hafi fallið um helming í kjölfar hrunsins.“

Eftir hrunið voru flestar hugsanir fólks til bankanna neikvæðar, þótt einnig örlaði á jákvæðum viðhorfum. Í fjórða sæti á eftir þeim hugsunum sem taldar eru til hér að ofan kom líka von um nýja framtíðarsýn. Þá kemur fram í rannsókn Fortuna að fólk sé með fremur óljósa mynd í huganum af því hver hafi svikið það og öll viðhorf til bankanna mjög sveiflukennd.

Hálfu ári eftir hrunið, þegar könnunin var gerð er fólki enn efst í huga vonbrigði, angist og reiði þegar það hugsar til bankanna. Þar á eftir kemur kvíði, vonleysi, óöryggi og vanmáttur. En jafnframt bærist með fólki von um mannlegri áherslur í starfsemi banka og mögulegar breytingar til hins betra. „Stóra breytingin sem orðið hefur á viðhorfum fólks til bankanna er sú að viðhorfin eru nú eru mótuð af mjög mikilli tilfinningasemi í stað þess að vera mótuð af rökréttum hugsunum eins og var mjög



**Í AUSTURSTRÆTI Í REYKJAVÍK** Bankafólk og almenningur halda áfram að sinna sínum málum í fjármálafyrirtækjum landsins þótt landslag hafi þar allt tekið miklum breytingum við hrun stóru bankanna í október síðastliðnum. Viðhorf fólks til banka og sparisjóða hafa hins vegar breyst og algengara en ekki að fólk láti markaðsstarf þeirra eftir hrun fara í taugarnar á sér. MARKAÐURINN/PJETUR

ríkjandi fyrir hrun og mörg ár þar á undan. Fyrir hrun hugsaði fólk um að hinir og þessir eiginleikar ættu að vera til staðar hjá bönkum, vörur og þjónusta ætti að uppfylla ákveðna staðla og dæmdi bankana þá út frá því,“ segir í skýrslu Fortuna. Núna séu viðskiptavinir bankanna lítið og hugsa um þessa eiginleika, þess í stað mótist viðhorfin til bankanna að mestu út frá hruninu og því sem þar gerðist.

Hallgrímur Óskarsson, framkvæmdastjóri Fortuna, segir bankana standa frammi fyrir ákveðnu vandamáli í markaðsstarfi sínu vegna þess hve fólk hafi af þeim neikvæða mynd. Sér í lagi eigi þetta við um ríkisbankana sem sprottnir séu upp úr rústum þeirra föllnu. Hann segir fólk fyrst og fremst hafa þörf fyrir skilaboð frá þeim sem slegið geti á og dregið úr neikvæðum hugsunum. „En bankarnir eru bara í þeirri stöðu að geta ekki nema með takmörkuðum hætti haft áhrif á þær. Til dæmis er útilokað fyrir flest fyrirtæki á bankamarkaði að byggja upp traust og jákvæða ímynd nú um stundir, það verður að bíða betri tíma,“ segir hann. Þeir einu sem talað geti til viðskiptavina á nótum trausts séu MP banki, sem sé nýr á þessum markaði og svo sparisjóðir sem staðið hafi af sér breytingarnar á fjármálamörkuðum. „Í raun geta bankarnir lítið annað gert en leitast við að gera ekki neikvæðar hugsanir fólks enn verri.“



**HALLGRÍMUR ÓSKARSSON**

Samhliða venjubundinni ímyndarmælingu kannaði Fortuna sérstaklega að þessu sinni áhrif auglýsinga fjármálafyrirtækja eftir hrunið.

Landsbankinn hefur farið þá leið að auglýsa fólkið í útibúunum sem staðið hefur vaktina og sé kjarninn í hefðbundinni bankastarfsemi meðan Íslandsbanki hefur farið þá leið að auglýsa stikkorð úr niðurstöðu rannsóknar um hvernig bankinn eigi að þjóna viðskiptavinum nú eftir hrun.

Kaupþing hefur svo farið aðra leið með því að auglýsa áfram vörur og þjónustu, líkt og algengt var fyrir hrun. Slíkt segir Hallgrímur að kunni að vera varhugavert því fólki geti þá fundist sem bankinn líti svo á að „fátt hafi breyst“ á sama tíma og viðskiptavinum þyki flestar forsendur breyttar. „Sumt fólk nefnir nú í tengslum við Kaupþings-auglýsingar að „bankinn láti eins og ekkert hafi í skorist“ en það það getur ýft upp og magnað upp þær neikvæðu hugsanir sem eru fyrira,“ segir Hallgrímur.

Þá segir Hallgrímur vel heppnaða auglýsingaherferð Byr um „fjárhagslega heilsu“ sem oft birtist fyrir hrun hafi í raun snúist í andhverfu sína eftir hrunið, en birtingar á henni héldu áfram. „Sérstaklega var það óheppilegt þá daga þegar umfjöllun um mettap Byr náði sem hæstum hæðum að þá var auglýsingin oft birt,“ segir hann og kveður þar hafa illa rekist á skilaboð um að annars vegar hafi fyrirtækið tapað stórfé, á sama tíma og það vilji bæta fjárhagslega heilsu viðskiptavina.

Eftir hrun segir Hallgrímur að sparisjóðagildin virðist standa sem þau gildi í íslenskri bankastarfsemi sem muni lifa af og fólk óski eindregið eftir að verði ríkjandi um ókomna tíð. „Sparisjóðirnir hafa birt auglýsingar sem minna á þessi sannindi og hefur það styrkt ímynd þeirra enn frekar. Þeir hafa því styrkt stöðu sína með auglýsingum en það á einkum við um þá sparisjóði sem hafa þolað breytingar á fjármálamörkuðum.“ Hann segir hins vegar eftir að komma í ljós hvernig þeim komi til með að ganga við að fá fólk í auknum mæli í viðskipti.

Hallgrímur segir Íslandsbanka og Landsbankinn í það minnsta að hluta virðast hafa gert sér grein fyrir að það þurfi að sýna fólki hluttekningu og auðmýkt og afturhvarf til gamalla gilda sé jákvætt. Báðir bankarnir hafi náð að setja fram skilaboð sem dragi úr myndun neikvæðra hugsana hjá almenningi. Hann segir hins vegar tvö grunnsjónarmið takast á varðandi hvort bankarnir eigi yfir höfuð að auglýsa nú um stundir. Því þótt innan bankanna starfi metnaðarfullt markaðsfólk sem sé því vant frá fyrri tíð að hafa umfangsmikla markaðsstarfsemi í gangi, kunni í sumum tilvikum að vera óráð að auglýsa. „Neikvæðar hugsanir vakna nefnilega ennþá hjá stórum hluta almennings við það eitt að bankarnir séu að eyða fé í auglýsingar sem fólk telur að séu ekki bráðnauðsynlegar, sérstaklega í þeim tilfellum þar sem bankarnir virðast vera að keppa sín á milli,“ segir hann. Þannig sé algengt að fólk tali um að bankarnir eigi „að hafa sig hæga“ eða jafnvel að þeir eigi „að halda sig á mottunni“.

## Gömlu bankarnir hrynja í áliti

**Fáir treysta ríkisbönkunum meðan sparisjóðirnir bæta vel við sig.**

Fjármálageirinn hefur borið mikinn hnekki í huga fólks samkvæmt árvissri ímyndarmælingu markaðsrannsókna- og ráðgjafarfyrirtækisins Fortuna. Ef til vill þarf ekki að koma á óvart að þar sé í huga fólks hæst fall stóru bankanna þriggja, sem nú eru í eigu ríkisins. Sparisjóðirnir hafa hins vegar bætt ímynd sína nokkuð milli ára, bæði hvað varðar hvaða kost fólk myndi fyrstan velja í bankaþjónustu og eins hvað traust varðar og trú á því að fyrirtækin verði til staðar og starfandi um ókomna tíð. Þarna hefur líka fall gömlu bankanna verið mest.

Fortuna beitir djúpgreiningu með viðtalstækni í mati sínu á stöðu fjármálafyrirtækjanna í huga fólks. Í hverjum flokki er svo fundið ákveðið miðgildi 100, eftir meðaltali niðurstaðna og raðast fyrirtækin svo á skalann út frá því og færast til milli ára. Þannig fékk Landsbankinn í fyrra niðurstöðuna 123, með yfirburðastöðu og nýbúinn að halda upp á 120 ára afmæli sitt, þegar fólk var spurt út í hvort það bæri traust til bankans og teldi að hann yrði til staðar um ókomin ár. Þegar mælingin var framkvæmd að ný í mars og apríl á þessu ári, hálfu ári eftir hrun fjármálakerfisins, fékk Landsbankinn í þessum lið einkunnina 88. Í ár fékk Kaupþing lökustu einkunnina, fór úr 90 stigum í 82, meðan Íslandsbanki fékk heldur betri einkunn en fyrir ári, 92 stig í stað 86 stiga áður. Sparisjóðirnir færðust úr 105 í 121 stig og tóku þar við yfirburðasessi Landsbankans, en Byr sparisjóður fór úr 94 stigum í 99. Hallgrímur Óskarsson, framkvæmdastjóri Fortuna, segir nokkra þætti geta spilað inn í viðhorf til bankanna og mögulega skýrt mun á trausti sem fólk ber til gömlu bankanna. Þannig hafi bæði gamli Landsbankinn og Kaupþing verið áberandi í umræðunni vegna margvíslegra mála, svo sem Icesave, lána til starfsfólks Kaupþings og fleiri mála, meðan mun minna hafi farið fyrir Íslandsbanka í umræðunni.

Mæling ímyndarvísitölu fjármálafyrirtækjanna er mjög ítarleg, en hún nær yfir meira en 20 þætti, en hluta þeirra má sjá hér til hliðar. Hin síðari ár, allt frá byrjun mælingarinnar, hafa nokkrir þættir verið mjög ráðandi í huga fólks þegar kemur að mótun viðhorfa gagnvart bönkum og sparisjóðum. Til dæmis hefur verið talið mjög mikilvægt að fyrirtækin stæðu sig vel í liðnum sem nefndur er „Gengur vel í uppbyggingu og útrás“. Þannig hefur í gegnum tíðina verið nauðsynlegt fyrir fjármálafyrirtækin að leggja allnokkra áherslu á að vera í uppbyggingu og útrás ef viðhorf fólks áttu að vera jákvæð.

Þessi staða er gjörbreytt samkvæmt nýjustu mælingu Fortuna. Að „ganga vel í uppbyggingu og útrás“ er þó enn til staðar sem áhrifaþáttur í mótun viðhorfa til fyrirtækjanna, en núna er hann sá þáttur sem minnst vægi hefur. Þá kemur fram að mældur munur á milli „stóru“ bankanna þriggja reynist vera mjög lítill. Fólk lítur þannig á að þeir séu einfaldlega „í sömu sporum“ að mestu leyti, þótt munur sé mælanlegur í einhverjum tilvikum.

Viðhorf til „stóru“ bankanna þriggja sem „Fyrsti valkostur“ á markaði hefur til dæmis gjörbreyst, og sparisjóðirnir aukið við forskot sitt í þeim efnum. Í þessari mælingu datt Landsbankinn úr 94 stigum í 76, Íslandsbanki úr 89 í 77 og Kaupþing úr 85 í 73 stig. Byr sparisjóður fer úr 114 stigum í 110, en sparisjóðirnir sem heild bæta töluvert við sig og fara úr 117 stigum í 127. Þá segir í skýrslu Fortuna að MP-banki mælist líka sterkt, miðað við að vera nýr á viðskiptabankamarkaði.

### ÍMYNDARVÍSITALA BANKA OG SPAR

**Helstu niðurstöður í mælingu Fortuna í mars og apríl, hálfu ári eftir bankah**

| *Landsbankinn* | *Íslandsbanki* | *Kaupþing* | *MP banki* | *Sparisjóð* |
|---|---|---|---|---|
| Fyrsti valkostur á markaði | | | | |
| 76 | 77 | 73 | 119 | |
| Traust/Verður til staðar eftir mörg ár | | | | |
| 88 | 92 | 82 | 111 | |
| Allir boðnir velkomnir | | | | |
| 95 | 99 | 102 | 105 | |
| Gengur vel í uppbyggingu og útrás | | | | |
| 88 | 89 | 91 | 107 | |
| Öflugur og hraðvirkur netbanki | | | | |
| 112 | 116 | 119 | 62 | |
| Fjölmiðlaumfjöllun jákvæð | | | | |
| 66 | 78 | 51 | 127 | |

**Ímyndarvísitalan er þannig reiknuð að meðaltal hvers mælds liðar er sett nákvæmlega á gildið 1*
*finnist eitthvað vera betra en meðaltals markaðsgildið. Sparisjóðirnir ná yfir alla mælda sparisjóð*
*tölfræðirannsókn var 1.286 manns, 18 til 70 ára, þar sem kynjaskipting var jöfn og valið af landinu*



**HOLLT MATARÆÐI** snýst að miklu leyti um hugarfar en með því að hafa það hugfast að láta eingöngu næringarríkan mat inn fyrir sínar varir er mikill sigur unninn. Hvítt hveiti og sykur hafa til að mynda lítið næringargildi og þjóna þeim eina tilgangi að fylla magann.




VEIÐIKORTIÐ

31 vatnasvæði vítt og breitt um landið fyrir aðeins 6000 krónur

Þú ákveður svo hvar og hvenær þú veiðir

Hver segir að það sé dýrt að veiða?

veidikortid.is

Handbók með ítarlegum upplýsingum og veiðikortum fylgir. Fæst hjá N1, í veiðivöruverslunum og á www.veidikortid.is




Haldið í prufutúr. Smári Harðarson með son sinn Aron Kristin. Davíð, Snorri, Ólafur Týr, Hilmar. Framan við hann er Sigurlín Guðjónsdóttir, önnur tveggja kvenna sem ætla í ferðina, og í stafni situr Sigríður Margrét Sævarsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

# Munum sigla þétt saman

**Tuttugu og fimm manna hópur áformar að sigla á sex gúmmítuðrum til Færeyja á næstu dögum. Vestmannaeyingar eru í miklum meirihluta. Blaðamaður hitti nokkra þeirra á bryggjunni.**

„Ég fór hringinn kringum landið á gúmmíbát í fyrra og hafði verulega gaman af. Svo kastaði Snorri Jónsson, vinnufélagi minn, fram þeirri hugmynd yfir kaffibolla að fara til Færeyja á svona bátum og í nóvember var það látið spyrjast út svo sem flestir gætu verið með,“ segir Hilmar Kristjánsson, einn af þátttakendum í Færeyjasiglingunni sem fyrirhuguð er.

Lagt verður upp í fyrsta áfangann hinn 19. júní ef allt gengur samkvæmt áætlun og þá til Hornafjarðar. Þar verður tankað. „Ég reikna með um 400 lítrum af bensíni frá Hornafirði til Færeyja,“ lýsir Hilmar. Þeir félagar segja það ærið verkefni að koma öllu haganlega fyrir þannig að eins vel fari um farþegana og kostur er. En eru langsiglingar um úthaf ekki erfiðar á svona litlum bátum?

„Þær eru að mörgu leyti þægilegri en uppi við land því aldan er lengri,“ segir Snorri. „Þetta er alltaf veðurfarsleg spurning en það verður ekki farið út í neina tvísýnu.“ Allir viðurkenna að fylgjast vel með spánni þessa dagana. „Hæg vestanátt væri draumaáttin,“ segir Ólafur Týr Guðmundsson.

Bátavélarnar eru allt frá 60 hestöflum til 250 en félagarnir segja það ekki spilla samheldninni. „Það ætti að vera auðvelt fyrir þá sem eru á aflmestu bátunum að slá af og við munum sigla þétt saman,“ heita þeir.

Góð leiðsögutæki eru um borð og neyðarsendir og gervihnattasími með í för, auk talstöðva milli báta. „Við erum búnir að hafa samband við Bjargingafélagið í Færeyjum og þar er fylgst með ferðum okkar,“ segir Davíð Guðmundsson. „Við eigum Færeyingum margt gott að gjalda. Þeir voru duglegir á vertíðum hér í Eyjum á árum áður og sýndu okkur Íslendingum stuðning í okkar erfiðleikum. Svo eru þeir gestrisnir með afbrigðum,“ segja þeir félagar og hlakka greinilega til fararinnar.

*gun@frettabladid.is*


Geymslu- og dekkjahillur

kr.15.990.-
viðbótareining kr. 10.527.-

í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

Auglýsingasími 512 50 50

VIÐ ERUM FLUTTIR AÐ DALVEGI 16a

Í tilefni af flutningunum veitum við 25% afslátt af vinnuliðum út júní.

Við getum einnig séð um allar smáviðgerðir fyrir þig, við skiptum um bremsuklossa, rúðuþurrkublöð, ljósaperur ofl.

Shell HELIX

Smurstöðin Stórahjalla ehf. - Dalvegi 16a - 201 Kópavogi - Sími: 554 3430 - www.smurstodin.is

**KVÖLDGÖNGUR** úr Kvosinni er verkefni sem Borgarbókasafn Reykjavíkur, Listasafn Reykjavíkur, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Minjasafn Reykjavíkur standa fyrir. Er boðið upp á gönguferðir um miðbæinn á fimmtudögum í sumar. Lagt er af stað úr Grófinni klukkan 20 og þátttaka er ókeypis.





Í farfuglaheimilinu við Vesturgötu er boðið upp á allt að átta manna herbergi þar sem fólk getur sofið saman og deilt kostnaðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Á Vesturgötunni er „hostel"-andrúmsloft.



Þótt farfuglaheimilið sé í hundrað ára gömlu húsi var það allt innréttað með nýjum húsgögnum.

# Í skarkalanum og rólegheitunum í miðbænum

**Fjöldi farfuglaheimila í höfuðborginni tvöfaldaðist á dögunum þegar nýtt farfuglaheimili var opnað í hundrað ára gömlu húsi nálægt skarkalanum í miðbænum en þó á rólegum stað við Vesturgötuna.**

„Farfuglar, sem reka farfuglaheimilið í Laugardal, hafa fundið fyrir því að hluti gesta vill vera nær miðbænum," segir Sigríður Ólafsdóttir, rekstrarstjóri farfuglaheimilisins í Laugardalnum og nýs farfuglaheimilis sem var opnað við Vesturgötu á dögunum.

Sigríður segir að Farfugla hafi langað til að bjóða gestum upp á aðra staðsetningu heldur en Laugardalinn. „Það er alltaf hluti gestanna sem kann vel að meta Laugardalinn. Síðan eru einstaklingar sem leggja upp úr því að vera í miðbænum þar sem allt er að gerast en vilja samt hostel-andrúmsloftið, heimilislegheitin og þjónustuna; upp á allt þetta er boðið á Vesturgötunni."

Farfuglaheimilið er í hundrað ára gömlu húsi við Vesturgötuna þar sem Fornbókabúð Braga Kristjónssonar var áður til húsa. „Þetta er sjarmerandi hús og í því lifir ákveðinn klassi," upplýsir Sigríður og bætir við að boðið sé upp á tveggja til átta manna herbergi, þar sem fólk getur sofið saman og deilt kostnaði en annars taki húsið sjötíu gesti.



Sigríður Ólafsdóttir vonast til að fá sem flesta í heimsókn á nýja farfuglaheimilið á Vesturgötunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Nánast öll herbergin eru með baði og svo erum við með gestaeldhús," segir Sigríður. „Á farfuglaheimilum úti í heimi er enn þá lagt upp úr því að fólk geti setið saman, eldað og kynnst á barnum og jafnvel deilt herbergi og kostnaði, þannig að sameiginlegra aðstaðan er ekki minnkuð, en valið um séraðstöðu verður að vera til staðar."

Sigríður segir farfuglaheimilið við Vesturgötu stíla meira inn á þá viðskiptavini sem vilja borga fyrir séraðstöðu heldur en í Laugardalnum. „Við tökum líka sérstaklega vel á móti fjölskyldum og erum bæði með aukarúm og alls konar lausnir fyrir þær."

Sigríður segist hlakka til að vinna með nágrönnunum og miðbæjarfólkinu í að efla ferðamennskuna í miðbænum.

*martaf@frettabladid.is*

# Konur á Akureyri fylkja liði

Kvennasöguganga um innbæinn á Akureyri verður gengin á kvenréttindadaginn 19. júní næstkomandi en þann dag halda íslenskar konur upp á það að 94 ár eru liðin frá því að konur öðluðust kosningarétt og kjörgengi á við karla.

Í tilefni dagsins verður gengið frá Samkomuhúsinu á Akureyri og mun Elín Antonsdóttir leiða gönguna. Kristín Sigfúsdóttir bæjarfulltrúi ávarpar göngugesti í upphafi en síðan verður haldið af stað sem leið liggur inn innbæinn. Þar munu göngugestir vitja ýmissa kvenna sem bjuggu og störfuðu í bænum. Staldrað verður við heimili Vilhelmínu Lever, Ragnheiðar O. Björnsson, Önnu Þorbjargar, Elísabetar Geirmundsdóttur og fleiri kvenna í innbænum.

Auk þess að vera góð útivera þá er markmiðið með göngunni að glæða húsin í innbænum lífi og vonast skipuleggjendur til að göngugestir upplifi nýja og áhugaverða tengingu við húsin. Þetta er í annað sinn sem kvennasögugangan er gengin en í fyrra voru þátttakendur um hundrað og fimmtíu. Gangan hefst klukkan 16.15. Nánar á www.jafnretti.is.

*- ve*



Gangan hefst við samkomuhúsið á Akureyri. MYND/KRISTJÁN


**Bílaleigubílar**
**Sumarhús í Danmörku**

**Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.**

**Frá dkr. 2500,- vikan**

**Innifalið í verði;**
ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfsábyrgð.
(Afgr.gjöld á flugvöllum).
Ekkert aukagjald fyrir aukabílstjóra sé það gert við pöntun.
Höfum allar stærðir bíla, allt að 9 manna.

DanCenter
Sumarhús
Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum

Danland
Fjölskylduvæn orlofshverfi

Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is

FYLKIR.IS
FERÐASKRIFSTOFA
— Bestir í Danmörku
Sími 456 3795 - 896 3745






**Fréttablaðið stendur upp úr**

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.



Allt sem þú þarft...



Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is



KOLAPORTIÐ



OPIÐ Í DAG
17. JÚNI
TRYGGVAGÖTU 19 • 101 REYKJAVÍK
SÍMI 562 5030 • www.kolaportid.is

# ;HEILSA

**HUGLEIÐSLA** getur gert kraftaverk í amstri dagsins en auðveldasta leiðin fyrir byrjendur er að fara í leidda hugleiðslu. Þá er hlýtt á orð af vörum leiðbeinanda, ýmist í eigin persónu eða á spólu. Hann leiðir hugsanirnar á rétta braut þar sem staður og stund skipta öllu.





Þórður Sverrisson hjá Lasersjón segir Ísland vera orðið að Búlgaríu norðursins. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



Jóhannes Kristinsson hjá Sjónlagi finnur fyrir mikilli eftirspurn eftir laser-aðgerðum á augum á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Aðgerðir til útflutnings

**Útlendingar flykkjast til landsins til þess að gangast undir laser-aðgerðir á augum. Flestir koma frá Færeyjum en einnig koma menn frá Noregi, Danmörku og Svíþjóð og vonast til að fara héðan með góða sjón.**

„Við erum orðin að Búlgaríu norðursins því þetta er eins og þegar við Íslendingar sóttum í tannlækningar til Búlgaríu fyrir nokkrum árum,“ segir Þórður Sverrisson, augnlæknir hjá Lasersjón. Lasersjón er annað tveggja fyrirtækja sem sérhæfa sig í laser-aðgerðum á augum á Íslandi, en hitt er Sjónlag. Segjast forsvarsmenn þeirra beggja finna fyrir gríðarlega aukinni eftirspurn á laser-aðgerðum að utan. „Það hefur orðið greinileg aukning í laser-aðgerðum hjá okkur,“ segir Jóhannes Kári Kristinsson, augnlæknir hjá Sjónlagi. „Það skýrist í fyrsta lagi af raunverulegri aukningu hér heima á Íslendingum og hinn þátturinn er svo mikil aukning á útlendingum.“

Þórður segist sömuleiðis taka eftir að útlendingum fjölgar en segir þó færri Íslendinga sækja í laser-aðgerðir heldur en þegar best lét. „Nú er upp undir helmingur viðskiptavina okkar útlendingar. Íslendingum hefur fækkað þó við séum að verða samkeppnishæfari við gleraugu í verðinu,“ útskýrir Þórður og bætir við að heildarfjöldi viðskiptavina hafi því ekki minnkað.

Þórður og Jóhannes eru sammála um að flestir erlendra viðskiptavina séu frá Færeyjum. „Þeirra aðstaða er öðruvísi heldur en annarra vegna þess að Færeyjar eru tiltölulega litlar og fáir sem búa þar. Þeir eru með tvo augnlækna fyrir allar eyjarnar, sem er mjög lítið og þar er heldur ekkert laser-tæki,“ segir Jóhannes og Þórður tekur við: „Við byggðum upp samband við Færeyjar fyrir átta eða níu árum og höfum alltaf fengið til okkar Færeyinga af og til upp frá því.“ Þeir segja báðir að inn á milli Færeyinganna slæðist íbúar frá Norðurlöndunum, það er að segja frá Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Jóhannes og Þórður segja útlendingana stoppa stutt á landinu, eða frá þremur og upp í fimm daga. „Flest vandamálin koma upp á fyrstu 24 tímunum, þannig að þeir þurfa ekki að dvelja lengur,“ útskýrir Þórður. Jóhannes segir útlendingana þar af leiðandi fara helst á mis við eftirlit íslensku læknanna eftir aðgerð þegar til föðurlandsins er komið. Komi eitthvað upp á taki þarlendir læknar við málinu. *martaf@frettabladid.is*



Laser-aðgerðir eru vinsælar meðal útlendinga sem koma hingað til að gangast undir þær. NORDICPHOTOS/GETTY


MISTY



“teg. Amethyst - virkilega glæsilgur push up BH í ABCD skálum á kr. 8.845,-”



“teg. Amethyst - sérstaklega glæsilegur og hlýralaus “push up” BH í ABCD skálum á kr. 9.550,-”

MISTY
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - www.misty.is
opið mán-fös 10-18, lau 10-14

;ALLT HELGIN

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;

Jóna María
512 5473

Hugi
512 5447

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Okkar víðfrægu saltfisksteikur (Lomos) ásamt Gullkistunni með hefðbundna íslenska þurrkaða saltfiskinum í gjafaöskju fást nú einnig í verslunum Hagkaupa!






Ekta fiskur

466 1016
www.ektafiskur.is

FRUMKVÖÐLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 - FISKVINNSLA FRÁ ÁRINU 1940

;ALLT HEIMILI

HEYRNARÞJÓNUSTAN
HEYRN




Samefling gerir gæfumuninn

Nýju ReSound Ziga heyrnartækin eru samefld þannig að þau skila meiru en nemur samnalagðri virkni þáttanna sem í þeim eru.

Með Ziga geturðu vænst þess að heyra á notalegan og eðlilegan hátt, þau hafa framúrskarandi hljóðgæði, eru mjög þægileg og hraðvirk og með mikla aðlögun að þörfum notandans.

Fáðu ReSound Ziga til reynslu í nokkra daga, nánari upplýsingar á www.heyrn.is



Byrjaðu sem fyrst að njóta sameflingar! Tímapantanir 534-9600

Ziga ReSound

Heyrnarþjónustan Heyrn ehf. Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur, sími 534 9600, heyrn@heyrn.is

# 17. júní

MIÐVIKUDAGUR 17. JÚNÍ 2009



## Æfingar byrjuðu í maí

**Mikil vinna liggur að baki skrúðgöngum í dag eins og skátarnir þekkja vel.** SÍÐA 2.




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Það er gleði í þessu hrópi

Þjóðhátíðarsöngurinn Hæ, hó, jibbí jei og jibbí jei, það er kominn sautjándi júní, sem heyrðist fyrst í lok 8. áratugarins virðist orðinn ódauðlegur. Haukur Ingibergsson kann söguna á bak við hann, enda samdi hann lagið.

„Þetta lag hefur lifað miklu lengur en ég bjóst við,“ segir Haukur. „Ég held að einfaldleikinn í millilaginu, bæði í laglínunni og textanum valdi því. Bjartmar Hannesson, vinur minn, sem nú er bóndi í Borgarfirði, gerði textann. Það er gleði í þessu upphrópi enda er gaman þegar „það er kominn 17. júní“.

Haukur kveðst hafa sótt hugmyndina að þjóðhátíðarsöngnum til Bandaríkjanna. „Það er til bandarískt lag sem hljómsveitin Chicago flutti og heitir Fourth of July. Ég var einu sinni í New York á þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna og fannst það lag setja lit á daginn. Þá fór ég að hugsa að okkur Íslendinga vantaði íslenskt þjóðhátíðarlag því 17. júní skapar alltaf ákveðna stemningu. Hásumarið er alveg að koma og auðvitað er dagurinn líka áminning um sjálfstæði og tilveru þessarar þjóðar. Viðlagið varð til fyrst og síðan var spunnið við það, bæði texti og laglína.“

Upphaflega var lagið gefið út á plötu af vinsælli hljómsveit sem hét Dúmbó og Steini og var af Skaganum. Haukur var samt aldrei í henni heldur í hljómsveit Þorsteins Guðmundssonar og síðan Upplyftingu. „Dúmbó og Steini báðu mig um tvö lög á plötu og ég valdi þetta af handahófi. Upplyfting gaf svo lagið út síðar og Magnús Stefánsson, fyrrverandi ráðherra, söng það. Þá var textanum aðeins breytt því línur í þeim gamla féllu ekki alveg inn í andrúmsloftið lengur. Þar sem leikskólabörn eru oft látin æfa þetta lag gekk ekki að í textanum stæði „Lítil börn með blöðrur, hin eldri snafs og reyk“ svo honum var breytt í „Lítil börn með blöðrur lyfta sér á kreik“.“

Í öllum aðalatriðum segir Haukur þó textann eins og í upphafi og viðlagið „Hæ hó, jibbí jei“ orðið vörumerki fyrir daginn. *- gun*



**„Jóni heitnum Sigurðssyni færir forsetinn – firnamikinn árvissan og stóran blómsveiginn“ er sungið í 17. júní-laginu og því við hæfi að Haukur heilsaði upp á frelsishetjuna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


## Sérverslun með kvensilfur



Margar gerðir af búningasilfri.

**Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upphlutinn, settið frá 90.530, kr.**

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

**Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.**

Hringdu í síma **512 50 60** ef blaðið berst ekki






**Skrúðganga frá 1969 í Laugardal en í nokkur ár var skrúðgangan færð inn í Laugardalshverfið.**

# Æfa í margar klukkustundir fyrir 17. júní

**Íslendingar fjölmenna í skrúðgöngur á þjóðhátíðardaginn en fæstir gera sér grein fyrir hve mikil vinna liggur að baki hjá skátum landsins.**



**Algengt er að það líði yfir þá sem standa þurfa kyrrir á Austurvelli að morgni þjóðhátíðardags, sérstaklega í miklum hita, að sögn Auðar Sesselju Gylfadóttur, göngustjóra hjá skátunum.**

Skrúðgöngur 17. júní hafa verið farnar allt frá því að byrjað var að halda upp á þjóðhátíðardag Íslendinga á 5. áratugnum. Í fyrstu voru það íþróttamenn, í íþróttafötum, sem leiddu skrúðgöngurnar frá Alþingishúsinu suður að íþróttavelli þar sem leikar fóru fram. Nú eru það lögreglumótorhjól, lúðrasveit og síðast en ekki síst fánaborg skáta.

„Núna síðustu dagana fyrir 17. júní höfum við hist og æft göngu í nokkra klukkutíma í senn, og núna í gær æfðum við í tæpar fimm klukkustundir í senn,“ segir Auður Sesselja Gylfadóttir, göngustjóri hjá skátunum. Skátarnir byrjuðu að æfa í lok maí fyrir skrúðgöngurnar og heiðursvörðinn sem staðinn er í gamla kirkjugarðinum og á Austurvelli. Æfingarnar verða orðnar um tólf talsins þegar yfir lýkur.

„Fyrstu æfingarnar voru um 40 mínútur í senn og svo smálengjast þær alltaf. Þetta er heljarinnar vinna á þjóðhátíðardaginn, við mætum klukkan átta til að skipuleggja það að standa heiðursvörð við leiði Jóns Sigurðssonar klukkan tíu. Við förum því öll snemma í háttinn að kveldi 16. júní,“ segir Auður.

Leið skátanna liggur á Austurvöll þar sem við tekur rúmlega 40 mínútna dagskrá og áfram standa skátarnir. Það er að sögn Auðar erfiðasti parturinn og oftar en ekki hefur liðið yfir skátana eða lögreglumenn, sérstaklega þegar heitt er í veðri. „Jú, þetta er hálfgerður myndastyttuleikur, en að dagskránni á Austurvelli lokinni fara skátarnir allir og fá sér hádegismat saman áður en skrúðgöngurnar frá Hagatorgi og Hlemmi hefjast. Okkur finnst þetta svakalega gaman og hátíðlegt, enda vinnum við þetta í sjálfboðavinnu. Það myndast mikið hópefli og skemmtileg stemning.“ *- jma*

# Endurspeglar sögu Íslands

Norræna húsið hefur að undanförnu vakið athygli á nýnorrænum mat og í dag bætist skrautfjöður við verkefnið þegar matjurtagarður verður formlega opnaður á lóð þess.

„Þetta er í raun tilraunagarður. Hann er búinn kartöflum, rófum og matjurtum og sýnir hvaða möguleikar felast í matjurtagarði, fjölbreytnina sem við getum haft á Íslandi,“ segir Þuríður Helga Kristjánsdóttir, verkefnastjóri Matjurtagarðsins, og bætir við að hann sé opnaður í dag til að minna á söguna.

„Þetta er menningarsögulegur nytjagarður, sem sést af því að í honum eru jurtir sem hafa verið ræktaðar hérlendis í gegnum árin og aðrar sem hafa verið nýttar villtar,“ útskýrir hún og nefnir sem dæmi blóðberg og hvönn. „Í raun á að vera hægt að kynna sér betur sögu Íslands í gegnum garðinn.“



**Þuríður inni í gróðurhúsi sem hefur einnig verið reist við hliðina á Norræna húsinu og verður haft opið í sumar. Þar verður hægt að fá sér kaffi og léttar veitingar. Garðurinn sést í baksýn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þess má geta að Ingólfur Guðnason var Norræna húsinu innan handar með val á plöntum í garðinn, en hann er fróður um ræktun til forna og hefur gert jurtagarð við Skálholt þar sem má sjá sýnishorn nytjajurta sem kunnar voru í Skálholti á fyrri öldum. Dagný Bjarnadóttir landslagsarkitekt teiknaði garðinn og er hann settur upp í samvinnu við Norræna genabankann (NordGen), Erfðalindasetur Landbúnaðarháskólans og Grasagarð Reykjavíkur. *- rve*



Salonhljómsveit Sigurðar Ingva Snorrasonar kemur fram á hátíðartónleikum í safnaðarheimilinu í Kirkjuhvoli í kvöld. MYND/ÚR EINKASAFNI

## Hátíð í Kirkjuhvoli í kvöld

Hátíðartónleikar verða haldnir í safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli í Garðabæ í kvöld. Salonhljómsveit Sigurðar Ingva Snorrasonar kemur þar fram ásamt Gissuri Páli Gissurarsyni tenór.

Salonhljómsveit Sigurðar Ingva Snorrasonar hefur starfað frá ársbyrjun 2004 og kemur reglulega fram í Tíbrárröð Salarins í Kópavogi, í tónlistarhúsinu Laugaborg í Eyjafjarðarsveit og víðar. Gissur Páll er ungur söngvari með lýríska rödd en hann hefur undanfarin ár ferðast víða um heim til að syngja í óperum og á tónleikum.

Á tónleikunum verða flutt verk eftir erlend tónskáld sem og íslensk. Þeirra á meðal eru Gaetano Donizetti og Rossini, Sigfús Halldórsson og Gunnar Þórðarson ásamt fleirum.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og ókeypis verður inn á þá í boði Byrs sparisjóðs og menningar- og safnanefndar Garðabæjar. *- mmf*



Hressir víkingar láta gamminn geisa á sólstöðuhátíð víkinga í Hafnarfirði.



Eitt og annað er í boði, sýningar, bogfimikeppni og fleira. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Lokadagur sólstöðuhátíðar

Sólstöðuhátíð víkinga við Fjörukrána hefur nú staðið yfir frá 12. júní en henni lýkur í dag, 17. júní, og fer því hver að verða síðastur að taka þátt í henni.

Víkingahátíðin í Hafnarfirði er á vegum Fjörukráarinnar og er þetta elsta og stærsta hátíð sinnar tegundar á Íslandi. Í dag verður víkingamarkaðurinn opnaður klukkan eitt en klukkutíma síðar hefjast leikir. Annað sem boðið er upp á er til dæmis bardagasýning og bogfimikeppni en lokaathöfnin hefst klukkan 19.30 og þá verður blót að hætti víkinga. Hálftíma síðar hefst víkingaveisla í Fjörukránni og verður dansleikur frá klukkan 23 fram til klukkan 2. Blóðheitir víkingar ættu því að finna nóg við sitt hæfi í Hafnarfirðinum á þjóðhátíðardegi Íslendinga. *- hs*

# Helgistund, tónleikar, skátatívolí og fleira

Hinn 17. júní vekur Lúðrasveit Akureyrar bæinn klukkan 10 en klukkan 13 hefst hátíðardagskrá í Lystigarðinum þar sem Hermann Jón Tómasson bæjarstjóri, flytur ávarp, séra Jóna Lísa Þorsteinsdóttir leiðir helgistund og kór Akureyrarkirkju syngur. Skrúðgangan leggur af stað niður á Ráðhústorg klukkan 13.30, þar sem fjölskylduskemmtun hefst klukkan 14. Auk hefðbundinna liða á borð við ávarp nýstúdents og fjallkonu verður reynt að mynda stærsta barnakór Íslands og verður það verkefni í höndum Heimis Ingimarssonar. Hið sívinsæla skátatívolí verður sett upp í miðbænum en það er Skátafélagið Klakkur sem skipuleggur dagskrána.

Hátíðardagskrá á Ráðhústorgi stendur til klukkan 17 og hefst aftur 21. Hljómsveitin Umsvif leikur í byrjun en hljómsveitin Manhattan lýkur kvöldinu sem endar með þeirri akureyrsku hefð að nýstúdentar frá Menntaskólanum fjölmenna um miðnætti á Ráðhústorg og marsera glaðir í bragði út í lífið. *- hs*



Þessar ungmeyjar skemmtu sér vel á þjóðhátíðardaginn í fyrra. MYND/RAGNAR HÓLM





Stórmarkaður á netinu!



Þrjú tungumál, íslenska, enska og þýska.

Nammi.is er stórmarkaður á Internetinu sem leggur áherslu á íslenskar vörur.

Íslendingar búsettir erlendis og íslandsvinir um allan heim geta með einföldum hætti nálgast vörur sem þeir sakna mest frá Íslandi. Sem dæmi um vöruúrval má nefna harðfisk, lýsi, íslenskt handverk, tónlist, fatnað og sælgæti.

*Nýttu þér einfalda og þægilega leið til að gleðja vini og viðskiptafélaga um allan heim.*

Hjálpum þér að gleðja! nammi.is

www.nammi.is • 588-5577



Á Víðistaðatúni verður meðal annars risatrampólín sem verður hægt að spreyta sig á. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Líf og fjör á Víðistaðatúni

Í Hafnarfirði verður fjölbreytt dagskrá í allan dag og þá verður meðal annars fjölskyldudagskrá og fjölskylduskemmtun á Víðistaðatúni.

Fjölskyldudagskráin á Víðistaðatúni hefst með íþróttatengdum viðburðum klukkan 10 með frjálsíþróttamóti leikjanámskeiða og knattspyrnumóti ungu kynslóðarinnar. Hápunktur íþróttadagskrárinnar er keppni í strandhandbolta á milli meistaraflokka karla og kvenna hjá Haukum og HK. Dómarar í strandhandboltanum eru þau Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir alþingismaður.

Frá klukkan 11 verður líf og fjör á Víðistaðatúninu því á svæðinu verða ýmis leiktæki, meðal annars hringekja, tröllakastali og risatrampólín. Þá verður hægt að fara í minigolf, á ungbarnaróló og hestbak.

Fjölskylduskemmtun hefst svo á Víðistaðatúni um klukkan 14.30 þegar frú Margrét Gaua Magnúsdóttir, formaður þjóðhátíðarnefndar, setur dagskrána. Söngvarinn Ingó kemur meðal annarra fram ásamt börnunum úr leikskólanum Álfabergi.

Upplýsingar um aðra dagskrárliði þjóðhátíðardagsins í Hafnarfirði má finna á www.hafnarfjordur.is. *- mmf*



Bragðlaukarnir verða kitlaðir í Sævangi í dag.

# Tertur, handbolti og fé

Veglegt kaffihlaðborð verður í Sauðfjársetrinu að Sævangi við Steingrímsfjörð í Strandasýslu í dag í tilefni af þjóðhátíðardeginum.

Húsið verður opnað klukkan 14 og veislan stendur yfir til klukkan 18. Starfsmenn setursins hafa lagt mikið í undirbúninginn og staðið í ströngu að undanförnu við að baka og skreyta tertur sem ættu meira að segja að koma fastagestum á óvart.

Handboltaáhugamenn þurfa ekki að örvænta þar sem leikurinn Ísland - Makedónía verður í beinni útsendingu í kaffistofu setursins.

Ókeypis aðgangur verður líka að sögusýningunni Sauðfé í sögu þjóðar allan daginn sem og að sérsýningunni um Alfreð Halldórsson á Kollafjarðarnesi.

heimild/strandir.is *- gun*

# Viðhorfin til fortíðar breytast

Þeir sem vilja vita úr hvaða jarðvegi Íslendingar eru sprottnir eiga kost á að heimsækja Þjóðminjasafnið endurgjaldslaust í dag, á sjálfan þjóðhátíðardaginn. Þar er opið hús, aðgangur ókeypis og allir hjartanlega velkomnir. Boðið verður upp á leiðsögn um sýningar safnsins bæði á íslensku og ensku og þjóðlegur varningur verður á boðstólum í safnbúðinni.

Klukkan ellefu verður leiðsögn á ensku um grunnsýningu safnsins Þjóð verður til: Menning og samfélag í tólf hundruð ár. Klukkan tvö verður gengið með gestum um sýninguna Endurfundi og þá talar leiðsögumaðurinn íslensku. Þar getur að líta úrval gripa sem hafa fundist við fornleifauppgröft víðs vegar um landið og kristnihátíðarsjóður styrkti á árunum 2001 til 2005. Þetta er sýning sem hentar allri fjölskyldunni.

Klukkan þrjú verður einnig leiðsögn á íslensku um sýninguna Þrælkun, þroski, þrá? Hún birtir myndir af börnum við vinnu á sjó og í landi og vekur spurningar um vinnumenningu og barnauppeldi á Íslandi á 20. öld.

Á sýningunni er fjallað um hvernig ljósmyndir geta breytt viðhorfi okkar til fortíðarinnar eftir því samhengi sem þær eru skoðaðar í. *- gun*



Af sýningunni Þrælkun, þroski, þrá? MYND/ARI KÁRASON





**Minigolf**

9 holu minigolfvellir til sölu. Skemmtileg sett. Upplagt fyrir einstaklinga, félagssamtök, útihátíðarsamtök eða þjónustumiðstöðvar. Erum að taka niður pantanir núna. Uppl. í s. 869 1690 & 867 3245 Bergiðjan ehf Smiðshöfða 12

## Óskast keypt

**Kaupi gull**
**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari er að kaupa gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**
**Upplýsingar á demantar.**
**is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13**

Óska eftir að kaupa heitan pott m/ nuddi, helst lítið notaðann, 4-6 manna. Upplýsingar í síma 864-1116

Vantar þér pening? Ertu með gullskartgripi sem þú vilt selja gegn staðgreiðslu? Komdu með það til okkar á Laugaveg 76

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**

Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 29.900 Hljómborð frá kr. 17.900 Trommusett kr. 49.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is



Anítk píanó til sölu. Verðhugmynd kr. 200þ. Uppl. í s. 820 0554.

## Hljómtæki

Til sölu, Linn LP12 plötuspilari með Mörk armi, Lowther DX2 einingar (Mau IV horn geta fylgt með), Lampamagnari (parallel 2A3) og c.a. 200 plötur i hillu sem passar. Fer allt saman á 220þús. Upplýsingar i síma 8630332 eða +4745251560

## Tölvur

**Er tölvan biluð?**

Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695 2095.

## Til bygginga

**Óska eftir að kaupa gegn staðgreiðslu**
**steypumót, t.d. Peri, Doka eða Hünnebeck. Óska einnig eftir byggingarkrana, t.d. Liebherr, Demag, Grove eða Faun.**
**Hringdu núna, Sverrir s. 693-6445.**



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun













Öryggis- og peningaskápar.

## Ýmislegt

Markaðstorgið okkar er opið föstudaga, laugardaga og sunnudaga frá kl. 13-17 og eftir samkomulagi fyrir hópa. Leigðu þér bás og seldu með okkur. Alltaf gaman í Gónhól ! Upplýsingar og básaleiga í síma 842 2550 eða á www.gonholl.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Líkamsrækt

Viltu fría BRENNSLUMÆLINGU? Bjóðum aðhald og eftirfylgni !!!Uppl í síma 6923062.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Ferðanuddbekkir og ferðaóléttubekkir, gæði og gott verð. Uppl. í síma 891 6447.

**Tantric Massage of Sacred touch**

For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nýtt Nýtt! Nudd - Japanska baðið. Krepputilboð!**

3500.-kr Nudd, 2000.-kr skrúbb og heitur pottur, detox 3500.- kr. Matur 1000.- kr. Ayurveda nudd, sogskálanudd og Tíbet nudd. Opið frá kl. 12.00 alla daga nema sunnudaga. Vaida er komin. Ekkert sex nudd ! S. 823 8280.

**Svæðanudd**
**Mjög áhrifarík meðferð gegn ýmsum kvillum, s.s vöðvabólgu, vefjagigt, stirðleika í stoðkerfi, bakverkjum og höfuðverkjum. Stuðlar að jafnvægi, streitulosun, vellíðan og bættu blóðrásar og orkuflæði í líkamanum.**
**Er í Kærleikssetrinu í Mjódd.**
**Sonja, svæða og viðbragðsfræðingur félagi í SMFÍ.**
**Tímapantanir í síma: 898 1597.**

## Snyrting




# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Siglinganámskeið fyrir börn og fullorðna. Skráning stendur yfir. Nánari uppl. s. 895 1551. www.brokey.is.

**SILFURLEIR NÁMSKEIÐ**

22.-24. júní. kl.09-13 Skartnámsk., silfurleir og steinar Handverkshúsið s:555 1212.

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Til sölu, nánast ný þvottavél, verð 110.000, þurrkari og stór frystikista fylgja með. Upplýsingar í síma 8630332 eða +4745251560

## Fatnaður

Buxnastyttingar og viðgerðir. Saumagallery Chaemsri Laugaveg 70 S. 552 1212.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




**Góðir maðkar**

Til sölu! Silungs og Laxa. Margra ára reynsla. ATH. Nýtt símanr. 693 1760.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Góð 4. herb. íbúð í Austurbergi til leigu. Frá og með 1. júlí. Uppl. í S 820 0007.

Snyrtileg og björt 3.herb íbúð í 104 til leigu. Uppl. í 8660497

Andels íbúð í hjarta Köben! Ný uppgerð 2hb, 52m2 andelsíbúð til sölu á Christianshavn í Kaupmannahöfn. Mjög kosí með svölum og stórum bakgarði. Nánari upplýsingar + myndir í e-mail: rosinkrans@gmail.com

Glæsileg nýuppgerð 4ra herb. íbúð í Furugrund til leigu. Uppl. í s. 772 3993.

## Húsnæði óskast

22 ára gömul reyklaus og reglusöm stúlka frá Akureyri óskar eftir íbúð í Reykjavík frá og með ágúst n.k. á sanngjörnu verði. Nálægð við Tækniskólann æskileg en ekki skilyrði. Ásta s. 848 8487 & 4626 798 e. kl. 18.

Vantar 1-2 herb. íbúð m. húsgögnum til leigu. Helst nálægt 101-105. s. 845-5025 & sjbernhardsdottir@gmail.com.

Lítil 3.herb. íbúð í 101 eða nágrenni, óskast sem fyrst,. Skilvísum greiðslum og topp umgengni heitið ! Eyjó: ebe5@hi.is - 770 4030

## Sumarbústaðir



15 fm bústaður með eldhúsinnréttingu, raflögnum og svefnlofti. Annar 4 fm getur fylgt, en í honum er WC. Er staðsettur í Húsafelli og afhendist þar. Getur nýst sem sumarhús eða kaffiskúr. Verð kr. 800 þúsund. Uppl. í síma 825 0050 eða á hakon@tryggir.is

Óska eftir sumarbústað í góðu ásigkomulagi 60 - 80 fm á eignarlóð innan við 150 km frá Rvík. Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign. Uppl í s. 857 0293.

Rúmgóður sumarbústaður austan við Laugavatn. Laust í júní og fyrsta vika í júlí. Uppl. í s. 893 8767.

## Atvinnuhúsnæði

100m2 verslunarhúsnæði Staðsett í Hlíðasmára, Kópavogi. Mjög ódýrt fermetra verð. Uppl. í síma 695 7045.

Hlíðasmári Kópavogi Aðstaða fyrir nuddara, snyrtifræðinga o.þ.h., mism. stærðir. Mjög hagstætt leiguverð. Uppl. í 695 7045.

Óska eftir húsnæði sem hentar fyrir bónstöð. Uppl. 862 5844 eða bv@vortex.is

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**

Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Gisting

Vikugisting í glæsilegum hótelíbúðum í Hafnarfirði. Allur húsbúnaður, nettenging, sjónvarp, eldunar- og þvottaaðstaða, 2- 6 í íbúð, verð: 45-90 þús. á viku. Uppl. í síma 899 7004.

**www.leiguherbergi.is**

Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

**Gista.is / S. 694 4314**

2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

## Þjónusta



# ATVINNA

## Atvinna í boði

WWW.ATVINNULEIT.IS
Nýr valkostur
Atvinnurekandi
auglýstu frítt!!

seafood cellar restaurant
sjávarkjallarinn

**Sjávarkjallarinn**
**Framreiðslumaður á einum besta veitingastað í Reykjavík? Er þinn einbeitti vilji að skara framúr? Framreiðslunám? Viltu læra fagið hjá þeim bestu og verða þjónn? Vinna sem almennur starfsmaður? Eru framúrskarandi þjónustulund, góð framkoma og mannleg samskipti styrkleikar hjá þér? Getur þú unnið undir álagi? Sæktu um á: http://umsokn.foodco.is**

**Vaktstjóri**
**Óskum eftir að ráða vaktstjóra í sumarafleysingar á Shell við Gylfaflöt. Um vaktavinnu er að ræða. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is. Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3056 eða á starf@skeljungur.is.**

**Eldhússtörf**
**Viljum ráða til okkar jákvæðan og duglegan aðstoðarmann í eldhús. Það helst að hafa reynslu af eldhússtörfum, þarf að geta hafið störf sem fyrst. Leitum líka að góðum og metnaðarfullum pizzabakara. Góður vinnustaður og rótgróin rekstur lágmarkaaldur 19 ár. Umsóknir á www.kringlukrain.is eða í síma 893-2323.**

**Aukaleikarar í Kvikmyndina Bjarnfreðarson**
**Við erum að leita að aukaleikurum á öllum aldri fyrir tökur á tímabilinu miðjan júní til loka júlí. Áhugasamir sendið upplýsingar um umsækjendur og mynd á aukaleikarar@sagafilm.is**

WWW.ATVINNULEIT.IS
Við aðstoðum þig í atvinnuleit.
Allir geta skráð sig

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**
**Veitingahús Nings óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 18 ára eða eldri og íslenskumælandi. Endilega hafið samband í síma 822 8835 eða www.nings.is**

**Norðurland**
Matráðskona óskast á veitingastað á landsbyggðinni á Norðurlandi sem fyrst. verður að vera vanur/vön skyndibitamatseld, heimilismatseld og góðri súpugerð, góð laun í boði + fæði og húsnæði. Upplýsingar í s. 861 8610

## Viðskiptatækifæri




Viltu starfa við útvarp? Dagskrárgerð og láta rödd þína heyrast? Ræða fréttir og þjóðmál? Eða sjá um markaðsmál og auglýsingasölu. Starfa sjálfstætt? Hlutastarf? Kynntu þér möguleikana og sendu umsókn á http://starf.lydvarpid.is

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**



**Chat.is**
Við spjöllum saman og kynnumst nýju fólki á Chat.is. Það kostar ekkert, og vefurinn er í boði á fjölda tungumála.

**31 árs einhleyp kona**
leitar að einhleypum karlmanni á svipuðum aldri til að stunda með djarfa símaleiki OG til að spjalla við um daginn og veginn. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl.nr. 8311.

**Ný upptaka!**
Hún lýsir því í einstökum smáatriðum hvernig þú gælir við hana og þú flýgur ofar og ofar með henni í þessari heitu og nautnafullu (og töluvert háværu) upptöku! Þú heyrir hana hjá Sögum Rauða Torgsins í s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8396.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið




## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

## Atvinna

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

### Áhugavert sérfræðistarf er laust til umsóknar á kjarasviði

**Sambands íslenskra sveitarfélaga**

**Meginhlutverk kjarasviðs er:**

- Að þjóna og gæta hagsmuna sveitarfélaga á sviði kjaramála auk þess að hafa umsjón með starfsemi og annast framkvæmdastjórn fyrir Launanefnd sveitarfélaga.
- Umsjón með gerð kjarasamninga f.h. Launanefndar sveitarfélaga.
- Samskipti við stéttarfélög og aðra aðila vinnumarkaðar.
- Upplýsingaöflun um kjaramál, vinnurétt og aðra vinnumarkaðsþætti.
- Ráðgjöf til sveitarfélaga um kjaramál, s.s. aðstoð við túlkun og skýringar kjarasamninga.
- Þátttaka og störf í þágu samstarfsnefnda kjarasamninga og annarra nefnda sem tengjast kjaramálum sveitarfélaga.

**Sérfræðingurinn vinnur náið með sviðsstjóra kjarasviðs að framangreindum verkefnum og öðrum tengdum verkum.**

**Menntunar- og hæfniskröfur til umsækjenda:**

- Hafi háskólapróf á sviði viðskipta, hagfræði, vinnumarkaðsfræða eða sambærilega menntun og/eða þekkingu og reynslu á þessum sviðum.
- Hafi áhuga og þekkingu á vinnumarkaðsmálum og málefnum sveitarfélaga.
- Hafi mjög góða þekkingu á excel, reynslu af vinnu við gagnagrunna.
- Hafi gott vald á íslensku, ritun texta og framsetningu upplýsinga.
- Hafi kunnáttu í ensku og æskileg er þekking á skandinavísku tungumáli.
- Hafi frumkvæði og lausnarmiðaða hugsun auk forystuhæfileika.
- Eigi auðvelt með mannleg samskipti, geti miðlað upplýsingum og tekið þátt í samningaviðræðum.

Samband íslenskra sveitarfélaga er framsækinn vinnustaður sem býður upp á opið vinnuumhverfi, samheldinn starfsmannahóp og skapar starfsmönnum gott svigrúm til starfsþróunar.

Nánari upplýsingar veitir Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs, netfang: inga.run.olafsdottir@samband.is, eða Magnús Karel Hannesson, sviðsstjóri og starfsmannastjóri, netfang: magnus.karel.hannesson@samband.is, í síma 515-4900.

Umsækjendum er bent á að frekari upplýsingar um Samband íslenskra sveitarfélaga á heimasíðunni, www.samband.is. Þar er einnig að finna starfsmannastefnu sambandsins og starfslýsingu fyrir starfið.

Umsóknir, merktar Umsókn um starf á kjarasviði, berist eigi síðar en 26. júní 2009 til Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík.

## Tilkynningar

### Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga flytur starfsemi sína úr Vegmúla 2 í Sigtún 42, 105 Reykjavík. Skrifstofa LSS verður lokuð dagana 18. og 19. júní. Skrifstofan opnar að nýju mánudaginn 22. júní.

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga
Sigtún 42
Sími: 5400700
Netfang: lss@lss.is

GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

### AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL
**Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI**
**Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunnamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi**

**Tillaga að aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020.**
Sveitarstjórn Grímsnes og Grafnings hefur samþykkt tillögu að nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins, Grímsnes og Grafningur 2008-2020. Tillagan var auglýst og var til sýnis á skrifstofu sveitarfélagsins, skrifstofu skipulagsfulltrúa á Laugarvatni og hjá Skipulagsstofnun, frá 12. mars 2009 til 23. apríl 2009. Tillagan var einnig til kynningar á vefsíðu sveitarfélagsins. Athugasemdafrestur rann út þann 23. apríl sl. og bárust athugasemdir frá 8 aðilum. Sveitarstjórn hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem gerðu athugasemdir umsögn sína. Vegna athugasemdanna voru gerðar lítilsháttar breytingar á landnotkun í landi Efri-Brúar og Foss, afmörkun svæðis fyrir frístundabyggð við Kerhraun var leiðrétt, auk nokkurra minniháttar lagfæringa. Aðalskipulagstillagan hefur verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu hennar. Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöðu sveitarstjórnar geta snúið sér til skrifstofu sveitarfélagsins og skipulags- og byggingarfulltrúa.

Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps

## Tilkynningar

GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

### AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL
**Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI**
**Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunnamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi**

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga eru hér kynntar breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 Sveitarstjórn Hrunamannahrepps er um þessar mundir að vinna að breytingum á aðalskipulagi sveitarfélagsins fyrir tvö svæði. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1.
Á svæði fyrir frístundabyggð í landi Högnastaða, merkt F25, er gert ráð fyrir að þéttleiki byggðar aukist þannig að heimilt verði að gera ráð fyrir 30 frístundahúsalóðum í stað 10-15 skv. gildandi aðalskipulagi.

2.
Í landi Grafar innan þéttbýlisis á Flúðum, svæði merkt A13, er gert ráð fyrir að landnotkun breytist úr því að vera íbúðarsvæði í blandaða byggð íbúðar- og þjónustusvæðis. Þá er einnig gert ráð fyrir að afmörkun svæðisins færist nær Liltu-Laxá og stækki þannig úr 5,6 ha í 6,4 ha.

Áður en tillögurnar verða teknar til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn Hrunamannahrepps verða þær til kynningar í samræmi við 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga á skrifstofu sveitarfélagsins á Flúðum og á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Dalbraut 12, Laugarvatni, frá fimmtudeginum 18. júní til miðvikudagsins 24. júní 2009. Þá verður einnig hægt að nálgast tillögurnar á slóðinni. http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/. Að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar mun breytingartillagan fara í formlegt kynningarferli þar sem hún verður auglýst í a.m.k. 6 vikur þar sem þeim sem telja sig hafa hagsmuna að gæta gefst kostur á að koma með athugasemdir við tillögurnar.

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga er auglýst niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag frístundabyggðar á landi Ásólfsstaða II í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti þann 2. júní 2009 tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar fyrir átta frístundahúsalóðir í landi Ásólfsstaða II . Tillagan var auglýst til kynningar 6. febrúar 2009 með athugasemdafresti til 20. mars. Athugasemdir bárust. Til að koma til móts við athugasemdir var tillagan samþykkt með þeirri breytingu að skipulagssvæðið minnkar þannig að lóð ofan við bæinn Ásólfsstaði fellur út. Í staðinn var einni lóð bætt við á svæði nær þjóðvegi þar sem fyrir voru 7 aðrar frístundahúsalóðir. Deiliskipulagið er nú til afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun í samræmi við 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Endurskoðun deiliskipulags fyrir austurhluta Reykholts í Bláskógabyggð.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti þann 2. júní 2009 tillögu að endurskoðun deiliskipulags sem nær yfir austurhluta Reykholts. Tillagan var auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi þéttbýlisins Reyholts 26. maí 2008 með athugasemdafresti til 7. júlí s.á. Athugasemdir bárust. Aðalskipulagsbreytingin tók gildi með augýsingu í b-deild stjórnartíðinda 26.maí 2009. Um er að ræða heildarendurskoðun á deiliskipulagi þessa svæðis en til þessa hafa nokkrar deiliskipulagsáætlanir náð yfir svæðið sem falla úr gildi með gildistöku nýs skipulags. Deiliskipulagið var samþykkt með eftirfarandi breytingum til að koma til móts við athugasemdir: 1). Lóðir nr. 2, 3 og 7 við Dalbraut voru í auglýstri tillögu íbúðarhúsalóðir en verða nú landbúnaðarlóðir. 2). Lóð nr. 12 við Dalbraut var í auglýstri tillögu íbúðarhúsalóð en verður nú blanda landbúnaðar- og athafnalóðar. 3). Deiliskipulagssvæðið stækkað til að ná yfir samþykkt deiliskipulag iðnaðar- og athafnalóða við Vegholt og yfir svæði vestan Skólavegar. 4). Afmörkun og stærð nokkurra lóða hefur verið lagfærð til samræmis við nákvæmari gögn. Deiliskipulagið er nú til afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun í samræmi við 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps

# Hefja sókn þegar línur skýrast

**Sérstaða sparisjóðanna felst í nálægð þeirra við viðskiptavinina. Eftir fall stóru bankanna hafa margir snúið viðskiptum sínum til sparisjóðanna.**



**Í FORSVARI FYRIR SPARISJÓÐINA** Gísli Jafetsson er yfirmaður fræðslu- og upplýsingamála og Guðjón Guðmundsson er framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sparisjóða. Þeir sjá sóknarfæri í velvilja almennings í garð sparisjóðanna. MARKAÐURINN/GVA

Fari svo að ríkisbankarnir færist að hluta eða jafnvel öllu leyti í erlent eignarhald verða sparisjóðirnir helsta mótvægið sem fjármálafyrirtæki í íslenskri eigu. Þetta segir Gísli Jafetsson, yfirmaður fræðslu- og upplýsingamála hjá Sambandi íslenskra sparisjóða (SÍSP). Greinileg sóknarfæri séu líka í niðurstöðum nýrrar mælingar á ímynd fjármálafyrirtækja.

„Sparisjóðirnir eru fólki greinilega efst í huga," segir Gísli og segir að í niðurstöðum ímyndarmælingar Fortuna komi berlega í ljós að fólki þyki sparisjóðirnir leggja áherslu á fleiri hluti en hagnaðinn einan. Mest sláandi sé hins vegar munurinn á sparisjóðunum og ríkisbönkunum. „Við höfum átt sterkan hljómgrunn hjá fólki sem hefur þótt við beita öðrum aðferðum gagnvart viðskiptavinum. Vaxtaákvarðanir þykja hófstilltar og við þykjum sýna meiri mildi í samskiptum við fólk, svo sem þegar kemur að innheimtu og fleiru."

Gísli segir tíma nú vera erfiða, hvort heldur er fyrir einstaklinga, fjölskyldur, fyrirtæki og fyrirtæki á borð við sparisjóðina. „Við erum sjálfstæðar einingar og höfum ekki fengið ríkisstyrki fram að þessu um leið og við erum að eiga við þrjá ríkisbanka, sem þó ná ekki betur flugi en þetta og það þrátt fyrir auglýsingaherferð að undanförnu."

Fólk hefur í auknum mæli sótt í að komast í viðskipti við sparisjóðina eftir bankahrunið í október, samkvæmt því sem Gísli segir. Fyrst eftir hrunið hafi verið töluvert um að fólk flytti innlánsreikninga yfir í sparisjóðina, en nú sé eins og í gangi sé önnur umferð umskipta, því töluverð aukning sé í því að fólk flytji nú önnur viðskipti líka, svo sem launareikninga og annað. „Þessi könnun sýnir fram á að við höfum í huga fólks á að skipa ákveðinni framsækni, um leið og við njótum trausts og þykjum gamaldags með góða þjónustu. Þetta fer kannski ekki saman, en svona er þetta í huga fólks og skilar sér í því að við finnum fyrir mjög miklum velvilja og auknum fjölda viðskiptavina í sparisjóðina um land allt."

Gísli segir sparisjóðina hins vegar myndu vilja hafa sterkara land undir fótum áður en þeir geti farið að láta vita enn betur af sér. „Ekki þarf að fara í neinar grafgötur með að allir bankar eru laskaðir, sparisjóðirnir þar á meðal." Hluti sparisjóða hefur ratað í vandræði vegna þess að ágóði af grunnstarfsemi hefur ekki verið nægur, samrunaferli í gangi meðal þeirra og oft verið rætt um að smærri fjármálafyrirtæki nytu ekki nægilega hagræðingar stærðarinnar. Gísli bendir hins vegar á að reynslan sýni að ekki hafi stærðin ein dugað föllnu bönkunum, enda hafi hún ekki skapað framlegðina. „Við höfum verið að berjast við þessi mál, en grundvallaruppbygging sparisjóðanna er tengingin við samfélögin og svo að við fáum viðurkenningu á okkar samstarfi. Um það er búið að leggja fram frumvarp núna á sumarþinginu, þannig að þar leitum við meiri hagkvæmni. En megintilgangur sparisjóðanna er hins vegar að veita eðlilega samkeppni á fjármálasviðinu." Þannig segir Gísli mega búast við því að sparisjóðirnir fari að láta meira til sín taka þegar línur skýrast frekar um hvaða rekstraraðstæður fjármálafyrirtækjum verða búnar hér á landi. „Við höfum viljað virkja þennan velvilja sem við finnum fyrir í samfélaginu," segir hann. - óká

**RISJÓÐA***

**runið síðasta haust.**

| ðirnir | SpKef | Byr |
|---|---|---|
| | | |
| 127 | 116 | 110 |
| | | |
| 121 | 107 | 99 |
| | | |
| 104 | 98 | 99 |
| | | |
| 111 | 108 | 104 |
| | | |
| 104 | 86 | 104 |
| | | |
| 138 | 124 | 119 |

*00. Þannig endurspeglar gildi yfir 100 að fólki ..., utan Byr og Sparisjóðinn í Keflavík. Úrtak í ... öllu. Heimild: Fortuna*



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Þótt þjóðin taki á sig auknar byrðar um tíma eftir uppgangstíma og hrun þá finnast hér enn breið bök.

# *Blendnar tilfinningar á þjóðhátíðardegi*

**Óli Kristján Ármannsson**

Þjóðhátíðardagurinn er í dag og bærast sjálfsagt víða blendnar tilfinningar í brjósti fólks. Þjóðin hefur orðið fyrir gífurlegu áfalli eftir hrun bæði gjaldmiðils og fjármálakerfis og sjálfstraustið er skert. Ekki er því útilokað að einhverjir sveifli fána með hálfum hug í rigningarsudda á Austurvelli í dag.

Ástæðulaust er hins vegar að láta hugfallast. Nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að staðan sé erfið, en um leið er algjör óþarfi að mála hlutina of dökkum litum. Leiðigjörn er orðin sú tilhneiging í umræðunni að úr ótal hornum sé hrópað úlfur, úlfur! Líkt og í sögunni um drenginn sem lét sér leiðast á fjallinu geta slíkar upphrópanir orðið til þess að raunveruleg hætta fari fram hjá fólki. Þannig er hætt við að hrópin yfirgnæfi þær raddir sem reyna að benda á þá vá sem í því felst fyrir þjóðina að ganga á bak samningum um Evrópska efnahagssvæðið, til dæmis með því að snúa baki við skuldbindingum varðandi tryggingar á innlánum bankanna. Hér voru gerð ákveðin mistök, bæði af hálfu bankanna sem uxu þjóð sinni yfir höfuð og af hálfu þeirra stofnana sem yfir höfðu að ráða þeim meðulum sem hamlað hefðu getað vöxt þeirra og gengið í þær umbætur á almennu rekstrarumhverfi sem dregið hefðu úr hættunni á jafnalvarlegu áfalli. Þar má horfa til þátta eins og skráningar hlutabréfa í erlendri mynt, Evrópusambandsaðildar og upptöku evru í stað krónu. Erlendir sérfræðingar þreytast ekki á að benda á þann mun sem sé á Írlandi og Íslandi. Annað landið búi við stöðugan gjaldeyri og þar standi bankakerfið enn. Hitt ekki.

Í nýjasta hefti Vísbendingar, vikurits um efnahagsmál, fjallar Benedikt Jóhannesson, ritstjóri og útgefandi, um rætur hrunsins og rekur þær til þeirrar stefnu sem tekin var í fjármálakerfi landsins á árunum 2003 til 2005. Hann rifjar upp að í júní 2005 hafi norski prófessorinn Thore Johansen varað norska fjármálaeftirlitið við miklum fjárfestingum íslenskra banka á Norðurlöndum. Gylfi Magnússon, þá dósent í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands (nú viðskiptaráðherra), sagði varnaðarorð Norðmannsins taka mið af því sem gæti í versta falli gerst en væri sennilega ekki spá um það sem koma skal. „Eignamarkaðir væru allir nokkuð þandir og þar á meðal gengi krónunnar. Ef upp kæmi skellur sem drægi úr trausti manna á hagkerfið gæti það leitt af sér keðjuverkun sem ylli því að eignaverð lækkaði sem og gengi krónunnar. Þeir sem hefðu keypt sér eignir fyrir erlent lánsfé gætu þá lent í verulegum vandræðum og það hefði óhjákvæmilega slæm áhrif á hagkerfið allt, þar á meðal fjármálakerfið. „En það er enginn að spá þessu, heldur er þetta möguleiki sem gæti komið upp ef eitthvað mikið bjátar á,“ sagði Gylfi. Benedikt bendir réttilega á að allt hafi þetta gengið eftir, hvort sem norski prófessorinn hafi ætlað sér að spá því eða ekki.

**Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir að staðan sé erfið, en um leið er algjör óþarfi að mála hlutinga of dökkum litum.**

Í Vísbendingu bendir hins vegar Þórólfur Matthíasson prófessor líka á að yfirlýsingar um að hér sé þjóðin bundin á skuldaklafa til framtíðar vegna Icesave-skuldbindinga séu ekki á rökum reistar. Samkvæmt útreikningum hans nemur kostnaðurinn um það bil þeim tekjum sem hafa má af einni virkjun og rúmlega einu álveri næstu sex til átta árin.

Fyrstu skrefin í endurskipulagningu í ríkisrekstri hafa verið tekin. Hér eru breið bök og fremur en að láta bugast yfir óréttlæti heimsins, sem getið hafi af sér fjármálakreppu, og mistökum fyrri ára er nærtækara að samhenda sér í þau verk sem nauðsynleg eru til að ná þjóðinni úr krísunni. Með það í huga er óhætt að halda hátíðlegan þjóðhátíðardag.


Auglýsingasími

512 5050




– Mest lesið




**Í HLÍÐUNUM Í REYKJAVÍK** Greinarhöfundur bendir á að nokkur tímamót hafi orðið með útgáfu ríkisins á flokki óverðtryggðra ríkisbréfa með gjalddaga árið 2025. Nú geti fólk vegið og metið hvort henti betur verðtryggt eða óverðtryggt húsnæðislán. MARKAÐURINN/PJETUR

# Grundvöllur orðinn til fyrir óverðtryggðum húsnæðislánum

Nýútgefinn flokkur óverðtryggðra ríkisbréfa með gjalddaga árið 2025 er mikilvægur fyrir íslenskan skuldabréfamarkað. Þetta er lengsti flokkur óverðtryggðra skuldabréfa á Íslandi, um 14 ár, og er sérstaklega mikilvægt skref í þá átt að minnka vægi verðtryggingar í almennum lánum á Íslandi og upphafið að því að hægt sé að bjóða upp á óverðtryggð húsnæðislán með föstum vöxtum sem gætu verið um 25 ára löng, það er með lokadag árið 2034. Þar sem húsnæðislánin eru jafngreiðslulán þá er „líftími“ 25 ára láns álíka langur og 14 ára langs ríkisbréfs sem greiðir allan höfuðstólinn á lokadegi.

Ávöxtunarkrafa á verðtryggðum skuldabréfum Íbúðalánasjóðs með lokadag árið 2034 er um 4,10 prósent og að auki bætist verðbólga við þá vexti. Nýju óverðtryggðu ríkisbréfin hafa um 8,00% vexti og metur markaðurinn það því sem svo að verðbólga muni verða um 3,90 prósent að meðaltali hvert ár (þ.e. mismunurinn á nafnvöxtunum og raunvöxtunum). Þar sem Íbúðalánasjóður veitir sín fasteignalán með 0,95 prósenta álagi (vegna rekstrar, útlánaáhættu og uppgreiðsluáhættu) gætu óverðtryggðir vextir til almennings orðið um 8,95 prósent. Miðað við 25 ára lán og 20 milljóna króna höfuðstól myndi mánaðarleg afborgun verða um 168.000 krónur og er sú afborgunarupphæð föst frá upphafi til lokadags. Afborgun af sambærilegu verðtryggðu láni á 5,05 prósenta raunvöxtum er um 118.000 krónur og breytist síðan mánaðarlega með verðbólgu. Greiðslubyrðin er því töluvert þyngri í upphafi láns sem er óverðtryggt. Hér opnast margir möguleikar til að meta hvort lánið hentar betur. Mörgum mun finnast kostur að vita nákvæmlega hversu mikið þarf að greiða í hverjum mánuði næstu 25 árin. Öðrum mun finnast ókostur hversu há greiðslubyrðin er í upphafi láns. Enn aðrir telja að verðbólga næstu 25 árin muni ekki vera hærri að meðaltali en 3,90 prósent og finnst verðtryggða lánið því hagstæðara.

Ef svo fer að margir skipti verðtryggðum húsnæðislánum sínum í óverðtryggð og valdi því að Íbúðalánasjóður þurfi að kaupa tilbaka eitthvað af útgefnum verðtryggðum HFF-bréfum sínum, þá getur Lánasýsla ríkisins notað tækifærið og gefið út verðtryggð ríkisbréf og haldið þannig markaðsframboði á verðtryggðum skuldabréfum óbreyttu. Það væri jákvætt skref í átt til þess að minnka vægi verðtryggingar hjá heimilum í landinu og auka það hjá ríkinu. Verðtrygging skulda ríkisins er sjálfsögð til að efla markmið landsins í að halda verðbólgu í skefjum með því að auka sjálfsaðhald, minnka möguleika á óráðsíu og hvetja það til að beita niðurskurði ríkisútgjalda frekar en aukningu tekna með skattahækkunum. Að lokum væri mjög áhugavert að hér myndi skapast skuldabréfamarkaður með óverðtryggð HFF-bréf samhliða verðtryggðum HFF-bréfum ásamt óverðtryggðum ríkisbréfum samhliða verðtryggðum ríkisbréfum.

*Höfundur starfaði í London og New York hjá ABN Amro og Royal Bank of Scotland við fjárfestingar í verðtryggðum skuldabréfum og afleiðum. Hann starfar nú hjá GAM Management hf.*

RAUNVEXTIR OG NAFNVEXTIR




ORÐ Í BELG



**Valdimar Ármann**
hagfræðingur




VIKULEG VEFRÁÐ Í BOÐI ALLRA ÁTTA

# Er forsíðan þín söluvænleg?

Flestir kaupa bækur vegna innihaldsins, en ekki sökum fallegrar kápumyndar. En hins vegar þurfa neytendur að sjá í fljótheitum, hvers konar bók er um að ræða, sér í lagi ef höfundurinn er lítt þekktur. Hið sama gildir um vefsíður. Á forsíðum þeirra skal birta nægjanlega góðar upplýsingar til að notendur geti í fljótu bragði greint hvort þeir hafi þangað raunhæft erindi.

Notendur skanna jafnan vefsíður eftir ákveðnu mynstri, byrja á efstu línu, fara síðan aftur til vinstri og renna í fljótheitum yfir vinstri hluta síðunnar. Þeir fylgja því gjarnan mynstri, sem minnir einna helst á stórt „F“. Því er mikilvægt að hafa markverðustu upplýsingar fyrirtækisins, jafnan um grundvallarvöru eða þjónustu fyrirtækisins, geymdar á þeim stöðum, sem mesta athygli fá.

**Jón Trausti Snorrason**
**framkvæmdastjóri**
**Allra átta ehf.**

www.8.is

Best er að setja þar tengla á undirsíður yfir helstu vöru- eða þjónustuflokka fyrirtækisins. Vanda skal valið, því ef of margir kostir eru í boði ýta notendur á þann tengil, sem „virðist líklegastur“. Ef sú leið endar í vegleysu má ætla, að þeir fari aftur á niðurstöðusíðu leitarvélar, í stað þess að athuga betur á forsíðunni. Fyrirtæki fá ekki mörg tækifæri til að sannfæra gesti sína um að stöðva vefferðina á síðum þeirra. Því þarf að vanda uppsetninguna vel til að nauðsynlegar upplýsingar berist til lesenda.


ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson, *olikr@markadurinn.is* RITSTJÓRN: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, *jonab@markadurinn.is* AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu

Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.






Stefán Elí Stefánsson matr.maður
Höfundur réttarins

# Nýr A la Carte

## PÖNNUSTEIKTUR SKÖTUSELUR

med ratatouille, gulrótar- og sellerífroðu

*PAN-FRIED MONKFISH with ratatouille, carrot and sellery foam*

**Við mælum með Chablis, Pouilly Fumé, Cloudy Bay Chardonnay eða Brut kampavíni með þessum rétti.**

**4ra rétta tilboðsseðill. Verð aðeins 6.890 kr.**
*Með 4 glösum af sérvöldum vínum aðeins 10.490 kr.*





## Þjóðhátíðarkaffi og belgískar vöfflur

*· Næg ókeypis bílastæði ·*

**Súpubar 620 kr., salatbar 990 kr. — súpa og salatbar á aðeins 1.430 kr. (Nýbakað brauð fylgir með súpu- og salatbar.)**

Í kaffiteríunni Perlunnar er hægt að fá alls kyns góðgæti á frábæru verði: Crépes, samlokur, pizzur og smurt brauð. Eins er hægt að fá heimatilbúinn ítalskan ís, alls kyns ísrétti, kökur, tertur og auðvitað hinar ómótstæðilegu belgísku vöfflur.



Ella Dögg Mahaney
Rekstrarstjóri kaffiteríunnar

PERLAN

*Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207 - *Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

# A la Carte

## 4RA RÉTTA SEÐILL
**Verð aðeins 6.890 kr.**

REYKT ÖND
með fíkjum, valhnetum og rauðvínsgljáa

HUMARSÚPA
rjómalöguð með Madeira
og grilluðum humarhölum

LAMBAHRYGGUR
ofnbakaður með moðsteiktum
rifnum lambaskanka og rósmarínsósu
*eða*
FISKUR DAGSINS
Það ferskasta hverju sinni útfært
af matreiðslumönnum Perlunnar

SKYR "TONKA CRÉME BRULÉE"
með karamelluís

## FORRÉTTIR

REYKTUR ÁLL OG SKELFISK RANDALÍNA
með vínberja-kompot
2.190 kr.

SNIGLAR OG GRÍSAKINNAR
með smjördeigi og Búrgundarsósu
2.190 kr.

HVALACARPACCIO
með wasabi flani sætri soya, parmesan og salati
1.890 kr.

SALAT
með mozzarella, tómatflani og tómat krapís
1.990 kr.

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira
og grilluðum humarhölum
2.190 kr.

STEIKT ANDALIFUR „FOIE GRAS"
með balsamic gljáa, brioche brauði
og mangó-kompot
3.190 kr.

REYKT ÖND
með fíkjum, valhnetum og rauðvínsgljáa
2.190 kr.

## FISKRÉTTIR

PÖNNUSTEIKTUR SKÖTUSELUR
með ratatouille, gulrótar- og sellerífroðu
3.990 kr.

HÆGELDUÐ BLEIKJA
með fylltum myrkilsveppum og kremuðum blaðlauk
3.990 kr.

HUMARRÉTTUR PERLUNNAR
beikon vafðar humar medalíur með fylltu tortellini
5.690 kr.
Sem forréttur 3.200 kr.

FISKUR DAGSINS
Það ferskasta hverju sinni útfært
af matreiðslumönnum Perlunnar
3.990 kr.

OFNBAKAÐUR SALTFISKUR
með möndlukartöflu og ólífum í tómatseyði
3.990 kr.

## KJÖTRÉTTIR

HREINDÝRAVÖÐVI
með graskersmauki, sætum kartöflum
og myrkilsveppasósu
5.390 kr.

NAUTALUND
grilluð með Bérnaise hjúp, soðkartöflu
og Búrgundarsósu
4.990 kr.

LAMBAHRYGGUR
ofnbakaður með moðsteiktum rifnum
lambaskanka og rósmarinsósu
4.790 kr.

KÁLFUR
með möndlukartöflum, ristuðu grænmeti
og hunangskryddsósu
4.390 kr.

ÖND Á ÞRJÁ VEGU
Bringa, andarlifur og moðsteikt önd
með appelsínusósu
4.690 kr.

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**10** félög Kauphallarinnar hafa nú fengið áminningu og sektir fyrir að hafa ekki birt ársreikninga sína fyrir 2008 innan tilsettra tímamarka.

**15** prósenta samdráttur varð á heildarveltu kreditkorta milli maímánaðar á þessu ári og í fyrra. Núna nam veltan 22,3 milljörðum samkvæmt upplýsingum Seðlabankans, en var 26,2 milljarðar króna í fyrra.

**10,3** prósenta samdráttur varð á föstu verði í verðmæti heildarafla íslenskra skipa í maí, miðað við það sem gerðist í maí í fyrra, samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar.

BANKAHÓLFIÐ

## Þekking á leið á haugana

„Menn sem fyrir tólf mánuðum voru svo verðmætir að þeim varð að borga laun í tugum milljóna króna á ári, fá nú hvergi vinnu,“ segir Benedikt Jóhannesson, ritstjóri og útgefandi, í nýjasta hefti vikuritsins Vísbendingar og bendir á að fáir hafi orðið til að ráða þessa menn, þótt ofurlaunin hafi verið réttlætt með samkeppni um fólk í hinum alþjóðlega fjármálaheimi. Varhugavert sé þó að kasta til hliðar allri þekkingu sem til hafi verið í bankaheiminum hér, fyrir þær sakir einar að fólk hafi þar starfað fyrir hrun, enda kunni að vera að sök margra sé einmitt ekki meiri en svo á hruninu sjálfu. Nýtt fólk á öllum póstum í bönkunum sé ávísun á að ákvarðanir gangi hægt meðan nýtt fólk feti sig á lærdómsbrautinni.

## Hróp eða hugarreikningur

Fljótlegra er að smíða grípandi slagorð en reikna flókin dæmi. Þennan lærdóm segir Þórólfur Matthíasson prófessor að megi draga af opinberri umræðu í júní. Í nýjustu Vísbendingu bendir hann á að fyrir liggi staðreyndir um vænta skuldabyrði ríkisins vegna Icesave, að teknu tilliti til vaxtakjara í samkomulagi við Breta og spáa um hagvöxt og verðbólgu. Fólk hafi getað valið um að skunda á Austurvöll með potta og pönnur, eða ræsa Excel. Niðurstaða Þórólfs er að þótt Icesave-skuldbindingarnar verði þungbærar sé að svo stöddu engin innstæða fyrir tali um skuldaklafa á komandi kynslóðir. Kostnaðurinn svipti þjóðina tekjum af sem nemi einni virkjun og rúmlega einu álveri í sex til átta ár.



## Sumarið komið

Hratt hefur dregið úr veltu á hlutabréfamarkaði hér eftir því sem sól hefur hækkað á lofti. Á mánudag slagaði hún rétt yfir 320 þúsund króna markið í sex viðskiptum en fáir muna eftir svo lélegum heimtum. Þetta er talsverð breyting frá því best lét á árunum fyrir hrun. Eins og gefur að skilja eru nokkuð eðlilegar skýringar á þróun mála. Bæði fór fjármálalífið á hliðina í fyrrahaust með þeim afleiðingum að ryk safnast upp á verðbréfadeildum bankanna auk þess sem fáir hafa alla nennu til að hugsa um væntan hlutabréfagróða þegar sól hækkar á lofti.









# BARA KNÚNIR RAFMAGNI







- Fimm gerðir af rafbílum fyrir fólks- og vöruflutninga
- Mæta öllum helstu þörfum sendi- og fólksflutningabíla
- Drægni á fullhlöðnum bílum er frá 160km til 240km
- Burðargeta frá 800 kg að 12 tonnum
- Viðhaldskostnaður lækkar um allt að 2/3

TÖKUM Á MÓTI PÖNTUNUM Í DAG

FYRSTU EINTÖKIN AFHENT Í SEPTEMBER

ÞYTUR
rafbílaumboð

490 9000 | 2012.IS

SMITH
ELECTRIC VEHICLES

2012
– Nýtt upphaf

plögg
– Beint í bílinn

# FRAMTÍÐARBÍLLINN

## TESLA MODEL S

FYRSTU EINTÖKIN
AFHENT ÁRIÐ 2011

TÖKUM Á MÓTI
PÖNTUNUM Í DAG



- Aðeins knúinn rafmagni
- Hröðun úr 0-100km á 5,6 sek.
- Aksturseiginleikar sportbíls
- Fáanlegur með fjórhjóladrifi

- Geymslurými á við stóran jeppa
- Sæti fyrir allt að 7 manns
- „Aukaskott“ undir húddinu
- „Panorama“ glerþak

- Dregur allt að 480km á einni hleðslu
- Hraðhleðsla tekur u.þ.b. 45 mínútur
- Allt að 10 ára líftími rafhlöðu

- 17“ snertiskjár í mælaborði
- 3G netbúnaður

2012 -Nýtt upphaf

**TESLA MOTORS Á ÍSLANDI**
490 9000 - TESLAMOTORS.IS

# Raunir ráðherrans – munaður þingmannsins

**UMRÆÐAN**
Vigdís Hauksdóttir skrifar um Icesave


VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

Sinnaskipti formanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru afar umfangsmikil. Samfylkingin hefur sett stefnuna á Brussel, hvar Steingrímur Jóhann Sigfússon stendur í brúnni glaður og reifur, og að því virðist áttavillt- ur – þvert á það sem hann ræddi um fyrir kosningar. Nú hefur hann tekið kollsteypu í samningaviðræðunum við Breta og Hollendinga í Icesave-deilunni.

Hann er aumkunarverður, formaðurinn og fjármálaráðherrann sem nú þarf að éta ofan í sig allt sem formaðurinn og þingmaðurinn sagði fyrir nokkrum mánuðum. Lítum á nokkur dæmi: Um miðjan nóvember segir þingmaðurinn í ræðusal Alþingis: „Ég er með álit og greinargerðir a.m.k. fjögurra eða fimm lögfræðinga í höndunum sem draga mjög í efa að ábyrgðir okkar séu umfram þau lög og þann innlánstryggingasjóð sem við höfum stofnað á grundvelli tilskipana frá Evrópusambandinu.“ Um þetta er það að segja, að ráðherrann Steingrímur J. kannast nú ekki við að lagagrundvöllur hafi verið fyrir því að láta reyna á lögmæti krafna Breta og Hollendinga. Samt hafði hann í höndunum álit og greinargerðir allt að fimm lögfræðinga. Hentir þú þessum gögnum, Steingrímur?

Og hvaða nafni á að kalla samninga sem Steingrímur Jóhann hefur nú undirritað? Réttast að hann svari því sjálfur – þetta sagði hann á Alþingi þann 5. desember: „Það eru nauðungargerningar. Það eru væntanlega riftanlegir, ógildanlegir nauðungargerningar sem gerðir eru við aðstæður af þessu tagi og er þekkt fyrirbæri, bæði í landsrétti og þjóðarétti, að samningar sem gerðir eru þar sem annar aðilinn er settur í slíkar aðstæður halda ekki eða þurfa ekki að standa vegna þess að það er ekki þannig sem siðað fólk semur, að annar aðilinn sé með byssu í hnakkanum eða eitthvað viðlíka í formi hótana um efnahagsþvinganir o.s.frv.“

Manni verður á að hugsa – hvers hnakki var það að lokum – sem hlaupið beindist að, ef ekki hnakki fjármálaráðherrans? Þá lyppaðist hann niður eins og norðlenskur smalahundur, barinn fyrir að hlaupa geltandi í féð.

Það er huggun harmi gegn, að svona samningar, sem ráðherrann Steingrímur J. undirritaði, hafa víst enga lagastoð, að mati þingmannsins, Steingríms. Þegar óskað var eftir stuðningi við samning um ábyrgð ríkissjóðs vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á EES-svæðinu, á Alþingi 5. desember, sagði þingmaðurinn títtnefndi að það væri verið að „… óska eftir pólitískum stuðningi við ömurlega uppgjöf í þessu illvíga máli“. Hann vildi þá fyrir „… hönd okkar þingmanna Vinstri grænna lýsa því yfir að við lítum á þetta sem riftanlegan eða ógildanlegan nauðungarsamning og áskiljum okkur allan rétt í framhaldinu hvað það varðar“.

Nú getur fjármálaráðherra áskilið sér allan þann rétt sem hann kærir sig um þar sem hann er loks í stöðu til þess að standa við stóru orðin. Ekki trúi ég því að hann veðsetji íslensku þjóðina fyrir tæplega 700 milljarða, auk vaxta, á 65 ára sjálfstæðisafmæli lýðveldisins þann 17. júní næstkomandi, til erlendra auðlindasækinna kúgara? Talandi um að einhverjir kollsteypi sér í gröfinni!

Verður það ráðherra Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem ríður á vaðið og heggur fyrsta skarðið í fullveldi þjóðarinnar með þessum gjörningi – hverjum gat dottið það í hug fyrir kosningar?

*Höfundur er þingmaður Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður.*

## AF NETINU

### Hvað verður um þegna þessa lands?

**Björg Þórðardóttir skrifar**

Ég hef velt því fyrir mér síðustu daga hvort ég búi virkilega í sama landi og þau Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon. Það eru þau og flokkssystkini þeirra sem eru afrakstur „búsáhaldabyltingarinnar“ og stór hluti þjóðarinnar lagði traust sitt á að þau kæmu hinum almenna borgara til hjálpar. Leiðrétta skuldastöðu heimilanna og koma bönkum í starfhæft ástand þannig að þeir færu að sinna fjárþörf fyrirtækjanna svo hjólin færu að snúast á nýjan leik. Ég ætla ekki að fara í það hlutverk að túlka þá stöðu sem kom upp sl. haust, læt öðrum það eftir því nú keppist fólk við að koma sínum skýringum á hruninu á spjöld sögunnar og hver bókin af annarri kemur út um það. Bloggarar landsins hafa ekki legið á liði sínu og hefur verið fróðlegt að skoða margt af því sem komið hefur fram í bloggheimum. Væntanlega eru nú þúsundir Íslendinga agndofa yfir þeirri ákvörðun ríkisstjórnar landsins að hafa haft það sem forgangsverkefni að ganga til samninga við Breta um Icesave-reikningana með þeim hætti sem við höfum verið upplýst um í fjölmiðlum.

Nær hefði verið fyrir ríkisstjórnina að hafa það sem forgangsverkefni að horfast í augu við þá slæmu stöðu sem heimili og fyrirtæki landsins standa frammi fyrir og greiða úr vandamálum þeirra á raunhæfan hátt. Leiðrétta þarf þá miklu hækkun á höfustóli íbúðalána sem átt hefur sér stað með því mikla og óraunhæfa skriði vísitölunnar. Sú leiðrétting ætti að gilda frá 1. janúar 2008 til dagsins í dag.

Í framhaldi af því þarf að afnema vísitölubindingu lána hér á landi. Einnig ætti að kanna leiðréttingu lána fyrirtækja með sama hætti. Hagsmunasamtök heimilanna eru samtök sem þú, lesandi góður, ættir að skrá þig í. Meðlimir í samtökunum eru á þriðja þúsund og hægt er að skrá sig í samtökin á vefsíðunni www.heimilin.is Með þátttöku þúsunda Íslendinga í þessum samtökum verður vonandi hægt að koma stjórnmálamönnunum í skilning um að þeir þurfi að vinna fyrir fólkið í landinu. Þeir þurfa að hlusta á þá kröfu samtakanna að gera leiðréttingu á höfuðstól íbúðalána og afnema vísitölubindingu lána í kjölfarið.

Snúum bökum saman og mótmælum aðgerðarleysi stjórnvalda. Það þarf að grípa til áhrifameiri aðgerða en að lemja potta og pönnur. Nú er það ykkar, lesendur góðir, að koma með tillögur um hvað gera skal og koma þeim á framfæri á heimasíðu Hagsmunasamtaka heimilanna, www.heimili.is. Gerum þessi samtök að virku afli. Því það sem blasir við þjóðinni í okkar góða landi er að heimilin og fyrirtækin eru að brenna upp.

Hæ hó og jibbí jei

**CHARLES EAMES (1907-1978) FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI.**

*„Smáatriði eru aldrei smáatriði. Þau fullkomna sköpunina.“*

***Charles Eames, ásamt eiginkonu sinni, Ray Eames, er einn þekktasti húsgagnahönnuður og arkitekt Bandaríkjanna. Af mörgum frægum hlutum eru þau líklega þekktust fyrir stóla sína, svo sem hægindastólinn Lounge chair, hinn hvíta Ottoman og plaststólinn La Chaise.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 17. JÚNÍ ÁRIÐ 1940

## *Aðalbygging Háskóla Íslands vígð*



Þennan dag árið 1940 var aðalbygging Háskóla Íslands við Suðurgötuna vígð en skólinn var stofnaður árið 1911. Húsið var teiknað af Guðjóni Samúelssyni, þáverandi húsameistara ríkisins, en byggingin var nokkuð umdeild, bæði hvað kostnað og útlit varðar, en kostnaður við hana nam um tveimur milljónum íslenskra króna á sínum tíma.

Guðjón sótti hugmyndir að hönnun sinni víða í Evrópu og skoðaði háskólabyggingar þar og eru flestir sammála um hvílíkt stórvirki þetta er í dag. Mogginn sagði svo frá nýju háskólabyggingunni hinn 18. júní 1940: „Þar er sjón sögu ríkari. Hin nýja háskólabygging er innan sem utan stofnun, sem Íslendingar geta verið stoltir af. Það, sem gagnrýna má, skal ekki minnst á nú. Vér skulum heldur sameinast í tilfinningunni um að hafa skapað andlegum verðmætum vorum glæsilegt form, – og vona það og óska þess að Háskóli Íslands megi vaxa í anda frelsis og sannleiksleitar til að samsvara og skara fram úr því fagra musteri, sem honum hefur verið fengið til að þjóna þar í…“

Skrúðganga var farin frá Alþingi að Háskóla Íslands í tilefni vígslunnar og voru ræðuhöld og skemmtiatriði þar fram eftir degi.

### MERKISATBURÐIR

1911 Háskóli Íslands stofnaður og settur í fyrsta sinn.
1915 Fyrsta bílprófið tekið á Íslandi. Hafliði Hjartarson er handhafi skírteinis númer eitt.
1926 Melavöllur er vígður.
1936 Fallöxin notuð í síðasta skipti við aftöku í Frakklandi.
1959 Laugardalsvöllurinn er loks vígður eftir tveggja ára notkun.
1980 Ísbjarnarblús, plata Bubba Morthens, kemur út.
2006 Hvítabjörn er skotinn eftir að tilraunir með að svæfa hann mistakast.



**GAMAN Í VINNUNNI ÞENNAN DAG** Yfirhúsvörður Laugardalshallarinnar, Magnús Hersir Hauksson, og verkefnisstjóri, Sigurður Lárusson, undirbúa nú höllina í þriðja sinn fyrir stóran áhorfendahóp landsleiksins í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÞJÓÐHÁTÍÐARLANDSLEIKUR: Í ÞRIÐJA SINN Í HÖLLINNI

# Gleði við undirbúninginn

Sú hefð virðist vera að skapast að 17. júní spili landsliðið í handbolta stórleik í Laugardalshöll og er leikurinn nú í kvöld við Makedóníumenn. Leikirnir hafa verið afar vel sóttir síðustu tvö ár og liðið spilað fyrir húsfylli en uppselt hefur verið á leikina nokkrum dögum áður. Salurinn er litríkur þennan dag, enda margir sem fest hafa kaup á blöðrum og fánum í tilefni þjóðhátíðardagsins. Það er hins vegar að mörgu að huga eins og yfirhúsvörður Laugardalshallarinnar, Magnús Hersir Hauksson, og verkefnisstjóri hússins, Sigurður Lárusson, geta vitnað um.

„Þetta eru í raun milljón smáverk frekar en eitthvað eitt risastórt verkefni. Það þarf að leggja dúkinn, gera stúkur klárar, fara yfir línur, stilla klukkur rétt og þrífa allt hátt og lágt. Að auki er heilmikil vinna sem mæðir á HSÍ en hana vinna margir sjálfboðaliðar frá handknattleikssambandinu, við að koma upp auglýsingum og slíkt,“ segir Sigurður.

„Nú erum við að byggja yfir portið, þrífa og slíkt en við höfum auðvitað líka séð um að hafa allt til taks fyrir æfingar,“ segir Magnús. Gólf hússins er blátt og því sjást allar harpex-klessur extra vel og mikil vinna að halda gólfinu hreinu að sögn Sigurðar. Hann segir að jafnframt séu búningsklefar og völlurinn sjálfur þrifnir sérstaklega vel fyrir stóra daginn. „Ég held að þetta sé í eina skiptið sem enginn starfsmaður í húsinu kvartar yfir því að þurfa að vinna á svokölluðum „rauðum degi“ eða frídegi. Það vilja allir vinna því það er svo skemmtilegt í vinnunni þennan dag, væri eflaust meira mál að fá einhvern til að vinna á annan í páskum,“ segir Sigurður og hlær.

En göngum við Íslendingar vel um Höllina ykkar? „Já, mjög svo. Við höfum alltaf verið ánægðir með það hvernig landsleiksgestir umgangast húsnæðið,“ segir Magnús og Sigurður bætir við að það sé einhver blessun sem fylgt hafi húsnæðinu allt frá byggingu þess. „Þrátt fyrir stíft tónleikahald og alls kyns uppákomur hefur hingað til aldrei orðið nein leiðindauppákoma. Við vonum að sjálfsögðu að svo verði áfram.“

**juliam@frettabladid.is**

---



†

*Elskuleg systir okkar og frænka,*

**Elfa Thoroddsen**

frá Kvígindisdal,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans hinn 11. júní. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 22. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð krabbameinsgreindra. Starfsfólki á krabbameinsdeild Landspítalans eru færðar hjartans þakkir fyrir góða og hlýja umönnun.

**Systkini hinnar látnu og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Ástríkur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Hafsteinn Benjamínsson**

Rjúpnasölum 10, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju, fimmtudaginn 18. júní kl. 15.00.

**Erla Jóna Sigurðardóttir**
**Árni Þór Sigurðsson** **Freygerður Anna Ólafsdóttir**
**Guðmundur Sigurðsson** **Pálína Margrét Hafsteinsdóttir**
**Eva Rún Árnadóttir**
**Sigþór Óli Árnason**
**Arnar Freyr Árnason**

---



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Albert Ólafsson**

bakarameistari, Sólheimum 25,

lést á Landspítala Háskólasjúkrahúsi Fossvogi laugardaginn 13. júní. Útför fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 23. júní kl. 13.00.

**Ragnhildur Einarsdóttir**
**Anna F. Thorsen** **Benny Thorsen**
**Erla Albertsdóttir**
**Einar Albertsson**
**Ólafur Albertsson** **Imelda M Caingcoy**
**Albert Albertsson**
**og barnabörn.**

---



†

*Útför móður okkar,*

**Sigríðar Kr. Johnson**

Flókagötu 61,

fer fram föstudaginn 19. júní kl. 13.00 frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

**Ágústa Johnson**
**Kristinn Johnson**

---



†

*Eiginmaður minn,*

**Jóhann Þorsteinsson**

frá Miðsitju,

lést á hemili sínu Ferjuvaði 9, Reykjavík, að morgni mánudagsins 15. júní.

**Fyrir hönd aðstandenda**
**Sólveig Stefánsdóttir.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---



**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Skúli Skúlason**

Jörundarholti 32, Akranesi,

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness 13. júní. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 19. júní kl. 14.00.

**Margrét Guðríður Rögnvaldsdóttir**
**Rögnvaldur Skúlason**
**Björg Skúladóttir** **Víðir Jónasson**
**Helga María Skúladóttir**
**og afabörn.**


VÍKINGAHEIMAR
ICELAND
VÍKINGAHEIMAR OPNA Í REYKJANESBÆ
Þann 17. júní árið 2000 lagði víkingaskipið Íslendingur upp í siglingu til Ameríku undir stjórn Gunnars Marels Eggertssonar skipstjóra og skipasmiðs.
Í dag 17. júní 2009 opna Víkingaheimar í Reykjanesbæ þar sem Íslendingur verður til sýnis ásamt hlutum úr Smithsonian sýningunni: Vikings - The North Atlantic Saga.
Við bjóðum Íslending velkominn í varanlega höfn í Reykjanesbæ.
OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11:00 - 18:00
Opnunartilboð 2 fyrir 1 út júní!
REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is
Víkingaheimar - Víkingabraut 1 - 260 Reykjanesbæ - 422 2000 - vikingaheimar.com

# Stökktu til Salou

19. eða 26. júní

frá kr. 49.990 - með eða án fæðis



## Allra síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða ótrúleg tilboð á ferðum til sumarleyfisperlunnar Salou, sunnan Barcelona, 19. júlí í viku og 26. júlí í 2 vikur. Í boði eru stökktu tilboð, með eða án fæðis, þar sem þú bókar flugsæti og 3 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Þú velur hvort þú vilt gistingu án fæðis, með hálfu fæði eða öllu inniföldu. Salou er einn allra fallegasti bær Costa Dorada strandarinnar, sunnan Barcelona. Þar er Port Aventura, stærsti og glæsilegasti skemmtigarður Spánar. Stórkostlegar strendur, fjölbreytt aðstaða, úrval veitingastaða og litríkt næturlíf. Gríptu þetta einstaka tækifæri og smelltu þér í sumarfrí með Heimsferðum og njóttu lífsins á þessum einstaka sumarleyfisstað á hreint ótrúlegum kjörum.

Frá kr. 49.990
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðana og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku. Verð m.v. 2 fullorðna í herbergi / stúdíó / íbúð í viku kr. 59.990. Aukavika kr. 25.000. Stökktu tilboð 19. júní. Brottför 26. júní kr. 5.000. aukalega.

Með hálfu fæði
Frá kr. 64.990
Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð í viku með hálfu fæði. Aukavika kr. 30.000. Stökktu tilboð 19. júní. Brottför 26. júní kr. 5.000. aukalega.

Með fullu fæði
Frá kr. 79.990
Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð í viku með fullu fæði. Aukavika kr. 35.000. Stökktu tilboð 19. júní. Brottför 26. júní kr. 5.000. aukalega.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



# Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni




Notaðu mest lesna blað landsins
til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina
Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband
í síma 512 5448 | orn.geirsson@365.is
Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

FRÉTTABLAÐIÐ






NOKKUR ORÐ
Kolbrún Björt Sigfúsdóttir

# Blautur draumur um Beðmálapíur

Vinur minn sagði um daginn eitthvað á þá leið að stelpur á hans aldri tækju honum léttilega fram í perraskap. Ungar konur væru miklu tilbúnari til að tala um kynlíf sitt nú eftir að Sex and the City reið á vaðið. Værum við stelpurnar virkilega svona duglegar að ræða kynlíf eins og Carrie og vinkonur? Við, sem hann beindi orðum sínum að, ypptum öxlum. Jú, jú, en það væri ekkert nýtt, ekkert sem Beðmál í borginni hefðu komið til leiðar. Það væri líklegra að þátturinn hefði kynnt það fyrir körlum að konur væru líka kynverur, jafnvel meiri en karlar.



Ég hitti vinkvennahópinn minn stuttu síðar og fór að taka eftir hvað það var sem við töluðum um. Vorum við svona Beðmálapíur? Við töluðum til dæmis um krufningar, járnmagn Cheerios, flutninga, maraþon, mismunandi vinnustaði og jú, hversu lítið kynæsandi það væri þegar karlmenn væru okkur heimskari. Þó það væri auðvitað hægt að sofa hjá slíkum gripum af og til.

Ekkert af þessu, nema það síðasta, hefði ratað í þættina umtöluðu. Vorum við svona ofboðslega leiðinlegar, kynkaldar? Var vinkvennahópurinn minn svona ólíkur frumgerðinni fyrirsjáanlegu? Eða eru Beðmál í borginni ekki um alvöru konur, heldur tilbúinn blautur draumur karlmanna, dulbúinn sem feminismi?

Væri það ekki ótrúlega yndislegt, fyrir karlmenn, ef það eina sem konur hugsuðu um væri kynlíf og karlmenn? Og jú, skó, en aðallega til þess að ganga í augun á karlmönnum. Það eina sem ég get samsamað mig með í þáttunum er þörfin fyrir vinkonur, fyrir kvenlæg samskipti af og til. Sorrí strákar, það er meira til í heiminum en þið.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Dagskrá 17. júní 2009 í Reykjavík

**Kl. 09.55**
**Samhljómur kirkjuklukkna í Reykjavík**

**Kl. 10:00**
**Í kirkjugarðinum við Suðurgötu**
Forseti borgarstjórnar, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, leggur blómsveig frá Reykvíkingum á leiði Jóns Sigurðssonar
Lúðrasveit verkalýðsins leikur:
*Sjá roðann á hnjúkunum háu*
Stjórnandi: Snorri Heimisson
Skátar standa heiðursvörð

**Kl. 10:40**
**Hátíðardagskrá á Austurvelli**
Hátíðin sett: Kjartan Magnússon, formaður Þjóðhátíðarnefndar, flytur ávarp
Karlakór Reykjavíkur syngur:
*Yfir voru ættarlandi*
Stjórnandi: Friðrik S. Kristinsson
Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, leggur blómsveig frá íslensku þjóðinni að minnisvarða Jóns Sigurðssonar
Karlakór Reykjavíkur syngur þjóðsönginn
Hátíðarræða forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur
Karlakór Reykjavíkur syngur:
*Ísland ögrum skorið*
Ávarp fjallkonunnar
Lúðrasveit verkalýðsins leikur:
*Ég vil elska mitt land*
Kynnir er Áslaug Skúladóttir og Ríkisútvarpið sendir dagskrána út í útvarpi og sjónvarpi

**Kl. 11:20**
**Guðsþjónusta í Dómkirkjunni**
Séra Anna Sigríður Pálsdóttir prédikar
Dómkórinn syngur
Einsöngvari er Þóra Einarsdóttir

**Kl. 13 – 17**
**Hljómskálagarður**
Skátaland verður með leiktæki, þrautabrautir og fleira
Brúðubíllinn
Tóti trúður
Aikido-sýning
Fimleikadeild Ármanns
Skókassasirkusinn
Skylmingafélag Reykjavíkur
Fallhlífastökk
Fimleikatrúðarnir Iss piss
Kínversk kung fu-sýning
Ókeypis er í leiktækin í garðinum

**Kl. 13 – 16**
**Akstur fornbíla og sýning**
Hópakstur Krúsers og sýning á Skothúsvegi

**Skrúðgöngur**
**Kl. 13:40**
Skrúðganga frá Hlemmi niður Laugaveg að Ingólfstorgi. Lúðrasveitin Svanur leikur og Götuleikhúsið, Brasskararnir og Crymoguide taka þátt
**Kl. 13:45**
Skrúðganga frá Hagatorgi í Hljómskálagarð. Lúðrasveit Reykjavíkur leikur

**Kl. 14**
**Barna- og fjölskylduskemmtun á Arnarhóli**
Alli Nalli og tunglið. Möguleikhúsið
Kardimommubærinn. Þjóðleikhúsið
Öskubuska. Lýðveldisleikhúsið
Ljónin úr Skógarsögu. Ballettskóli Guðbjargar Björgvins
Horn á höfði. Grindvíska atvinnuleikhúsið
Sirkús Íslands
Danshópur Brynju Péturs
Ómar Ragnarsson
Breikdanshópurinn Floorgazm
Söngvaseiður. Borgarleikhúsið
Grease. Loftkastalinn
Söngvaborg
Jóhanna Guðrún
Gunni og Felix
Leikarar frá Möguleikhúsinu kynna dagskrána

**Kl. 14 og 14:30**
**Brúðubíllinn í Hljómskálagarði**
Leikið með liti

**Kl. 14**
**Barna- og fjölskylduskemmtun á Ingólfstorgi**
Lúðrasveitin Svanur
Sirkús Íslands

**Kl. 14**
**Tónleikar á Austurvelli**
Sönglist
Stórsveit Svansins
South River Band
Jussanam

**Kl. 14**
**Kraftakeppni við Ráðhúsið**
Trukkadráttur í Vonarstræti í keppninni Sterkasti maður Íslands

**Kl. 14**
**Uppákomur víðsvegar um Miðbæinn**
Sólskoðun Stjörnuskoðunarfélagsins á Austurvelli
Opnun á Eldhúsgarði Norræna hússins.
Sirkusatriði og ýmsar uppákomur.
Leiðsögn kl. 15

**Kl. 14-17**
**H2 - Skapandi sumarhópar Hins Hússins**
Götuleikhúsið leitar landvættana, í Lækjargötu og við tjörnina
Dvergblöðruuppskera Takk & Takk í miðbænum - Gríptu eina með þér!
Ramadansfjelagið sýnir Prójekt 2 – eitthvað annað í Alþingisgarðinum kl. 15-17
Agent Fresco leika í Bankastræti kl. 14 og á Útitafli kl. 16
Reginfirra leikur firrta tónlist sína í Austurstræti
Crymoguide ferðast niður Laugaveg með sekkjapípuleikara í farteskinu
Brasskararnir taka þátt í skrúðgöngu og leika lausum hala í miðbænum
Gúmmískáldin viðra tungur og þylja gúmmíþulur í Fógetagarðinum, Mæðragarðinum, hjá MR og á Útitaflinu

**Kl. 14:30**
**Tónleikar í Ráðhúsi Reykjavíkur**
Gítarsveit TR og TSDK
Ingveldur Ýr Jónsdóttir og Guðríður Sigurðardóttir
Tríó Vadim Federov

**Kl. 15**
**17. júnímót í siglingum**
Siglingamót Brokeyjar á sundinu fyrir utan Sæbrautina

**Kl. 17**
**Tónleikar á Ingólfstorgi**
Trúbatrix tónleikar þar sem fram koma:
Elíza
Songbird
Sigga Eyþórs
Elín Ey og Beta
Miss Mount
Uni
Fabula
Mysterious Marta

**Kl. 19:30**
**Tónleikar á Arnarhóli**
Bróðir Svartúlfs
Captain Fufanu
Discord
Blanco
We Went to Space
Mannakorn
Þú og ég
Sudden Weather Change
Dúndurfréttir
Stórsveit Samúels Jóns

**Kl. 19:30**
**Gospeltónleikar á Austurvelli**
Gospelkór Jóns Vídalíns
Sylvía
Herbert Guðmundsson
Hjalti Gunnlaugsson
G.I.G.

**Kl. 20**
**Harmónikuball í Ráðhúsi**
Léttsveit Harmónikufélags Reykjavíkur leikur fyrir dansi

**Kl. 20**
**Dansleikur á Ingólfstorgi**
Komið og dansið

**Kl. 23**
**Dagskrárlok**

Skipulagt hátíðasvæði er Kvosin þ.á.m. Austurvöllur, Kirkjustræti, Templarasund, Ingólfstorg, Arnarhóll, Tjarnargarður og Reykjavíkurhöfn. Umferð bifreiða er takmörkuð um þessi svæði og torgsala er óheimil án leyfis.

Umsjón með dagskrá þjóðhátíðar í Reykjavík hefur þjóðhátíðarnefnd á vegum Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur en Hitt Húsið sér um framkvæmdina. Beinn sími verkefnisstjóra er 411 5502 og netfang er 17juni@hitthusid.is

**Upplýsingasími: 411 5500**
Miðstöð þjóðhátíðar er í Hinu Húsinu Pósthússtræti 3-5, sími 411 5500 og þar má fá upplýsingar um dagskrá, týnd börn og fleira.

## Akstursleið Strætó 17. júní að og frá miðbæ Reykjavíkur

**Hverfisgata og Lækjargata eru lokaðar fyrir umferð vagna.**

Ekið frá 07:00-18:00
Ekið frá 18:00-24:00



**Ath. kl. 11.00**
*hefst ganga með leiksögn um sýningar í Þjóðminjasafninu sem er opið í dag og kostar ekkert inn. Kl. 14.00 – leiðsögn á íslensku um sýninguna Endurfundi. Á sýningunni má sjá úrval gripa sem fundust við fornleifauppgröft víðs vegar um landið sem kristnihátíðarsjóður styrkti á árunum 2001-2005. Kl. 15.00 – leiðsögn um sýninguna Þrælkun, þroski, þrá? Sýningin fjallar um börn við vinnu á sjó og í landi.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Nýútskrifuð með gallerí

Nemendur úr Listaháskólanum hafa tekið á leigu húsnæði á Laugaveginum þar sem þeir ætla sér að reka gallerí í sumar. Húsnæðið er bakhús við Laugaveginn þar sem fyrirhugað er að Listaháskólinn rísi í framtíðinni. Gengið er niður sund hjá Vínberinu. Þar hafa krakkarnir tekið hús, málað allt í hólf og gólf og kalla Gallery Crymogæa.

Þau ætla að opna í dag kl. 16 með samsýningu sem þau kalla Ísland á 17. júní. Þar verða á boðstólum lítil og stór verk af öllu tagi, þrykk, olíuverk, ljósmyndir, jafnvel verða í risi sýningarsalarins rými fyrir innsetningar.

Til Crymogæa-fjölskyldunnar teljast um þrjátíu ungir listamenn og eru þær stöllur Þorgerður og Solveig í forsvari fyrir hópnum.

Opið verður alla daga frá 11-18, utan föstudaga en þá er opið til kl. 21, á laugardögum og sunnudögum 12-18 en lokað á mánudögum. Gallery Crymogæa er á facebook.



**MYNDLIST** Þorgerður og Solveig fara fyrir á þriðja tug ungra myndlistarmanna í nýju gallerí á Laugavegi.

### > Ekki missa af …

Síðustu sýningu Shoebox Tour í Norræna húsinu í dag kl. 14. Töframaður, loftfimleikamaður, jögglari. Elektrónísk hljóðmynd í bland við hljóð úr tepoka, dagblöðum, fötum, reipi, strengjum, hringjum, húlahringjum, japönskum blævæng, fjöðrum og bolta sem springur. Shoebox Tour verður með síðustu sýningu sína í Sjóræningjahúsinu á Patreksfirði 20. júní.

## Veitt úr sjóði Kristjáns Eldjárns

Í gær var veitt öðru sinni úr minningarsjóði sem ættingjar, vinir og samstarfsmenn Kristjáns Eldjárns gítarleikara stofnuðu eftir andlát hans 22. apríl 2002. Kristján var þá tæplega þrítugur að aldri og hafði strítt við nær tveggja ára erfið veikindi. Sjóðnum er ætlað að verðlauna framúrskarandi tónlistarmenn og í gær hlaut Daníel Bjarnason, tónskáld og hljómsveitastjóri styrk sjóðsins. Daníel hefur á síðustum verið mikilvirkur í tónlistarlífi hér á landi sem hljómsveitarstjóri og tónskáld.

Kristján Eldjárn gítarleikari var fæddur í Reykjavík 16. júní 1972. Hann hóf ungur nám í Tónmenntaskóla Reykjavíkur og Tónlistarskólanum í Reykjavík og nam loks í Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar hjá Einari Kristjáni Einarssyni og lauk þar burtfararprófi 1996. Jafnframt lagði hann stund á rafgítarleik við djassdeild Tónlistarskóla FÍH og lauk burtfararprófi þaðan 1995. Á árunum 1997-98 stundaði hann framhaldsnám í klassískum gítarleik við Tónlistarháskólann í Turku í Finnlandi undir handleiðslu finnska gítarleikarans Timo Korhonens og lauk þaðan einleikara- og kennaraprófi.



**TÓNLIST** Kristján Eldjárn gítarleikari.
MYND FRETTABLADID

Kristján kenndi um skeið við ýmsa tónlistarskóla en starfaði fyrst og fremst sem hljóðfæraleikari og tónsmiður. Á árunum 1996-2000 hélt hann á annan tug einleikstónleika víða um land og rúmlega 130 skólatónleika. Hann kom fram með fjölda hljómsveita og hópa hér heima og erlendis. Má þar nefna Stuðmenn, Caput-hópinn, finnsku hljómsveitina Giant Robot og finnsk-íslenska dúettinn Helvík. Hann lék inn á fjölmargar hljómplötur, sá um útsetningar og stjórnaði upptökum. Hann samdi og/eða lék tónlist við ótal leikverk, danssýningar, kvikmyndir, sjónvarpsþætti og auglýsingar. - pbb



**LEIKLIST** Félagar úr Götuleikhúsinu á Laugavegi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Leit að landvættum

**Það er hátíð og það er sprell og þá birtast trúðar og göglarar eins og þeir voru kallaðir til forna.**

Götuleikhús Hins hússins setur svip sinn á hátíðarhöldin í Reykjavík í dag. Hópurinn sem að Götuleikhúsinu stendur hefur undir stjórn Steinunnar Knútsdóttur leikstjóra sett saman litla sögu og klæðir hana sterkum litum og stórum fígúrum sem sóttar eru í forna texta: landvættirnar eru þar í stóru hlutverki, en þó ekki í göngunni sjálfir. Þar verða aftur leitarsveitir að hinum fornu bjargvættum landsins. Leikarar úr hópnum munu verða á ferðinni frá Hlemmi í göngu dagsins og fara mikinn eins og þeirra er jafnan siður.

Sögukornið sem Götuleikhúsið vill segja er á þessa leið: Landvættanna fjögurra er saknað. Þetta eru þeir Gammur, Griðungur, Dreki og Bergrisi. Þeir komu hver frá sínum landsfjórðungi til höfuðborgarinnar í tilefni þjóðhátíðardagsins, til að standa vörð um skjaldarmerki Íslands en þeir eru nú týndir í stórborginni. Sést hefur til þeirra á víð og dreif á höfuðborgarsvæðinu en sérstök björgunarsveit, „Skjaldbjörg“, hefur verið kölluð á vettvang til að leita uppi vættina og færa þá á þjóðarskútuna .

Björgunarsveitin Skjaldbjörg mun sigla á flotanum sínum niður mannhafið í skrúðgöngunni sem gengur frá Hlemmi niður Laugaveg. Flotinn samanstendur af Þjóðarskútunni en þar mun Björgunarbrassbandið leika, fjórum öðrum bátum og bjargvættum á skoppstultum. Niðri við Tjörn mun sveitin freista þess að ná vættunum saman en þeir eru óstýrilátir og vilja ekki láta góma sig enda Þjóðarskútan óáreiðanlegt fley … Það er góð von til þess að sendiförin heppnist og skjaldarmerkið verði vel varið á þessum viðsjárverðu tímum.

pbb@frettabladid.is

BLINDRAFÉLAGIÐ 70
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

Vinningaskrá

Vorhappdrætti Blindrafélagsins 2009 – dregið 12. júní 2009

**Mitsubishi Lancer Sedan/Sportback Intense 4/5 dyra, 1,8l. sjálfskiptur frá Heklu hf. Verðmæti kr. 3.640.000**
28621

**Mitsubishi Colt, 5 dyra 1,5l 103 hö, beinskiptur frá Heklu hf. að verðmæti kr. 2.390.000,-**
94068

**30 ferðavinningar frá Heimsferðum, hver að verðmæti kr. 500.000,-**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 15585 | 34646 | 52203 | 73793 | 105112 | 126944 | 17683 | 35545 | 53553 | 75283 |
| 114317 | 129819 | 25647 | 40078 | 59324 | 85455 | 116566 | 140902 | 31622 | 49305 |
| 63665 | 95267 | 124915 | 142021 | 32689 | 51300 | 63805 | 98301 | 126537 | 154387 |

**100 ferðavinningar frá Heimsferðum, hver að verðmæti kr. 250.000,-**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1210 | 22277 | 39764 | 52218 | 65885 | 89387 | 101387 | 122589 | 131834 | 141206 |
| 3311 | 27217 | 40048 | 52570 | 68375 | 89964 | 103640 | 123327 | 132660 | 142096 |
| 7000 | 30696 | 40405 | 54642 | 69909 | 90330 | 103942 | 123488 | 134838 | 145322 |
| 8859 | 30996 | 40411 | 56636 | 71263 | 90339 | 107255 | 124024 | 136047 | 147798 |
| 8866 | 31252 | 40883 | 57598 | 71277 | 90793 | 108903 | 124136 | 136271 | 148216 |
| 13081 | 32551 | 41309 | 59757 | 72432 | 92276 | 110233 | 124486 | 138185 | 148880 |
| 13684 | 34439 | 47063 | 60582 | 72874 | 92535 | 111359 | 128798 | 138271 | 150482 |
| 14365 | 35390 | 47762 | 60997 | 76921 | 92565 | 114321 | 129151 | 139686 | 152573 |
| 21386 | 35440 | 50339 | 63197 | 78283 | 95355 | 115850 | 129624 | 139712 | 153806 |
| 21864 | 38507 | 50948 | 64181 | 80258 | 95485 | 118361 | 130740 | 139927 | 155520 |

**75 gistivinningar hjá Fosshótelum ásamt morgunverði í tvær nætur fyrir 2 auk kvöldverðar, hver að verðmæti kr. 60.000,-**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2371 | 14737 | 28096 | 38609 | 66688 | 83371 | 99229 | 108542 | 122768 | 144131 |
| 2498 | 15433 | 28743 | 44588 | 69469 | 85544 | 100601 | 108830 | 127969 | 144764 |
| 3198 | 15653 | 30627 | 50284 | 77728 | 86800 | 101426 | 110223 | 128547 | 145572 |
| 4352 | 15714 | 31458 | 56290 | 78204 | 88893 | 103388 | 112968 | 130213 | |
| 4419 | 21661 | 31833 | 56354 | 78554 | 92274 | 103874 | 113903 | 131924 | |
| 6132 | 25336 | 34473 | 59036 | 78888 | 92982 | 104528 | 117853 | 137001 | |
| 7412 | 25500 | 34957 | 65490 | 81633 | 93263 | 104643 | 120785 | 138227 | |
| 9486 | 27826 | 35941 | 66401 | 82604 | 97082 | 106918 | 122513 | 138309 | |

*Alls 207 skattfrjálsir vinningar að verðmæti kr. 50.500.000,-*
*Vinninga ber að vitja innan árs – Upplýsingasími 525 0000*
***Vinningaskrá birt í textavarpi sjónvarpsins á síðu 290 og á heimasíðu Blindrafélagsins www.blind.is***
*Birt án ábyrgðar*

## NÝJAR BÆKUR



Út er komin hjá Uppheimum sakamálasagan Óheillakrákan eftir Camillu Lackberg. Sigurður Þór Salvarsson þýðir, en þetta er fjórða sagan sem þýdd er á íslensku eftir þennan sænska metsöluhöfund. Sögusviðið er sem í fyrri bókum hennar Tanumshede þar sem lögreglumaðurinn Patrik Hedström og hans menn takast á við glæpi: í bæinn er komið sjónvarpslið að vinna við veruleikasjónvarpsþátt. Banaslys í umferðinni markar upphaf nýrrar rannsóknar og brátt verður ljóst að það tengist fleiri morðum.

Bjartur hefur sent frá sér skáldsöguna Laura og Julio eftir Juan José Millás. Hermann Stefánsson þýðir. Hjónaleysin Laura og Julio flytjast inn í íbúð og kynnast nágranna sínum, heillandi rithöfundi, Manuel. Þegar hann lendir í slysi og fellur í dá tekur heimur hjónanna að riðlast. Millás er einn helsti höfundur Spánverja um þessar mundir og hafa verk hans farið víða um lönd í þýðingum.





Áfram heldur útgáfu Forlagsins á íslenskri klassík: 79 af stöðinni er nú komin út í sjöundu útgáfu en hún kom fyrst út 1955. Með þessari fyrstu skáldsögu sinni sló Indriði G. Þorsteinsson í gegn enda kvað hér við nýjan tón. Kristján B. Jónasson skrifar eftirmála að verkinu og setur það í samhengi bókmennta og samfélags.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

**2398**
K.F KOFAREYKT ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR
**2398 kr./kg.**

**40% AFSLÁTTUR**
ALI FERKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR **598 kr./kg.**

**40% AFSLÁTTUR**
ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR **1798 kr./kg.**

**98**
98 kr. 1.ltr.

**598**
BÓNUS FROSTPINNAR 24 STK
**598 kr.**

LAMBAFILLET
FERSKT EÐA FROSIÐ

**2698**
K.S LAMBAFILLET *FERSKT EÐA FROSIÐ* **2698 kr./kg.**

**259**
BÓNUS ÍS 2 LTR **259 kr.**

**69** **98**
APPELSÍN Í DÓS 500 ml **69 kr**
MALT Í DÓS 500 ml **98 kr.**

## Opið í þessum Bónus verslunum í dag 17. júní 10.00-18.00

**Akureyri**/Langholt - **Akranes** - **Borgarnes**
**Egilsstaðir** - **Reykjanesbær** - **Selfoss**
***Hafnarfjörður:*** **Helluhraun** -
***Reykjavík:*** **Faxafen** - **Spöng Grafarvogi**
**Hallveigarstígur** - **Holtagarðar** - **Hólagarður**
**Fiskislóð á Granda** - **Smáratorg**

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAGUR 17,júní 1o.00 -18.00




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER kl. 3:40 - 5:50 - 8D - 8:30 - 10:20D - 11 | | 12 |
| THE HANGOVER | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| MANAGEMENT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| ADVENTURELAND | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| CORALINE 3D m/ísl.tali | kl. 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 10:20 | 16 |
| STAR TREK XI | kl. 8 | 10 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 4 - 6 | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER kl. 4 - 6 - 6:50 - 8 - 9 - 10:20 - 11:20 | | 12 |
| MANAGEMENT | kl. 6 - 8 - 10:20 | 10 |
| CORALINE 3D m/ísl.tali | kl. 4(3D) | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5:50 - 8 | L |
| ANGELS AND DEMONS | kl. 10 | 14 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| ADVENTURELAND | kl. 8 | 12 |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 10 | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 10:10 | 16 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 8 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 6 | L |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| GHOSTS OF A GIRLFRI... LÚXUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.40 - 8 | 12 |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5 - 8 - 10.20 | L |
| | | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| GULLBRÁ 750 KR. FULLORÐNIR 600 KR. BÖRN | kl. 6 | L |
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| ANGELS & DEMONS | kl. 8 - 10.40 | 14 |
| THE BOAT THAT ROCKED | kl. 8 - 10.40 | 12 |
| DRAUMALANDIÐ SÍÐUSTU SÝNINGAR | kl. 6 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5.30 - 8.30 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.50 - 8 - 10. | 7 |
| GULLBRÁ | kl. 5.50 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



550 kr. í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

OPIÐ Í DAG 17. JÚNÍ

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| GHOSTS OF GIRLFRIENDS PAST | kl. 6, 8 og 10.15 | 7 |
| GULLBRÁ | kl. 2 og 4 - Ísl. tal | L |
| TERMINATOR SALVATION | kl. 8 og 10.15 | 14 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 2, 4 og 6 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 4, 7 og 10 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 2 | L |




# SIGGI PÁLS OG KRISTÍN GRIMM Á GRÍMUHÁTÍÐ

**Sigurvegarar Grímu-hátíðarinnar teljast Sigurður Pálsson og Kristín Jóhannesdóttir en sýning þeirra Utan gátta hlaut helstu verðlaun og sex alls. Sérstök heiðurslaun hlaut Helgi Tómasson listdansstjóri.**

Sjöunda Grímuhátíðin var haldin í gærkvöldi. Sýningin Utan gátta, eftir Sigurð Pálsson í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur, hlaut sex verðlaun alls – þar af var hún kjörin sýning ársins, Sigurður leikskáld ársins og Kristín var kjörin leikstjóri ársins. Heiðurslaun hlaut Helgi Tómasson listdansstjóri, þrefaldur fálkaorðuhafi, fyrir framúrskarandi ævistarf í þágu danslistarinnar. Þá vekur einnig athygli að sýning Rúnars Guðbrandssonar, Steinar í djúpinu, hlaut þrenn verðlaun. Rúnar situr í valnefnd en fór fram á að sitt atkvæði yrði gert ógilt. Björn Thors var kjörinn leikari ársins og Harpa Arnardóttir leikkona ársins.

Alls komu 78 frumflutt verk til tals þetta árið, þar af níu útvarpsverk, fimmtán dansverk, 43 almennar sýningar og ellefu leiksýningar ætlaðar börnum og/eða unglingum. Við verkin störfuðu yfir eitt þúsund listamenn.

**MEGA VEL VIÐ UNA**

**Hjónin Sigurður Pálsson** og **Kristín Jóhannesdóttir** eru: Besti höfundurinn, besti leikstjórinn og eiga ásamt Þjóðleikhúsinu bestu sýninguna - Utan gátta. **Björn Thors**, **Harpa Arnardóttir**, **Rúnar Guðbrandsson** og **Helgi Tómasson** eru einnig í hópi sigurvegara Grímunnar.



## GRÍMUHAFAR 2009

- **Sýning ársins:** Utan gátta eftir Sigurð Pálsson í sviðsetningu Þjóðleikhússins. Leikstjórn: Kristín Jóhannesdóttir.
- **Leikskáld ársins:** Sigurður Pálsson fyrir Utan gátta.
- **Leikstjóri ársins:** Kristín Jóhannesdóttir fyrir Utan gátta.
- **Leikari ársins í aðalhlutverki:** Björn Thors í Vestrinu eina – Leikfélag Reykjavíkur.
- **Leikkona ársins í aðalhlutverki:** Harpa Arnardóttir í Steinar í djúpinu – Lab loki og Hafnarfjarðarleikhúsið.
- **Leikari ársins í aukahlutverki:** Bergur Þór Ingólfsson í Milljarðamærin snýr aftur – LR.
- **Leikkona ársins í aukahlutverki:** Birna Hafstein í Steinar í djúpinu.
- **Leikmynd ársins:** Gretar Reynisson – Utan gátta.
- **Búningar ársins:** Gretar Reynisson – Utan gátta.
- **Lýsing ársins:** Halldór Örn Óskarsson – Utan gátta.
- **Tónlist ársins:** Guðni Franzson – Steinar í djúpinu.
- **Söngvari ársins:** Valgerður Guðnadóttir í Söngvaseiður – LR.
- **Dansari ársins:** Margrét Bjarnadóttir í Húmanímal í sviðsetningu Mín og vina minna og Hafnarfjarðarleikhússins.
- **Danshöfundur ársins:** Margrét Bjarnadóttir og Saga Sigurðardóttir fyrir kóreógrafíu í Húmanímal.
- **Barnasýning ársins:** Leiksýningin Bólu-Hjálmar. Leikstjórn: Ágústa Skúladóttir.
- **Útvarpsverk ársins:** Útvarpsleikritið yfirvofandi eftir Sigtrygg Magnason. Tónlist eftir Úlf Eldjárn. Hljóðsetning Einar Sigurðsson. Leikstjórn Bergur Þór Ingólfsson.
- **Heiðursverðlaun Leiklistarsambands Íslands:** Dansarinn, danshöfundurinn og listdansstjóri San Francisco-ballettsins Helgi Tómasson fyrir framúrskarandi ævistarf í þágu danslistar.

**Valnefndir Grímunnar:** Andreas Constantinou, Anthony Vezich, Arnar Bjarnason, Arnheiður Ingimundardóttir, Frosti Friðriksson, Edda Þórarinsdóttir, Elín Edda Árnadóttir, Guðjón Pedersen, Guðmundur Helgason, Guðný María Jónsdóttir, Gunnar Helgason, Hafþór Ólafsson, Helga Arnalds, Helga E. Jónsdóttir, Hrund Ólafsdóttir, Jakob Þór Einarsson, Karen María Jónsdóttir, Kristín Eysteinsdóttir, Orri Huginn Ágústsson, Rúnar Guðbrandsson, Sigrún Valbergsdóttir, Sigtryggur Magnason, Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann og Þórdís Schram.

# Heilsunámskeið í Hallormsstað

Leikkonan og jógakennarinn Ingibjörg Stefánsdóttir ætlar að bjóða upp á heilsudekursnámskeið í Hallormsstaðarskógi í sumar. Ingibjörg mun kenna áhugasömum að iðka Ashtanga jóga en samstarfskona hennar, Rannveig Gissurardóttir, mun sjá um að reiða fram holla og góða rétti fyrir fólk. „Við erum báðar aldar upp á Egilsstöðum og lékum okkur mikið í skóginum sem börn. Mig hefur lengi langað að bjóða upp á svona heilsudekursfrí hér heima, en ég hef sjálf farið nokkrum sinnum í svoleiðis frí erlendis. Okkur fannst kjörið tækifæri að gera fara af stað með þetta í sumar þar sem fólk hefur hug á að ferðast meira innanlands en oft áður,“ segir Ingibjörg og tekur fram að ekki sé nauðsynlegt fyrir þátttakendur að hafa einhvern grunn í jóga. Ingibjörg segir námskeiðið vera stílað á fjölskyldufólk og verður sérstök dagskrá í boði fyrir börnin á meðan foreldrarnir iðka jóga. Aðspurð segist hún ætla að halda áfram að bjóða upp á jóga í Hallormsstað að heilsunámskeiðinu liðnu, „Ég verð hér í mánuð og ætla að bjóða upp á kennslu. Ég mæli eindregið með því að fólk heimsæki Austurland í sumar, þetta er svo mikil náttúruperla.“ Heilsunámskeiðið hefst 25. júní og stendur yfir í fjóra daga. **-sm**



**INGIBJÖRG STEFÁNSDÓTTIR** býður upp á jógakennslu í Hallormsstaðarskógi í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI




# Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

# Gleðilega þjóðhátíð

Tilboðin gilda í dag, 17. júní

**100**
PYLSA OG COCA COLA

50% AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR Í DAG

**2490** pr. par
RÚLLUSKÓR
- St 28-40

**399**
EINNOTA GRILL
- Skiljið ekki grillið eftir í náttúrunni.

**3590**
KÚLUGRILL - 44 CM

**2490**
VEIÐISTÖNG - BARNASETT
- Læst veiðihjól

**549**
FROSTPINNAFORM
- 6 í pk

FRÁ **1299**
SPÚNASETT
- Margar gerðir

**399**
GRILLKOL - 2 KG

**12.990** pr. stk
12" REIÐHJÓL
- Roswell
- Stráka/stelpu, 2-4 ára

50 ltr

**990**
GRÓÐURMOLD
- 50 ltr

FRÁ **199**
SÁPUKÚLUR
- Margar gerðir

www.europris.is

**Opið frá kl. 10 til 18 í dag, 17. júní.**

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

## > Atvik umferðarinnar

Því miður koma upp slæm atvik í Pepsi-deildinni og tvö slík áttu sér stað í leik KR og Keflavíkur. Þá köstuðu stuðningsmenn Keflavíkur tveimur flöskum, annarri inn á völlinn og hinni í stuðningsmann KR. Leiðinleg framkoma sem á ekki heima í íslenskum fótbolta.

## > Bestu ummælin

„Þeir eru með hugmyndaflugið í lagi, þeir mega eiga það. Þetta er magnað uppátæki,“ sagði Marel Baldvinsson um peningaseðlana sem stuðningsmenn Blika létu prenta sérstaklega fyrir leikinn gegn Val.



**sport**
sport@frettabladid.is

PEPSI-DEILD KARLA: LIÐ 7. UMFERÐAR

# Efstu fjögur liðin unnu öll sína leiki

Miðað við árangur liða í hraðmótinu svokallaða í upphafi móts var lítil breyting á liðunum eftir landsleikjafríið. Efstu fjögur liðin unnu öll nokkuð sannfærandi sigra í sínum leikjum og þá héldu Valsmenn áfram sínu striki og léku sinn fjórða taplausa leik í röð.

Vissulega kom á óvart hversu sannfærandi sigur KR-inga var gegn Keflavík enda hafði síðarnefnda liðið haft gott tak á liði KR undanfarin ár. En KR-ingar sýndu svo ekki verður um villst að þeir ætla sér stóra hluti í sumar.

Þróttarar unnu sinn fyrsta leik og hafa því öll liðin í deildinni fagnað minnst einum sigri. Öll liðin í deildinni hafa einnig tapað minnst einum leik.

Fjölnir og Grindavík verma nú fallsæti deildarinnar og höfðu þau ekki roð við andstæðingunum í leikjum sínum í sjöundu umferðinni. Framarar steinlágu líka fyrir sprækum Stjörnumönnum og er nokkuð ljóst að þessi lið þurfa að spýta í lófana. Tækifærið er nú, enda ekki nema tvö stig sem skilja neðstu fimm liðin að.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** Stjarnan og ÍBV 17
**Flest skot á mark:** Stjarnan, ÍBV og Fjölnir 8
**Fæst skot:** Valur og Grindavík 6
**Hæsta meðaleink.:** Stjarnan 6,91.
**Lægsta meðaleink.:** Fram 3,57.
**Grófasta liðið:** Fjölnir 23 brot.
**Prúðasta liðið:** KR 2 brot.
**Flestir áhorfendur:** 1.660, á leik KR og Keflavíkur.
**Fæstir áhorfendur:** 638, á leik Fjölnir - Fylkir.
**Áhorfendur alls:** 6.441 (1.074).

**Besti dómarinn:** Kristinn Jakobsson var eini dómarinn fékk 7 í einkunn fyrir sinn leik. Hann dæmdi leik Þróttar og ÍBV.

## ÚRSLIT

*Pepsi-deild kvenna:*

**Fylkir-Stjarnan 3-3**
Anna Sigurðardóttir 2, Rúna Sif Stefánsdóttir - Edda María Birgisdóttir, Björk Gunnarsdóttir, Anna Björk Kristjánsdóttir.

**KR-GRV 2-0**
Sonja Björk Jóhannesdóttir, Guðný Guðleif Einarsdóttir.

**Afturelding/Fjölnir-Þór/KA 1-3**
Sigríður Þóra Birgisdóttir - Rakel Hönnudóttir 2, Bojana Besic.

**Keflavík-Valur 0-11**
- Anna Garðarsdóttir 4, Dóra María Lárusdóttir 3, Kristín Ýr Bjarnadóttir 3, Andrea Ýr Gylfadóttir.

**Breiðablik-ÍR 3-0**
Hekla Pálmadóttir, Harpa Þorsteinsdóttir, Fanndís Friðriksdóttir.

**markaskorarar fengnir frá fótbolti.net*

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Valur** | 8 | 6 | 1 | 1 | 44-11 | 19 |
| Breiðablik | 8 | 6 | 1 | 1 | 23-7 | 19 |
| **Stjarnan** | 8 | 5 | 2 | 1 | 18-7 | 17 |
| Fylkir | 8 | 4 | 2 | 2 | 22-12 | 14 |
| **Þór/KA** | 8 | 4 | 1 | 3 | 26-18 | 13 |
| KR | 8 | 3 | 1 | 4 | 14-9 | 10 |
| **Afturel./Fjölnir** | 8 | 3 | 1 | 4 | 11-16 | 10 |
| GRV | 8 | 3 | 0 | 5 | 6-18 | 9 |
| **ÍR** | 8 | 1 | 1 | 6 | 6-26 | 4 |
| Keflavík | 8 | 0 | 0 | 8 | 5-41 | 0 |



**BARÁTTA** Það var ekkert gefið eftir í Árbænum í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Pepsi-deild kvenna:

## Stjarnan missti af toppliðunum

**FÓTBOLTI** Fimm leikir fóru fram í Pepsi-deild kvenna í gærkvöldi.

Toppliðin Valur og Breiðablik unnu örugga sigra en Stjarnan varð af tveimur mikilvægum stigum er liðið gerði 3-3 jafntefli gegn Fylki í fjörugum leik á Fylkisvelli.

KR-stelpur hífðu sig síðan upp frá botnsvæðinu með afar mikilvægum sigri á GRV. - hbg

Fernando Torres:

## Vill fá Villa til Liverpool

**FÓTBOLTI** Fernando Torres hefur hvatt eigendur Liverpool til þess að gera allt sem þeir geta til þess að fá framherjann David Villa til félagsins.

Þeir félagar leika saman í framlínu spænska landsliðsins, þar sem þeir eru frábærir saman, og Torres vill ólmur spila með Villa líka hjá Liverpool.

„Benitez sér um samningamálin og þeir sem koma munu styrkja okkur. Ef ég réði einhverju þá myndi ég kaupa David Villa en það er kannski ekki hægt,“ sagði Torres en bæði Barcelona og Real Madrid eru á eftir framherjanum skæða. - hbg

# Hugsum bara um sigur

**Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari skorar á landann að hjálpa strákunum okkar að komast á EM í dag með því að fylla Höllina og hvetja liðið til dáða. Snorri Steinn spilar með liðinu í dag en Aron Pálmarsson er afar tæpur.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið getur tryggt sig inn á EM í dag með því að sigra eða ná jafntefli gegn Makedóníumönnum. Tapi liðið leiknum er draumurinn um að komast á EM samt ekki úti þar sem sigur ytra gegn Eistlandi dugar liðinu.

Strákarnir voru grátlega nálægt því að tryggja sætið um síðustu helgi gegn Norðmönnum. Eftir frábæran leik missti liðið unninn leik niður í jafntefli. Það voru mikil vonbrigði.

„Maður verður bara að sætta sig við þetta en þetta var eins og að vera kýldur fast í andlitið,“ sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari og var bersýnilega enn svekktur að hafa ekki klárað dæmið á sunnudaginn síðasta. Hann segir strákunum hafa gengið vel að vinna með vonbrigðin og þeir verða tilbúnir í slaginn í kvöld að hans mati. Þar sé stefnan sett á sigur og ekkert annað.

„Leikurinn gegn Makedóníumönnum verður enn meira spennandi fyrir vikið og þar af leiðandi skemmtilegra að spila hann. Það truflar okkur ekkert að vita að við megum tapa leiknum. Það eina sem við hugsum um er að vinna leikinn og tryggja sætið,“ sagði Guðmundur sem vill vinna riðilinn svo Ísland eigi möguleika á að komast í efsta styrkleikaflokk þegar dregið verður í riðla á EM.

Eins og er búið að margtyggja þá hefur íslenska liðið verið einstaklega óheppið með meiðsli og frammistaða liðsins í riðlakeppninni hefur komið þægilega á óvart í ljósi alls mótlætisins.

„Það á það til að gleymast í umræðunni. Eins og á móti Noregi voru vonbrigði að gera jafntefli en það má ekki gleyma því að leikurinn var vel leikinn lengstum af okkar hálfu og ég var virkilega ánægður með margt í leiknum,“ sagði Guðmundur en strákarnir þurfa að eiga annan góðan leik í dag til þess að leggja sterkt lið Makedóníu.

„Ég skora á fólk að koma og troðfylla Höllina. Við þurfum á mjög öflugum stuðningi eins og hefur verið á þessum 17. júní leikjunum. Svo held ég að fólk verði ekki svikið af því að mæta og taka þátt í fjörinu,“ sagði Guðmundur Guðmundsson að lokum.

Aron Pálmarsson verður líklega ekki með liðinu í dag vegna meiðsla en Snorri Steinn Guðjónsson mun geta beitt sér en hann kom mjög sterkur inn í leiknum gegn Norðmönnum.

henry@frettabladid.is



**LÍFLEGUR** Guðmundur tók virkan þátt í leiknum á sunnudag og verður án vafa líflegur á hliðarlínunni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BJÖRGÓLFUR** Endaði á sjúkrabeði. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Björgólfur Takefusa:

## Þurfti að dvelja á sjúkrahúsi

**FÓTBOLTI** Björgólfur Takefusa, leikmaður KR, þurfti að dvelja á sjúkrahúsi eina nótt eftir að hann meiddist á æfingu með KR fyrir skemmstu.

Björgólfur var ekki með KR gegn Keflavík á sunnudagskvöldið en hann meiddist á æfingu fyrir leikinn.

„Hann fékk högg á lærið sem hann taldi ekki vera mjög alvarlegt,“ sagði Logi Ólafsson, þjálfari KR. „Síðan ágerðist þetta eftir að hann fór heim um kvöldið. Hann ákvað því að fara á slysavarðarstofu til að fá bólgueyðandi lyf. En þá kom í ljós að þetta var það alvarlegt að hann var lagður inn. Þegar það blæðir inn á vöðvann kemur mikill þrýstingur á aðra vöðva í kring og hætta á súrefnisskorti. Þar með gæti komið drep í vöðvann. Í þeim tilfellum gæti þurft að framkvæma uppskurð til að hleypa blóðinu út,“ sagði Logi.

Logi sagði að það hefði þó ekki komið til þess en það kæmi í ljós næstu daga hvort hann muni geta spilað með KR gegn Fram á sunnudaginn. - esá

Stjörnumaðurinn Halldór Orri Björnsson er leikmaður 7. umferðar Pepsi-deildarinnar að mati Fréttablaðsins:

# Viljum vera við toppinn eins lengi og hægt er

**FÓTBOLTI** Halldór Orri Björnsson, leikmaður Stjörnunnar, er leikmaður 7. umferðar Pepsi-deildarinnar að mati Fréttablaðsins. Hann skoraði tvö mörk í 4-1 sigri Stjörnunnar á Fram á sunnudagskvöldið. Það var þriðji taplausi leikur Stjörnunnar í röð eftir að liðið tapaði stórt fyrir FH í Kaplakrika, 5-1. En Garðbæingar létu ekki slá sig út af laginu og hafa haldið sínu striki og gott betur. Liðið er til að mynda það eina sem hefur bæði skorað og náð stigi í Keflavík til þessa. Þar var einmitt Halldór að verki en hann er næstmarkahæsti leikmaður deildarinnar með fimm mörk, rétt eins og Blikinn Alfreð Finnbogason og Valur Fannar Gíslason hjá Fylki. Arnar Már Björgvinsson, félagi Halldórs hjá Stjörnunni, er markahæstur með sex mörk.

„Nei, það þýðir ekkert að slaka á,“ sagði Halldór í samtali við Fréttablaðið. „Það er bara þrjú ungur búinn af þessu móti og því nóg eftir. Við viljum halda okkur við toppinn eins lengi og við getum.“

Hann segist ekki hafa óttast að Stjörnumenn misstu dampinn í landsleikjafríinu sem nú er nýlokið. „Nei, ég leit á þetta bara sem kærkomið tækifæri til að hvíla þreytta fætur eftir mikla keyrslu í upphafi móts. Bjarni (Jóhannsson þjálfari) gaf okkur sem erum búnir að spila mikið gott frí og var með æfingaleik fyrir hina. Það virðist hafa gefið góða raun, allavega miðað við fyrsta leikinn.“

Það er mikið búið að fjalla um sóknarkraft Stjörnunnar en fyrirfram var reiknað með því að Stjarnan myndi bæði skora mörg mörk en fá einnig mörg á sig. Annað hefur komið á daginn og hefur Stjarnan fengið aðeins níu mörk á sig - þar af fimm í áðurnefndum leik gegn FH.

„Við skoruðum mörg mörk á undirbúningstímabilinu en fengum þá mörg á okkur líka. En þá vantaði líka Tryggva (Bjarnason). Hann var frá í nánast allan vetur en síðan hann kom aftur hefur varnarleikurinn jafnt og þétt verið að slípast til. Í dag þurfum við í sókninni engar áhyggjur að hafa af vörninni. Við erum með afar traustan markvörð og varnarlínu. Það gefur okkur hinum meira frelsi í sóknarleiknum.“

Stjarnan mætir næst Fylki í 32-liða úrslitum bikarkeppninnar en þessi lið hafa þegar mæst í deildinni. Þá vann Stjarnan 2-1 sigur þrátt fyrir að hafa verið manni færri í 80 mínútur.

„Þeir vilja sjálfsagt leiðrétta eitthvað úr þeim leik en við ætlum okkur að slá þá út úr þessari keppni.“ - esá



**FIMM MARKA MAÐUR** Halldór Orri Björnsson hefur verið atkvæðamikill í leikjum Stjörnunnar til þessa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ RSÍ Á APAVATNI 2009

**Fjölskylduhátíð RSÍ verður haldin 19. – 21. júní að Skógarnesi við Apavatn. Dagskráin verður með hefðbundnu sniði en meðal fastra skemmtiatriða er víðavangshlaupið og grillaðar verða pylsur. Þá er ný körfuboltaaðstaða og strandblakvöllur fyrir áhugasama.**

**Félagar, mætum og tökum þátt í skemmtilegri fjölskylduhátíð á stórglæsilegri orlofsaðstöðu sambandsins.**



## Laugardagur – dagskrá

**09:00** *Boltaleit kvikmyndahúsanna & veiðikeppni.*
**11:00** *Hoppukastalar.*
**13:00** *Skráning í fótbolta & golfkeppni hefst.*
**14:00** *Víðavangshlaup.*
**14:30** *Fótboltamót.*
**14:30** *Möguleikhúsið.*
**16:00** *Pylsur.*
**19:30** *Skátakvöldvaka barnanna.*
**20:30** *Verðlaunaafhending.*
**21:00** *Hljómsveit, Sniglabandið.*
**23:30** *Varðeldur, skátar stjórna kvöldvöku.*





## Munið félagsskírteinin

**Frítt fyrir félagsmenn og fjölskyldur.**

Ath. 2000 kr. helgin fyrir gesti félaga, 12 ára og eldri.

**RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS**

**Stórhöfða 31, 110 Reykjavík. Sími: 580 5200. Fax: 580 5220. rsi@rafis.is**



> **Gwyneth Paltrow**

„Þrjú stærstu augnablikin í mínu lífi eru andlát föðurs míns, þegar ég hitti manninn minn og fæðing dóttur minnar. Allt annað finnst mér lítilfjörlegt.“

***Paltrow fer með aðalhlutverkið í myndinni Sliding Doors sem Skjár einn sýnir í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON DETTUR STUNDUM UM BYLGJUNA

# *Þéttir sunnudagsmorgnar*



Ég hef aldrei verið mikill Bylgju-aðdáandi. Þeir félagar Þorgeir og Kristófer eru með fínan eftirmiðdagsþátt sem ég fer þó sjaldan á. Um þær mundir er ég að hlusta á RÚV, Hlaupanótuna og hirð Hauks Yngvarssonar, Víðsjá. Toggi og Kristófer verða undir. Hvers vegna fell ég ekki í Bylgjuna? Yfirleitt nenni ég ekki að hlusta mikið á tónlist við vinnuna, nema þá ég sanki að mér einhverri tiltekinni músík og hlaði henni á tölvuna og lepji hana þaðan sem getur orðið trautt, sífelldar hringingar og slík viðvik sjá manni fyrir stöðugri truflun. Fari ég á útvarp yfir daginn er það helst á erlendar talstöðvar, en líka þar vill þráðurinn slitna.

Haukur þessi opinberaði eina ferðina enn aðdáun sína á Oliviu Newton John á fimmtudag. Það er ljóst hvaða pinnöpp hafa fyllt hans heim. En það var nú ekki efnið að taka undir lof Hauksins á Oliviu: Það eru sunnudagsmorgnarnir á Bylgjunni sem eiga að fá hrósið. Þar er þjappað í eina röð efnismestu bútunum frá morgunþætti Bylgjunnar þar sem þau skötuhjú Heimir og Kolla halda um stjórnvölinn. Veljandi bestu bitana fær maður fínan pakka af afdráttarlausum spurningum og stundum efnismiklum svörum frá ráðamönnum og sérfræðingum. Í kjölfarið er svo Sprengisandur Sigurjóns Egilssonar þar sem reynt er að draga dulur af földum stöðum í samtímaumræðunni. Sem sagt dúndurstöff.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **13.45 Spánn – Írak, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **17.40 X-Files** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.55 Stikkfrí** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.10 The Truth About Binge Drinking** SKJÁREINN



▶ **20.55 Næturvaktin** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Lítil prinsessa, Halli og risaeðlufatan, Skordýrin í Sólarlaut, Franklín, Bitte nú!, Skúli Skelfir og Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar.
**10.40 Hátíðarstund á Austurvelli**
**11.15 Gunnar Gunnarsson rithöfundur** (e)
**11.45 Sumartónleikar í Schönbrunn**
**13.25 Út og suður** (e)
**14.00 Tíu Laxnessmyndir** (e)
**15.00 Íslenska golfmótaröðin** (e)
**15.35 Leiðarljós**
**16.20 Táknmálsfréttir**
**16.30 Landsleikur í handbolta** Bein útsending frá leik karlaliða Íslands og Makedóníu í undankeppni Evrópumótsins 2010.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
▶**19.35 Ávarp forsætisráðherra**
**19.55 Stikkfrí** Bíómynd eftir Ara Kristinsson. Tíu ára stúlka hefur uppi á pabba sínum sem hún hefur aldrei hitt. Aðalhlutverk: Bergþóra Aradóttir, Freydís Kristófersdóttir og Bryndís Sæunn Sigríður Gunnlaugsdóttir. (e)
**21.15 Cranford** (Cranford) (4:5) Bresk þáttaröð um þorpslíf í Cheshire um 1840.
**22.10 Íslenski draumurinn** Bíómynd eftir Róbert Douglas og fjallar um hremmingar ungs manns sem ætlar sér að verða ríkur á sígarettuinnflutningi. Aðalhlutverk: Þórhallur Sverrisson, Laufey Brá Jónsdóttir og Jón Gnarr. (e)
**23.45 Þursaflokkurinn og Caput** (e)
**01.00 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Look Who's Talking**
**10.00 Nancy Drew**
**12.00 Cars**
**14.00 Look Who's Talking**
**16.00 Nancy Drew**
**18.00 Cars**
**20.00 Blades of Glory**
**22.00 The Last Time**
**00.00 The Big Nothing**
**02.00 Inside Man**
**04.05 The Last Time**
**06.00 One Last Ride**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Gulla og grænjaxlarnir, Hvellur keppnisbíll, Litla risaeðlan, Bratz Stóra teiknimyndastundin, Ben 10 og Leðurblökumaðurinn.
**10.00 Anna og skapsveiflurnar**
**10.30 Ávaxtakarfan**
**12.00 Hollyoaks** (213:260)
**12.25 Gilmore Girls**
**13.10 Newlywed, Nearly Dead** (11:13)
**13.40 E.R.** (17:22)
**14.30 The O.C.** (27:27)
**16.45 The New Adventures of Old Christine** (3:10)
**17.15 Worst Week** (13:15)
**17.40 Friends** (8:25) Bestu vinir allra landsmanna. Fylgstu með Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicu og Chandler frá byrjun.
**18.05 The Simpsons** (9:25) Áttunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Veður**
**19.10 Bláu augun þín - Tónleikar** Upptaka frá tónleikum sem fóru fram í apríl árið 2008 í Íslensku óperunni þar sem helstu dægurlagaperlur Gunnars Þórðarsonar, Ólaf Hauks Símonarsonar og Ólafs Gauks voru fluttar.
**20.00 Svínasúpan** (1:8) Frábærir grínþættir í leikstjórn Óskars Jónassonar.
**20.25 Fóstbræður** Við rifjum upp kynnin við hina óborganlegu Fóstbræður.
▶**20.55 Næturvaktin** (7:13) Þættir sem gerast á næturvaktinni á ónefndri bensínstöð í borginni þar sem standa vaktina þrír gerólíkir náungar sem seint munu eiga skap saman.
**21.20 Stelpurnar** (1:10) Stelpurnar sprenghlægilegu snú aftur og hafa aldrei verið fyndnari.
**21.45 Dís** Íslensk kvikmynd frá 2004 sem byggð samnefndri bók.
**23.10 The Mentalist** (17:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.
**23.55 E.R.** (17:22)
**00.40 Sjáðu**
**01.10 Weeds** (5:15)
**01.35 Weeds** (6:15)
**02.05 Silver City**
**04.10 Worst Week** (13:15)
**06.05 Stelpurnar** (1:10)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 NBA 2008/2009 - Finals Games** Útsending frá leik í úrslitarimmunni í NBA.
**17.55 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar er yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.
**18.25 PGA Tour 2009 - Stanford St. Jude Championship** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
**19.20 NBA-tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.
**19.45 NBA 2008/2009 - Finals Games** Útsending frá leik í úrslitarimmunni í NBA.
**21.30 US Open 2008** Útsending frá lokadegi US Open í golfi.
**00.05 Ultimate Fighter - Season 9** Magnaðir bardagar í þessari frábæru seríu. Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.
**00.50 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims etja kappi í Texas Holdem.

## SPORT 2 *enski boltinn*

▶**13.45 Spánn - Írak** Bein útsending frá leik í Álfukeppninni.
**15.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**16.20 Brasilía - Egyptaland** Útsending frá leik í Álfukeppninni.
**18.15 Suður Afríka - Nýja Sjáland** Bein útsending frá leik í Álfukeppninni.
**20.20 Spánn - Írak** Útsending frá leik í Álfukeppninni.
**22.00 Suður Afríka - Nýja Sjáland** Útsending frá leik í Álfukeppninni.
**23.40 Champions of the World: Argentina** Í þessum þætti verður fjallað um knattspyrnuna í Argentínu út frá ýmsum sjónarhornum. Við fræðumst um sögu íþróttarinnar í landinu og áhrif hennar á íbúa landsins. Argentínumenn hafa tvívegis orðið heimsmeistarar í knattspyrnu og eru mikil knattspyrnuþjóð.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.55 Rachael Ray**
**17.40 The Game** (12:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í amerísku fótboltanum.
**18.05 What I Like About You** (6:24) Bandarísk gamansería um tvær ólíkar systur í New York. (e)
**18.30 Stylista** (3:9) Bandarísk raunveruleikasería frá sömu framleiðendum og gera America's Next Top Model og Project Runway.(e)
**19.20 Victoria's Secret Fashion Show 2008** (e)
▶**20.10 The Truth About Binge Drinking** (1:1) Breskur þáttur sem vakti mikla athygli þegar hann var sýndur á ITV-sjónvarpsstöðinni í Bretlandi. Hér fórnar breska poppstjarnan Michelle Heaton sér í áhugavert rannsóknarverkefni er hún kannar hvaða áhrif óhófleg áfengisdrykkja hefur á líkama og sál. (e)
**21.00 Sliding Doors** Kvikmynd með Gwyneth Paltrow og John Hannah í aðalhlutverkum. Ung kona missir vinnuna og ræður tilviljun því að hún missir af lestinni heim til sín þar sem kærastinn er að halda fram hjá henni. Áhorfendur fá einnig að sjá hvað gerist ef hún nær lestinni og kemur að kærastanum í rúminu með viðhaldinu.
**22.40 Penn & Teller. Bullshit** (7:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans. Takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.
**23.10 Leverage** (9:13) (e)
**00.00 Flashpoint** (6:13) (e)
**00.50 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Neytendavaktin** Þáttur um málefni neytenda í umsjón Ragnhildar Guðjónsdóttur.
**20.30 Óli á Hrauni** Þáttur um stjórnmál í umsjón Ólafs Hannessonar.
**21.00 Mér finnst** þáttur í umsjón Katrínar Bessadóttur, Haddar Vilhjálmsdóttur og Vigdísar Másdóttur.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


FYRIR

EFTIR




Gott í MATINN
– FYRIR ALLA SEM ELDA –

GÓÐKUNNINGI Í **NÝJUM** UMBÚÐUM

Sýrður rjómi ætti alltaf að vera til í ísskápnum því hann hentar vel í alla matargerð, hvort sem það er í sósur, bakstur, salöt, heita rétti, ídýfur eða súpur. Sýrður rjómi kemur skemmtilega á óvart með eftirréttinum.

Þetta er nákvæmlega sami sýrði rjóminn, nákvæmlega!

ms.is/gottimatinn

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA –09-0788

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.45**

### Dís



Íslensk kvikmynd frá 2004 sem byggð er á metsölubókinni Dís. Hér segir á gamansaman hátt frá ástum og örlögum Dísar, rótlausrar stúlku á þrítugsaldri, sem býr í miðborg Reykjavíkur og er að fríka út á valkostunum. Henni reynist erfitt að fóta sig og getur ekki gert upp við sig hvort hún eigi að lifa áhyggjulausu lífi, vera laus og liðug, djamma og njóta sín í skóla lífsins eða taka lífið fastari tökum, feta menntaveginn og festa ráð sitt eins og gömlu vinkonurnar. Með aðalhlutverk fara Álfrún Örnólfsdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir, Þórunn Clausen og Árni Tryggvason.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Ísland - Makedónía, beint**

**Sjónvarpið kl. 16.30**

Sjónvarpið sýnir beint frá handboltaleik karlaliða Íslands og Makedóníu í undankeppni Evrópumótsins 2010. Það er mikið undir hjá strákunum okkar sem þurfa að fá stig úr leiknum til þess að gulltryggja sæti sitt á EM sem fram fer í Austurríki í janúar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Í tilefni dagsins
**09.03** Auðvitað hafa allir skoðun á sinni framtíð
**10.03** Veðurfregnir
**10.15** Lúðraþytur
**10.25** Frá þjóðhátíð í Reykjavík
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Litli prinsinn
**13.50** Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins
**14.20** Safnahús - Þjóðmenningarhús
**15.20** Ora eftir Áskel Másson
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Veðurfregnir
**16.07** Borgarættin í Bæjarbíói
**17.05** Þjóðleikur
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Nýr samfélagssáttmáli
**19.00** Saga Savanna tríósins
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Smásaga: Ósigur ítalska loftflotans í Reykjavík 1933
**21.10** Jarðarför Jóns Sigurðssonar - tónlistarviðburður árið 1880
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Brennið þið vitar
**23.10** Í þjóðhátíðarlok
**00.05** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (212:260)
**17.15 Hollyoaks** (213:260)
▶**17.40 X-Files** (16:24) Fox Mulder trúir en Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
**18.25 Seinfeld** (1:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.
**18.45 Hollyoaks** (212:260)
**19.15 Hollyoaks** (213:260)
**19.40 Seinfeld** (1:24)
**20.15 Grey's Anatomy** (13:24) Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Líf læknanna ungu tekur stakkaskiptum þegar einn úr hópnum veikist alvarlega og mörkin milli lækna og sjúklinga verða óljós.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**22.00 Bones** (15:26) Dr. Temperance „Bones" Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan og rannsóknarlögreglumaðurinn Booth vinna vel saman en spennan milli þeirra hefur verið að magnast allt frá upphaf þáttanna.
**22.45 Little Britain 1** (8:8)
**23.15 Gavin and Stacey** (5:6)
**23.45 Sjáðu**
**00.15 X-Files** (16:24)
**01.00 Grey's Anatomy** (13:24)
**01.45 Fréttir Stöðvar 2**
**02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.10** The Inspector Lynley Mysteries **11.55** After You've Gone **12.25** The Weakest Link **13.10** EastEnders **13.40** My Hero **14.10** My Hero **14.40** After You've Gone **15.10** The Inspector Lynley Mysteries **16.00** The Inspector Lynley Mysteries **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Hero **18.30** After You've Gone **19.00** Extras **19.30** The Catherine Tate Show **20.00** Dalziel and Pascoe **20.50** My Hero **21.20** After You've Gone **21.50** The Inspector Lynley Mysteries **22.40** The Inspector Lynley Mysteries **23.25** Extras **23.55** The Catherine Tate Show

## DR 1

**11.00** Mig og min alder **11.30** Ønskehaven **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Chapper & Pharfar **14.15** S, P eller K **14.30** Ninja Turtles. Tidsrejsen! **14.50** Krampe-tvillingerne **15.15** Isa's Stepz **15.30** Til dans, til vands og i luften **15.50** Sallies historier **16.00** Dig og mig **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** Læger for livet **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Taggart **21.40** OBS **21.45** Onsdags Lotto **21.50** Boogie Mix

## NRK 1

**11.00** NRL Nyheter **11.05** Tracey Ullmans USA **11.30** Klostrene kaller **12.00** NRL Nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Camilla Plum i hagen **13.00** NRL Nyheter **13.05** Jessica Fletcher **13.55** 4-4-2 **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Olivia **16.10** Didrik og Dorte **16.20** Postmann Pat - Spesialpakkeservice **16.35** Mamma Mirabelle viser dyregåter **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Krigen i nord **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** Sporløst forsvunnet **20.30** Program ikke fastsatt **21.00** Kveldsnytt **21.15** Vår aktive hjerne **21.45** Lov og orden. New York **22.25** Pizza i Auschwitz **23.15** Kulturnytt **23.25** Du skal høre mye jukeboks

## SVT 1

**11.05** Hedebyborna **12.05** Rom - öppen stad **13.45** Confederations Cup **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Namnam med Noman **16.45** 100 procent bonde **17.15** Jan och räven **17.30** Rapport med A-ekonomi **17.50** Regionala nyheter **18.00** Uppdrag granskning - sommarspecial **19.00** Confederations Cup **20.30** Entourage **21.00** Simma lugnt, Larry! **21.30** Draknästet **22.30** Vem tror du att du är? **23.30** Sändningar från SVT24




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það eru Bæjarins bestu. Ég fæ mér eina með öllu, tvær umferðir af sinnepi, og mér finnst þær betri í Tryggvagötu því það er annað bragð af pylsunum ef maður borðar þær úti. Þetta er eðalbiti á krepputímum því þetta er ódýrasti skyndibitinn í dag.“*

Gunnlaugur Helgason, fjölmiðlamaður og smiður.

# Hjalti Úrsus og félagar í kraftagír

„Þetta byrjaði allt árið 1985. Þegar Jón Páll [Sigmarsson] dansaði með helluna og heillaði þjóðina,“ segir Hjalti Úrsus, kraftlyftingamaður með meiru.

Mótið Sterkasti maður Íslands hófst í gær í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Það hefur verið haldið árlega allar götur frá árinu 1985 eins og Hjalti segir frá. En þá var einmitt þetta eftirminnilega atriði sem Úrsus nefnir með Jóni Páli, goðsögn goðsagnanna í heimi kraftlyftinganna. „Þetta er móment sem allir kannast við sem þá voru lifandi. Við höfum ekki misst dampinn síðan þá. Keppnin hefur lifað allt af,“ segir Hjalti. Og þylur upp nöfn þeirra sem tókust á í hleðslu og drætti og Húsafellshelluburði í gær. „Palli fermeter, Boris, Stefán Sölvi… já, og Heiðar Geirmundsson, Sturla Ólafsson úr Keflavík og Grétar Sigurþórsson.“ Í dag heldur þetta elsta aflraunamót Íslendinga áfram, á þjóðhátíðardaginn sjálfan, í Vonarstræti fyrir framan Ráðhúsið. Kraftajötnarnir verða þar klukkan tvö og eigast við í trukkadrætti. Keppninni lýkur þá við Hlégarð í Mosfellsbæ klukkan fjögur með drumbalyftu, hnébeygju og svo verður rifið í Atlas-steina. **- jbg**



**KRAFTAKARLAR ETJA KAPPI** Þeir eru vígalegir keppendurnir sex í Sterkasti maður Íslands í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT**
**2.** knúsast, **6.** tveir eins, **8.** magi, **9.** næra, **11.** berist til, **12.** reiknivél, **14.** spaug, **16.** skóli, **17.** stormur, **18.** í viðbót, **20.** ung, **21.** litlaus.

**LÓÐRÉTT**
**1.** steintegund, **3.** eftir hádegi, **4.** land í Suðvestur-Asíu, **5.** sigað, **7.** skarpskyggn, **10.** mjög, **13.** útgerðarstaður, **15.** greinilegur, **16.** starfsgrein, **19.** bókstafur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** kela, **6.** gg, **8.** hít, **9.** ala, **11.** bt, **12.** tölva, **14.** glens, **16.** fg, **17.** rok, **18.** auk, **20.** ný, **21.** grár.
**LÓÐRÉTT: 1.** agat, **3.** eh, **4.** líbanon, **5.** att, **7.** glöggur, **10.** all, **13.** ver, **15.** skýr, **16.** fag, **19.** ká.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Guðni Th. Jóhannesson.
2. FM 957.
3. Í svörtum fötum og SSSól.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

RAVIKUMAR: ÓVÆNTUR GESTUR FRÁ KOLLYWOOD

# Tamílar taka rómantísk ástaratriði upp á Íslandi

„Já, ég kannast alveg við þennan leikstjóra og þetta kemur mér ekkert á óvart, að Indverjar skuli sækja hingað, þeir eru nefnilega svolítið sérlundaðir og ana stundum af stað út í óvissuna,“ segir Ásta Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Eskimo. En svo virðist, ef marka má indverska vefmiðla, að nokkur atriði í tamílsku kvikmyndinni Aadhavan verði tekin upp á Íslandi.

Fréttablaðið hafði samband við nokkur íslensk framleiðslufyrirtæki til að athuga hvort Tamílarnir væru á þeirra vegum. Flest fyrirtækin höfðu fengið ansi margar fyrirspurnir frá indverskum kvikmyndagerðarmönnum en fæst treyst sér til að þjónusta þá. Indverski sendiherrann á Ísland ku hins vegar vera með áhugasamur um að fá hingað til lands indverska kvikmyndagerðarmenn samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Einar Tómasson hjá Film in Iceland hafði heyrt af áhuga frá indverskum kvikmyndagerðarmönnum og kannaðist við myndina en kunni engin deili frekar á því hverjir væru að sinna þeim.

Umræddur leikstjóri þessarar tamílsku stórmyndar er Ravikumar og hann er víst nokkuð frægur á sínum heimaslóðum. Tamílskar stórstjörnur eru í því minnsta í hverju hlutverki; þau Suriya og Nayanthara leiða hópinn.

Til að útskýra þetta aðeins frekar er leikstjórinn Ravikumar frá Chennai. Hún er yfirleitt nefnd Kollywood eftir Kodambakkamhverfinu þar sem flest kvikmyndaverin eru. Vel yfir hundrað kvikmyndir eru framleiddar á ári hverju í borginni og hún komst á heimskort kvikmyndagerðarans þegar tónskáldið A. R. Rahman hlaut tvenn Óskarsverðlaun fyrir tónlistina við kvikmyndina Slumdog Millionaire en hann er búsettur þar.

Fram kemur á vefjum oneindia.in og The Hindu Times að Ravikumar ætli sér að taka upp að minnsta kosti eitt lag. Þá stendur einnig til að nýta hina hrikalegu náttúrufegurð sem sögð er leynast hér á Íslandi í rómantískar senur og hasarsenur. Jafnframt er greint frá því að tökuliðið hafi lagt af stað frá Kollywood í gær og sé væntanlegt til landsins á næstu dögum. Og að þetta sé í fyrsta skipti sem Tamíli taki upp atriði í kvikmynd á Íslandi.

freyrgigja@frettabladid.is







STÓRSTJÖRNUR FRÁ INDLANDI **Suriya** og **Nayanthara** leiða leikhópinn í kvikmyndinni Aadhavan sem er leikstýrt af Ravikumar, einum fremsta leikstjóra Tamíla á Indlandi. **Ásta Kristjánsdóttir** hjá Eskimo models segir þetta koma sér á óvart. Og þó, Indverjar séu svolítið sérlundaðir og hiki ekki við að fljúga út í óvissuna.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það vakti athygli fyrir skemmstu þegar Rúnar Guðbrandsson, einn valnefndarmanna Grímunnar, ákvað að draga sig þar út og var atkvæðum hans eytt. Kannski eins gott því sýning hans, Steinar í djúpinu, var sigursæl á hátíðinni. Einn sigurvegari Grímunnar sat í valnefnd en sá er **Sigtryggur Magnason,** aðstoðarmaður menntamálaráðherra. Leikrit eftir hann hreppti verðlaun sem besta útvarpsleikritið þetta árið. Til þess ber þó að líta að valnefndarmönnum er skipt upp í nefndir sem hver fjallar um tiltekin svið og ósennilegt að Sigtryggur hafi fjallað um útvarpsleikrit í sínum valnefndarstörfum.



Hallgrímur Helgason skráði þá skoðun sína á Facebook-síðu sína að varast beri að vera of opinskár þar því þá geti eitt og annað ratað á prent sem hann vill síður sjá þar. Þetta var í kjölfar fréttar DV um að Hallgrímur vildi Egil Helgason úr Kiljunni. **Heiðar „snyrtir“ Jónsson** er staddur á Spáni og hann hefur síður en svo nokkuð á móti því að það berist um víðan völl það sem hann skráir þar. Hann var rændur á Spáni. Sími, gleraugu, ökuskírteini, kort og smápeningar hurfu með tösku hans. En verst þykir Heiðari að hafa tapað filófaxi sínum með öllum heimilisföngum og símanúmerum. Hann biður vini sína að senda sér þessar upplýsingar og upplýsir að hann ætli sko ekki að láta þetta skemma frí sitt en Heiðar er væntanlegur á föstudag eldhress. **- fgg**



Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

# Gerir heimildarmynd um íslam

Leikkonan og guðfræðineminn Ilmur Kristjánsdóttir er að undirbúa heimildarmynd um íslam sem nefnist Íslam á Íslandi. Hún og Tinna Lind Gunnarsdóttir, sem er með henni í guðfræði við Háskóla Íslands, hafa fengið handritsstyrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands til að ljúka við handrit myndarinnar. Áætlað er að tökur hefjist í haust.

„Henni er ætlað að varpa ljósi á íslam á Íslandi. Við viljum útrýma fordómum gegn íslam með einföldum hætti með því að fræða fólk um trúarbrögðin,“ segir Ilmur um myndina.

Hugmyndina fengu þær stöllur eftir að hafa setið áfangann Íslam í fortíð, nútíð og framtíð sem Magnús Bernharð Þorkelsson kennir. Fengu þær leyfi til að skila handriti að heimildarmynd sem lokaverkefni áfangans í stað ritgerðar. Í framhaldinu ætla þær að sækja um framleiðslustyrk til að geta tekið myndina upp.

Ilmur vill uppfræða almenning betur um íslam og ýmislegt sem þeirri trú tengist og er myndinni ætlað að svara fjölda spurninga. „Eins og með slæðuna, þá er hún tiltölulega nýtt fyrirbæri sem tengist tísku frekar en nokkru öðru. Í Íran er það í lögum að ganga með slæðu en hvergi annars staðar.“

Þrátt fyrir að vera önnum kafin í leiklistinni segist hún vel geta hugsað sér að fara út í heimildarmyndagerð í framtíðinni. „Það verður að koma í ljós. Ef það er eitthvert viðfangsefni sem kveikir í mér þá getur það vel verið.“ **- fb**



**ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR** Leikkonan og háskólaneminn er að undirbúa heimildarmynd um íslam.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# 17. júní í Kópavogi



## Dagskrá:

**10.00–12.00** Pallbílar frá Kópavogsbæ aka um með *brassband Skólahljómsveitar Kópavogs* og vekja íbúa bæjarins á þessum hátíðardegi.

**10.00–11.00** 17. júní hlaup *fyrir 6–11 ára börn* á Kópavogsvelli. Allir fá verðlaunapening. Skrúðganga frá Kópavogsvelli að Digraneskirkju að loknu hlaupi.

**11.00–12.00** Fjölskyldusamvera í Digraneskirkju.
Prestar: *séra Gunnar Sigurjónsson og séra Íris Kristjánsdóttir*.
Verðlaunaafhending fyrir 17. júní hlaup. *Skólakór Kársness* syngur undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur. Stoppleikhópurinn sýnir atriði úr leikritinu *Kamilla og þjófurinn*. Félagar í *brassbandi Skólahljómsveitar Kópavogs* líta við í lokin.

**13.30** Skrúðganga frá Menntaskólanum í Kópavogi að Rútstúni. Skátafélagið Kópar og Skólahljómsveit Kópavogs. Nýstúdent og fjallkona leiða gönguna.

**14.00–18.00** Hátíðar- og skemmtidagskrá á Rútstúni.
Kynnir: *Guðjón Davíð Karlsson*, einnig þekktur sem *Gói*.

**Hátíðardagskrá:**
*Skólahljómsveit Kópavogs* spilar undir stjórn Össurar Geirssonar.
Bæjarstjóri *Gunnar Ingi Birgisson* flytur ávarp.
Fjallkonan *Anna Monika Arnórsdóttir* flytur ljóð.
Nýstúdent *Bjarni Þór Sigurbjörnsson* flytur ræðu.

## Skemmtidagskrá:

**Á Sviðinu:**
Atriði úr söngleiknum *Söngvaseið*.
*Kristján Kristjánsson, KK*.
Ræningjarnir úr *Kardimommubænum*.
Atriði úr nýlegri uppfærslu á *Grease*.
*Jóhanna Guðrún*.
*Hundafimisýning* frá íþróttadeild HRFÍ.

**Á Rútstúni:**
*Leikhópar* Skapandi sumarstarfa og Götuleikhúss Kópavogs flytja barnaleikrit. *Leiktæki* frá Sprell, *krítakassar, andlitsmálun* og *sápukúluveröld*.
*Bjarni töframaður* kemur í heimsókn.
Íþróttafélögin verða með *söluskála* á Rútstúni og *vöfflusölu* í Sundlaug Kópavogs. *Sjúkragæsla* á vegum Hjálparsveitar skáta í Kópavogi.

**15.00–18.00** *Lifandi kaffihús* í Molanum – menningarhúsi ungs fólks. Kaffisala og ýmsar uppákomur, meðal annars á vegum Skapandi sumarstarfa í Kópavogi, auk kynningar á Tónlistarhátíð ungs fólks.

**15.00–17.00** *Hátíðarkaffi* í félagsmiðstöðinni Gjábakka.
*Kristján Kristjánsson, KK*.
*Tónlistarhópar* frá Skapandi sumarstörfum.

**Á Vallargerðisvelli:**
*HSSK* verður með þrautabraut, hávaðasegg, svifbraut og búnaðarsýningu.
**16.00–16.30** Vináttuleikir í knattspyrnu, 6. flokkur kvenna *Breiðabliks og HK* etja kappi.

**Útitónleikar á Rútstúni**
20.00 Hljómsveitir skipaðar ungum Kópavogsbúum
20.30 Bróðir Svartúlfs
21.00 Ingó veðurguð
21.30 Blúsband Kópavogs ásamt Agli Ólafssyni, Andreu Gylfadóttur og Páli Rósinkranz.

PIPAR • SÍA • 90988

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**






**BAKÞANKAR**
Kolbeins Óttarssonar Proppé

# *Sjálfhverfan*

Fyrrverandi kennari minn í sagnfræði spurði eitt sinn að því hvað við nemendurnir myndum gera ef við fyndum óræka sönnun þess að Jón Sigurðsson hefði fæðst 16. júní. Uppfull sannleiksást, sem ekki enn var búið að berja úr okkur með fallvaltleika fræðanna, sögðumst við þegar í stað gera þetta opinbert. Gott ef einhverjir voru ekki farnir að baða sig í ljóma frægðarsólarinnar og einn og einn mátaði ímyndaðan hatt og lét smella í svipu eins og aðrir frægir grúskarar fornra fræða. Spurningunni hvað ætti þá að gera við þjóðhátíðardaginn var hins vegar erfiðara að svara.

**LÍKLEGA** hefði ekki verið mikið mál að hliðra þjóðhátíðardeginum til, eða jafnvel halda bara upp á lýðveldisstofnun en ekki afmæli löngu látins manns. Þessi spurning fékk okkur hins vegar til að íhuga þá staðreynd að ansi fátt er staðreynd þegar kemur að sögunni. Jú, vissulega getur fundist skjalfest heimild fyrir því að Jón hafi fæðst ákveðinn dag; hvað gerir þann dag að þjóðhátíðardegi er hins vegar erfiðara að festa fingur á.

**ÞVÍ** er þetta allt rifjað upp að það er öllum hollt að hafa það í huga að það er hlutverk atburða í skynjun fólks sem gerir þá merkilega. Og einmitt þess vegna höfum við haldið þjóðhátíðardaginn hátíðlegan til að halda á lofti því sem gerir okkur að þjóð. Eða öllu heldur því sem okkur finnst að eigi að gera okkur að þjóð. Furðu fátt hefur breyst í orðræðu þjóðhátíðanna frá seinni hluta 19. aldar. Á eftir munu landsmenn geta gengið að því vísu að talað verður um land, þjóð og tungu, menninguna og söguna. Þetta hafi mótað þjóðarþelið.

**ÞESS** vegna hefur mörgum nýjum íbúum þessa skers reynst erfitt að samsama sig þjóðhátíðarræðum. Þar er haldið á lofti veruleika sem á lítið skylt við nútímann. Í sjálfhverfu hafa ræðumenn rifjað upp glæsta fortíð til að undirstrika glæsta nútíð og enn glæstari framtíð.

**VONANDI** verður rof á þessari hefð í ár. Því hvað sem um innbyggjara þessa lands má segja þá hefur skortur á sjálfhverfu ekki plagað þá undanfarin ár. Og sú sjálfhverfa hefur fylgt okkur í ímynduðum sigrum okkar víða um lönd, leikið um tungu ráðamanna og viðskiptajöfra og fyllt samræður almennings. Við vorum öll æði.

**KANNSKI** auðmýktin banki upp á í hátíðarræðum dagsins. Hún verður þá boðin velkomin.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 17. júní, 168. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 2.56 | 13.28 | 0.02 |
| Akureyri | 1.45 | 13.15 | 0.47 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

